

„Fullt tilefni til að skoða þetta betur“

Mikil aðsókn í að starfa í landbúnaði

Kalkúnn – heitið byggir á misskilningi

Bændablaðið

22. tölublað 2016 • Fimmtudagur 17. nóvember • Blað nr. 479 • 22. árg. • Upplag 32.000



Eftir ótrúlega hlýtt og gott vor, sumar og nær frostlaust haust þá er veturinn farinn að gera vart við sig, einkum á norðanverðu landinu. Smáfuglarnir búa vel að þeirri góðu tíð sem verið hefur, eins og þessi litli skógarþröstur sem naut þess að tína síðustu reyniberin af runna á dögnum. Hann gæti þó þurft að treysta á velvilja mannfólksins þegar líður á veturinn. Mynd / HKr.

Ótrúlegur árangur kúabænda á Brúsastöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu:

Hver meðalkýr á Brúsastöðum mjólkar 8,8 tonnnum á ári

— Nokkrar kýr með yfir 12 þúsund kíló og stefnt er í þriðja sinn á efsta sætið - Fjöldi búa sækir þar fast á eftir með afbragðs árangur

Það stefnir í hörkukeppni milli kúabænda landsins varðandi röðun í tíu efstu sætin yfir afurðahæstu búin að meðaltali á kú 2016. Virðist samt nokkuð líklegt að Brúsastaðir í Vatnsdal hreppi þar fyrsta sætið og þá ekki í fyrsta sinn.

Þegar skoðaðar eru tölur frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í lok október tróna Brúsastaðir efst með 8.814 kg eftir hverja mjólkurkú að meðaltali síðustu 12 mánuði þar á undan. Þýðir þetta að margar kýr eru með meiri nyt og nokkrar með um og yfir 12.000 kg. Er greinilegt að bændurnir Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson sem reka búið Brúsa ehf. kunna vel til verka, því þau voru líka með afurðahæsta búið að meðaltali á hverja kú á árinu 2014 og 2013. Þá var búið í tíunda sæti árið 2012.

Á Brúsastöðum eru nú 51,1 árskýr og hefur fjöldinn verið svipaður undanfarin ár, en þó einhver smá fjölgun. Þar er Lely-mjaltþjónn sem Sigurður og Gróa keyptu notaðan fyrir nokkrum árum en á bænum var áður mjaltabás. Segir Sigurður að mjaltþjónninn standi sig vel og batni bara með árunum.

Fjöldi búa með afburða árangur

Ótrúlega lítill munur er á næstu níu afurðahæstu búum landsins að meðaltali á kú.

Í öðru sæti í lok október voru Gautsstaðir á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Þar býr Pétur Friðriksson. Meðalnýtin af 97,9 árskúm á tólf mánaða tímabili er 8.182 kg.

Í þriðja sæti eru Moldhaugar í Eyjafirði, en þar búa Þróstur Þorsteinsson og Sara Saard Wijannarong með 61,6 árskýr. Þar var meðalnýtin á kú 8.138 kg.

Í fjórða sæti er Hraunháls í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Þar búa Jóhannes Eyberg Ragnarsson og Guðlaug Sigurðardóttir með 27,8 árskýr. Meðalnýtin hjá þeim var 8.128 kg á tólf mánuðum.

Í fimmta sæti er Garðakot í Skagafirði. Þar búa Pálmi Ragnarsson bóndi og Ása Sigurrós Jakobsdóttir með 65,7 árskýr. Meðalnýtin var 8.115 kg.

Í sjötta sæti var Núpur milli Berufjarðar og Breiðdalsvíkur. Þar búa Björgvin Rúnar Gunnarsson og Valborg Friðriksdóttir með 80,6 árskýr. Meðalnýtin hjá þeim var 8.105 kg. Landsmenn kynntust



Hjónin og bændurnir Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson á Brúsastöðum í Vatnsdal. Mynd / HKr.

Björgvini í sjónvarpinu á dögnum. Þurfti hann þá að moka aurskriðu sem fallið hafði úr fjallinu skammt frá bænum. Aðstoðaði hann þar sjúkraflutningamenn við að bjarga öikumanni flutningabíls sem lent hafði í skriðunni.

Í sjöunda sæti var Lyngbrekka 2 á Fellsströnd (Flekkudal) við Hvammsfjörð. Þar búa Ármann Rúnar Sigurðsson og Sigrún Hanna

Sigurðardóttir með 23,4 árskýr (í raun eru á búinu í dag 65 árskýr). Meðalnýt hjá þeim var 8.087 kg.

Í áttunda sæti var félagsbúið Stóru-Tjarnir vestan við Ljósavatn í Ljósavatnsskarði í Suður-Þíngeyjarsýslu. Þar búa Ástvaldur Þorvaldsson og Laufey Skúladóttir með 51,1 árskú. Meðalnýtin síðustu tólf mánuði var 8.056 kg.

Í níunda sæti var Félagsbúið

Espihóli í Eyjafirði. Þar búa Jóhannes Ævar og Kristinn Jónssynir ásamt fjölskyldum og er búið með 62,3 árskýr. Meðalnýtin var 7.939 kg.

Í tíunda sæti var Reykjahlíð á Skeiðum á Suðurlandi þar sem Búkostir ehf. er skráð fyrir rekstri. Þar búa Sveinn Ingvarsson og Katrín Helga Andrésdóttir. Árskýr eru 70,7 og meðalnýtin á síðasta tólf mánaða tímabili var 7.909 kg.

Fjöldi búa kemur svo þar fast á eftir með ársnyt sem hver bóndi má þykja fullsæmdur af og hefði oft dugað í allra efstu sætin.

Aukning upp á nær tonn á hverja kú á tveim árum

Er árangurinn á Brúsastöðum í Vatnsdal nú sérlega eftirtektarverður, því kýrnar á bænum eru að skila nær þúsund kílóum (einu tonn) meira að meðaltali en 2014. Ljóst má vera að til að ná slíkum árangri verður ansi marga að ganga upp, bæði í ræktun gripa, heyskap, fôðrun og umhirðu. Þá mjólka kýrnar í raunveruleikanum heldur ekki eftir neinum meðaltölum enda einhverjar að fara yfir 12.000 kg nyt á ári. /HKr.

— Framhald á bls. 2

Fréttir

Aukabúnaðarþing:
Boðað 24.
nóvember

Stjórn Bændasamtakanna hefur boðað til aukabúnaðarþings í Reykjavík fimmtudaginn 24. nóvember nk.

Tílefnið er breytingar sem gera þarf á samþykktum Bí vegna innheimtu félagsgjalda nú þegar búnaðargjaldið fellur út um áramót. Á fundi með formönnum og framkvæmdastjórum búgreinafélaga og búnaðarsambanda í síðustu viku var ákveðið að fara þessa leið.

Þingið mun hefjast kl. 11 og standa fram eftir degi en lýkur samdægurs. Í fyrsta sinn verður þingfulltrúum boðið upp á að taka þátt í þingstörfum í gegnum fjarfundarbúnað frá Akureyri.

Spáð 4,8 %
hagvexti

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur árið 2016 nemi 4,8%, einkaneysla aukist um 7,1%, fjárfesting um 21,7% og samneysla um 1,8%. Spáð er að hagvöxtur verði 4,4% árið 2017.

Þá aukist einkaneysla um 5,7%, fjárfesting um 7,4% og samneysla um 0,9%. Neysla og fjárfesting standa að baki hagvexti árunna 2016 og 2017 og hafa verið í örum vexti frá 2014. Eftir 2017 er reiknað með að hagvöxtur verði á bilinu 2,6–3%.

Sjúklingar fá
sænskt smjör

Bændablaðið fékk senda mynd í vikunni sem sýnir matarbakka sjúklings á Landspítalanum.

Það sem vakti athygli sjúklingsins er, eins og sést á myndinni, að smjórið sem fylgir rúgbrauðinu á þessu íslenska ríkissjúkrahúsi er innflutt frá Svíþjóð.

Vika helguð hættu
á sýklalyfjaónæmi

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun, WHO, helgar dagana frá 14. til 20. nóvember aukinni vitund heilbrigðisstarfsmanna um sýklalyfjaónæmi.

Stofnunin vill með átakingu efla vitund fólks sem starfa við heilbrigðismál á þeim hættum sem stafa af rangri notkun á sýklalyfjum. Í yfirlýsingu frá stofnuninni segir að heilbrigðisstarfsmenn gegni lykilhlutverki í að uppfræða fólk um hættuna sem af lyfjunum getur stafað.

Föstudaginn 18. nóvember mun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Evrópunefnd um dag vitundar um sýklalyfjaónæmi standa fyrir ýmsum uppákomum víða um heim til að vekja athygli á þeirri hættu sem getur stafað af ofnotkun á sýklalyfjum og útbreiðslu á sýklalyfjaónæmum bakteríum. /VH

Lykillinn að góðri
nyt eru góð hey

Eins og fram kemur á forsíðu stefnir í hörkukeppni milli kúabænda landsins varðandi röðun í tíu efstu sætin yfir afurðahæstu búin að meðaltali á kú 2016. Brúsastaðir í Vatnsdal tróna þar efst með 8.814 kg eftir hverja mjólkurkú að meðaltali síðustu 12 mánuði þar á undan.

Þýðir þetta að margar kýr á bænum eru með meiri nyt og nokkrar með um og yfir 12.000 kg.

Það eru hjónin Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson sem reka búið Brúsa ehf. Þau kunna greinilega vel til verka, því þau voru líka með afurðahæsta búið að meðaltali á hverja kú á árinu 2014 og 2013. Þá var búið í tíunda sæti árið 2012.

Á Brúsastöðum eru nú 51,1 árskýr og hefur fjöldinn verið svipaður undanfarin ár. Þar er mjaltapjónn sem Sigurður segir að standi sig vel.

Aukning upp á nær tonn á
hverja kú á tveim árum

Er árangurinn á Brúsastöðum í Vatnsdal nú sérlega eftirtektarverður, því kýrnar á bænum eru að skila nær þúsund kílóum (einu tonni) meira að meðaltali en 2014. Ljóst má vera að til að ná slíkum árangri verður ansi margt að ganga upp, bæði í ræktun gripa, heyskap, fóðrun og umhirðu. Þá mjólka kýrnar í raunveruleikanum ekki eftir neinum meðaltölum enda einhverjar að fara yfir 12.000 kg nyt á ári.

Lykillinn að góðri nyt eru góð
hey fremur en kjarnfóður

Sigurður Ólafsson bóndi segir að lykillinn að þessum góða árangri séu góð hey.

„Sérstaklega heyin frá því í fyrra, þau eru snöggjum betri en í sumar. Það var kaldara og hægari spretta og þar af leiðandi kjarnbetra hey. Lystileikinn er líka mikið meiri. Það er alltaf slæmt þegar grasið veður upp eins og í hlýviðrinu í sumar. Við byrjuðum samt að slá snemma, eða 10. júní, en heyið var samt ekki eins gott.



Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson á Brúsastöðum.

Okkur fannst það kostur hvað spratt hægt í fyrra enda eigum við nóg af túnnum og verðum ekkert tæp á heyjum þó það spretti aðeins minna. Það er því gott að vera svo birgur af túnnum,“ segir Sigurður.

Hann segir að ekkert hafi verið aukið við kornfóðurgjöf til að ná þessum árangri, heldur frekar dregið úr henni. Í ljósi gæða á heyi sumarið 2015 drógu þau úr kornfóðurgjöfinni og hafa haldið henni eins á yfirstandandi ári.

„Við höfum reynt að keyra þetta eftir mælingum á heyinu og kaupum þá kjarnfóður sem passar við heyið en ekki bara eitthvað af því að það var keypt fyrir hundrað árum. Ef fóðrið passar ekki fyrir heyið skiptum við hiklaust um.“

Þurfa mikið hey á móti
kjarnfóðrinu

„Það mjólkar ekki af kjarnfóðrinu einu saman. Til að kýr geti innbyrt mikið af kjarnfóðri þurfa þær gríðarlegt magn af góðu heyi. Það er mikil soun falin í því að gefa mikið kjarnfóður og vera með léleg hey.

Þá er talað um að kýr haldi illa (kálfum) ef mikið kjarnfóður er gefið. Hér var sæðingamaður í morgun sem var að þinga með þorsteini Ólafssyni dýralækni. Samkvæmt honum eru kýrnar hér að halda mjög vel miðað við það sem þekkest á landsvísu. Það

staðfestir að við erum ekki að gefa mikið kjarnfóður þó það sé alltaf töluvert.“

Gamla góða tuggan
stendur fyrir sínu

„Hjá okkur eru þetta um 260 grömm af kjarnfóðri á hvert framleitt kíló af mjólk. Maður er að sjá mun hærri kjarnfóðurgjöf á búum sem eru jafnvel með 1.800 kílóum minna í árs framleiðslu á kú en við. Gamla góða tuggan er lykillinn að þessu öllu.

Nú svo snýst þetta bara mikið um að sinna þessu vel,“ segir Sigurður. Hann segir svo sem ekkert útséð með að hann verði efstur þegar árið er á enda, enda sé haustburður rétt að byrja hjá þeim núna sem er óvenju seint. Sem stendur eru kýrnar ekki að skila „nema“ um 850 lítrum á dag, en voru að skila um 1.400 til 1.500 lítrum þegar best lét.

„Fyrstu sex mánuði ársins vorum við að skila í kringum 40.000 lítrum á mánuði í samlag og gáfum kálfunum mjólk að auki.“

Blóðugt að horfa á eftir bestu
kúnum í jógurslit vegna
útivistarskyldu

Sigurður segir að hjá þeim hafi verið margar góðar kýr sem mjólka vel. Útivistarskyldan hafi þó verið að gera þeim grikk. Hún taki frá

þeim um 5 kýr á ári vegna þess að júgrin slitna niður á þeim við að ráfa út á tún.

„Fimmta kýrin eftir sumarið er einmitt að fara í sláturhús í þessari viku af þessum sökum. Það er blóðugt að þurfa að horfa á slík afföll, jafnvel á bestu mjólkurkúnum. Það eru aldrei færri en þrjár sem þarf að fella eftir sumarið og upp í fimm eins og núna. Allt eru þetta 12 þúsund kílóa kýr.“

Þetta er athyglisvert og setur óneitanlega spurningu um hvort í útivistarskyldu felist í raun nokkur dýravelferð ef það er svo að leiða til þess að slá verður af miklar mjólkurkýr vegna áverka á júgrum.

„Þetta er nú krafan úr 101 Reykjavík,“ segir Sigurður. Yfirleitt er bent á ESB-regluverk þegar talað er um útivistarkröfuna í sambandi við dýravelferð. Ljóst er þó að á kúabúum í Þýskalandi, sem blaðamaður Bændablaðsins heimsótti, er mjólkurkúum aldrei hleypt lausum út á tún. Segist Sigurður hafa sömu reynslu.

„Síðast þegar ég kom á bú í Þýskalandi þar sem voru 50 kýr voru einungis geldbeljur settar út og kvígur. Að mínu mati er allt í lagi að setja út nautgripi og geldar kýr.

Kílógrömm í fljótandi formi

Fyrir leikmenn getur verið ruglandi þegar ýmist er verið að tala um lítra og kílógrömm í mjólkurframleiðslu. Flestir hafa vanist því að vökví sé mældur í lítrum en það er ákveðin skýring á því af hverju mjólkinn frá kúnum er mæld í kílógrömmum.

Ástæðan er sú að mjólk hefur ekki sömu eðlisþyngd og vatn vegna efnainnihalds og bændum er greitt í samræmi við fitu- og próteininnihald mjólkurinnar sem vigtað er í kg. Þess vegna skapaðist fljótt sú hefð að mæla mjólk eftir þyngd en ekki í lítratali. Einnig er öll fóðurgjöf og breytingar á henni í forritum reiknaðar út frá þeirri kílógrammatölu sem kýrnar eru að skila í mjólk. Á gefa flestir ef ekki allir mjaltapjónar upp mjólkurmagnið eftir vigt þótt þeir geti líka gefið upp lítrafjöldann.

/HKr.

Fimm stærstu búin með 5.369 tonna
mjólkurframleiðslu á 12 mánuðum

Mesta innlegg af mjólk frá einstökum búum á yfirstandandi ári samkvæmt upplýsingum hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) er ekki endilega í takti við mestu meðalnyt. Enda er þar um allra stærstu kúabúin að ræða. Fimm stærstu innleggjendurnir eru:

1. Kúabúið Flatey er með mest innlegg af mjólk. Það er í eigu Selbakka ehf., sem aftur er í eigu útgerðarfélagsins Skinneyjar Þinganes á Hornafirði, er með 189,5 árskýr. Þar er meðalnyt

6,546 kg. Búið er samkvæmt því að skila inn rúmlega 1.240 tonnum af mjólk á einu ári, en nýja fjósið er með framleiðslugetu upp á tvær milljónir lítra.

2. Hrafnagil í Eyjafirði er í öðru sæti það sem af er ári, en þar búa Jón Elvar Hjörleifsson og Berglind Kristinsdóttir með 158,4 árskýr. Meðalnyt hjá þeim var 7.261 á síðustu 12 mánuðum og búið var því að skila rúmlega 1.150 tonnum af mjólk á tólf mánaða tímabili.

3. Þverholtsbúið í Dölum er með langflestar árskýr, eða um 250. Það er í eigu Daða Einarssonar og fjölskyldu. Meðalnytin í sumar var 4.800 kg en skýrslur skortir með nýrri tölum samkvæmt gögnum RML. Áætluð framleiðsla á ári ætti miðað við þetta að vera í kringum 1.200 tonn á tólf mánuðum.

4. Birtingaholt 1 á Skeiðum er fjórði mesti innleggjariinn það sem af er ári. Þar búa Bogi Pétur Eiríksson og Svava

Kristjánsdóttir með 118,7 árskýr. Meðalnyt hjá þeim var 7.269 á síðustu 12 mánuðum og heildarframleiðslan því tæplega 869 tonn.

5. Garður í Eyjafirði er í fimmta sæti það sem af er ári. Búið er rekið undir nafninu Grænigarður ehf. Þar búa bræðurnir Aðalsteinn og Garðar Hallgrímssynir ásamt fjölskyldum með 131,2 árskýr. Meðalnytin hjá þeim var 6.934 og heildarframleiðsla miðað við það á tólf mánuðum því tæplega 910 tonn. /HKr.



**PROVEN
EXCLUSIVITY**
Certified Pre-Owned Mercedes-Benz

Öflugur og ríkulega búinn sportjeppi.

Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin
með viðurkenndum Mercedes-Benz.
Skilmálar og nánari upplýsingar á notadir.is.



Verð 5.890.000.-

GLK 220 CDI 4MATIC

Árgerð 2014, ekinn 28 þús. km,
dísil, 2.143 cc, 170 hð, 21 cm
veghæð, 2.500 kg dráttargeta.
Aukabúnaður: Torfærupakki, króm-
pakki, rafhituð framsæti o.fl.



Verð 5.490.000.-

GLK 220 CDI 4MATIC

Árgerð 2014, ekinn 37 þús. km,
dísil, 2.143 cc, 170 hð, 21 cm
veghæð, 2.500 kg dráttargeta.
Aukabúnaður: Artico leður, dráttar-
beisli, torfærupakki o.fl.



Verð 6.090.000.-

GLK 220 CDI 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 29 þús. km,
dísil, 2.143 cc, 170 hð, 21 cm
veghæð, 2.500 kg dráttargeta.
Aukabúnaður: Torfærupakki, dráttar-
beisli, krómpakki, Artico leður o.fl.



Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10-18, laugardaga 12-16

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirlilar

Fréttir

Ný ríkisstjórn hafi loftslags- málin að leiðarljósi

Baráttuhópurinn París 1,5 skoraði í síðustu viku á þá stjórnmalaflokka sem standa að myndun nýrrar ríkisstjórnar að hafa loftslagsmálin að leiðarljósi í stjórnarsáttmála við myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Baráttuhópurinn París 1,5 berst fyrir því að Ísland geri sitt til að stöðva hlýnun jarðar við 1,5°C. Í áskoruninni segir m.a.:

„Það skiptir miklu máli að frá núverandi kjörtímabili verði unnið að því með öllum tiltækum ráðum að stöðva hlýnun jarðar og þá ógnvænlegu þróun sem blasir við heimsbyggðinni ef ekkert verður að gert. Tími aðgerða er núna – það má ekki fresta þeim þangað til á næsta kjörtímabil.

Eftirfarandi þættir eru mikilvægir í stjórnarsáttmála komandi ríkisstjórnar:

- Skýr stefna um hvernig

á að standa við markmið Parísarsamkomulagsins.

- Tölu- og tímasett markmið um minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, iðnaði og öðrum mengandi þáttum.
- Markmið um notkun skógræktar og endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerðir.
- Stefnumótun varðandi notkun hagrænna hvata til að minnka losun.
- Uppbygging innviða fyrir orkuskipti.

Stefna og markmið verðandi stjórnarflokka þarf að vera skýr frá upphafi, svo hægt sé að taka tillit til hennar í allri annarri ákvarðanatöku eins og t.d. hagsmunaaðila, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. París 1,5 skorar einnig á stjórnvöld að stöðva áform um olíuvinnslu í íslenski lögsögu til framtíðar.“

Kaup launamanna á Íslandi 2015:

Helmingur með yfir 535.000 krónur í laun á mánuði

Árið 2015 voru heildarlaun fullvinnandi launamanna að meðaltali 612 þúsund krónur á mánuði en helmingur launamanna hafði 535 þúsund krónur eða meira.

Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir að munurinn skýrist af dreifingu launa þar sem hæstu laun hækka meðaltalið og kjarasamningar tryggja ákveðin lágmarkskjör en kveða ekki á um hámarkskjör. Fjórðungur launamanna var með 433 þúsund krónur eða minna í heildarlaun og tíundi hver launamaður var með lægri laun en 348 þúsund krónur fyrir fullt starf. Þá voru rúmlega 7% fullvinnandi launamanna á íslenskum vinnumarkaði með yfir milljón á mánuði í heildarlaun.

Dreifing heildarlauna var ólík eftir launþegahópum og var dreifing launa minnst meðal starfsmanna sveitarfélaga. Af launamönnum sem starfa hjá ríkinu voru 23% með heildarlaun yfir 800 þúsund krónur á mánuði, 19% launamanna á almennum vinnumarkaði og 5% launamanna sem starfa hjá sveitarfélögum. Hins vegar voru rúmlega 60% launamanna á almennum vinnumarkaði með heildarlaun undir 600 þúsund krónum, 45% ríkisstarfsmanna og 85% starfsmanna sveitarfélaga.

Heildarlaun fullvinnandi starfsmanna á almennum vinnumarkaði voru að meðaltali 637 þúsund krónur á mánuði árið 2015 en heildarlaun opinberra starfsmanna 583 þúsund krónur. Þar af voru heildarlaun ríkisstarfsmanna 681 þúsund krónur en 490 þúsund krónur hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

Heildarlaun stjórnenda voru rúm milljón

Árið 2015 voru heildarlaun eftir starfsstéttum að meðaltali á bilinu 438 þúsund krónur á mánuði hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki til 1.001 þúsund króna hjá stjórnendum. Heildarlaun skrifstofufólks voru 466 þúsund krónur á mánuði, verkafólks 475 þúsund krónur, tækna og sérmenntaðs starfsfólks 622 þúsund krónur, iðnaðarmanna 635 þúsund krónur og sérfræðinga 658 þúsund krónur á mánuði.

Dreifing launa innan starfsstétta var mismunandi. Þannig var dreifing heildarlauna skrifstofufólks frekar lítil en um 80% skrifstofufólks var með heildarlaun á bilinu 338 þúsund krónur til 607 þúsund króna. Heildarlaun stjórnenda voru á hinn



bóginn mjög dreifð en 80% þeirra voru með laun á bilinu 546 þúsund krónur til 1.644 þúsund króna.

Heildarlaun starfsstétta voru mismunandi eftir því hvaða hluta vinnumarkaðarins er horft til. Þannig voru stjórnendur á almennum vinnumarkaði að meðaltali með heildarlaun 1.156 þúsund krónur á mánuði fyrir fullt starf, stjórnendur hjá ríki með 968 þúsund krónur en 722 þúsund krónur hjá sveitarfélögum. Verkafólk var hins vegar með 477 þúsund króna heildarlaun á almennum vinnumarkaði, 495 þúsund krónur hjá ríki og 424 þúsund krónur hjá sveitarfélögum. Starfsmenn sveitarfélaga voru með lægst heildarlaun óháð starfsstétt.

Heildarlaun lægst í fræðslustarfsemi

Heildarlaun voru hæst í atvinnugreininni fjármála- og váttryggingastarfsemi eða 815 þúsund krónur að meðaltali á mánuði, næst komu heildarlaun í rafmagns-, gas- og hitaveitum 808 þúsund krónur. Lægstu heildarlaunin voru í fræðslustarfsemi, 505 þúsund krónur. Sé horft til dreifingar á heildarlaunum þá var launamunur mestur innan fjármálastarfsemi en minnstur í fræðslustarfsemi.

Heildarlaun geta verið mjög ólík hjá einstökum starfsstéttum sé horft til atvinnugreina. Þannig voru sérfræðingar með heildarlaun á bilinu 540 þúsund krónur til 909 þúsund krónur á mánuði, lægst í fræðslustarfsemi og hæst í fjármálastarfsemi. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu voru heildarlaun sérfræðinga 802 þúsund krónur og 898 þúsund krónur í rafmagns-, gas- og hitaveitum.

Dreifing launa innan starfsstéttar getur einnig verið mikil þó um sé að ræða sömu atvinnugrein. Sem dæmi má nefna þá var spönnin milli neðsta tíundahluta og þess efsta rúmlega 900 þúsund krónur hjá sérfræðingum í heilbrigðis- og félagsþjónustu en rúmlega 300 þúsund í fræðslustarfsemi. /VH



Starfsfólk Búnaðarstofu Matvælastofnunar á fundi um innleiðingu á nýjum búvörusamningum. Talið frá vinstri; Bjarki Pjetursson, Guðrún S. Sigurjónsdóttir, Jón Baldur Lorange framkvæmdastjóri, Ómar Jónsson og Ásdís Kristinsdóttir. Mynd / HKr.

Margt breytist með nýjum búvörusamningum

– Starfsfólk Búnaðarstofu MAST vinnur að innleiðingu samninganna

Álag á starfsfólk Búnaðarstofu Matvælastofnunar er mikið þessa dagana. Stærsti kvótamarkaður mjólkur í sögunni er nýlokið, sem jafnframt var sá síðasti, og síðan er vinna komin á fullt við innleiðingu á nýjum búvörusamningum sem taka gildi frá og með næstu áramótum.

Alþingi tók sinn tíma í að samþykkja lagabreytingar í tengslum við búvörusamningana og rammasamning ríkis og bænda eins og kunnugt er og náðist það ekki fyrr en í september sl. og fyrr var ekki hægt að hefja innleiðingu þeirra hjá Matvælastofnun.

Reglugerðir vegna búvörusamninga

Vinna við smíði á reglugerðum vegna samninganna er langt komin í atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu samkvæmt heimildum Bændablaðsins. Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, er í þrígga manna vinnuhópi sem ráðuneytið skipaði vegna reglugerðarsmíðinnar. Bændablaðið ræddi við hann um innleiðingu á búvörusamningunum en Matvælastofnun er falið veigamikilið stjórnsýsluhlutverk við umsýslu á stuðningsgreiðslum til bænda. Það verður á verksviði Búnaðarstofu MAST. Jón Baldur segir að nánari útfærslur á þeim fjölmörgu ákvæðum sem nýir búvörusamningar fela í sér komi fram í reglugerðum sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er með í smíðum.

Skilyrði sett fyrir stuðningi við landbúnaðinn

Aðspurður um nýjungar í samningunum bendir Jón Baldur á að skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum

í sauðfjár- og nautgriparækt sé þátttaka í afurðaskýrsluhaldi og fullnægjandi skil, að búrekstur sé stundaður á lögbýli og að starfsemi falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Í reglugerð verði nánari skilgreining á afurðaskýrsluhaldi, sem séu í samræmi við núverandi kröfur um afurðaskýrsluhald sem bændur þekkja.

Framleiðendur skulu vera með afurðaskýrsluhald sitt skráð í þau skýrsluhaldskerfi sem eru til staðar í dag, þ.e.a.s. Fjárvísi í sauðfjárrækt, HUPPU í nautgriparækt og Heiðrónu í geitfjárrækt. Þeir bændur sem eru í nautakjötsframleiðslu eingöngu þurfa einnig að standa skil á afurðaskýrsluhaldi í HUPPU, sem rétt er að vekja athygli á sérstaklega. Jafnframt er skilyrði um fullnægjandi skil á hjarðbók og heilsuskráningu, og rétt framkvæmd á merkingum sauðfjár, í samræmi við reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012 með síðari breytingum. Að síðustu er skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum að umráðamenn skili inn haustskýrslu í Bústofni skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald. Þá geti hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, sem standa saman að búrekstri, óskað eftir því við Matvælastofnun að stuðningsgreiðslum sé skipt jafnt á milli þeirra.

Fyrirkomulag stuðningsgreiðslna breytist um áramót

Fyrirkomulag stuðningsgreiðslna, t.d. í sauðfjárrækt, breytist um áramót í samræmi við búvörusamningana. Búnaðarstofa Matvælastofnunar mun gera ársáætlun í febrúar um heildargreiðslur allra framleiðenda, sem eiga rétt á stuðningsgreiðslum og miðast áætlunin við framleiðslu fyrra árs, fjölda vetrarfóðraða kinda á haustskýrslu í Bústofni, skráð

greiðslumark í ærgildum í upphafi ársins og fjárlög ársins. Hjá nýliðum verður eðlilega beitt annarri útfærslu. Síðan mun heildarstuðningsgreiðslu ársins vera skipt jafnt niður innan ársins. Ársuppgjör verður síðan gert í febrúar árið eftir í samræmi við framleiðslu ársins og annarra breytinga á forsendum ársáætlunarinnar. Þegar uppgjör liggur fyrir kemur í ljós hvort stuðningsgreiðslur hafa verið of- eða vanáætlaðar til framleiðenda.

Í ársáætlun fyrir sauðfjár-bændur vegna ársins 2017 eru inni beingreiðslur, gæðastýringar-greiðslur, beingreiðslur í ull og loks víðtækari svæðisbundinn stuðningur en þekktist í fyrri búvörusamningum.

Nýjar stuðningsgreiðslur

Þá koma inn nýjar stuðnings-greiðslur svo sem styrkir vegna nautakjötsframleiðslu, aðlögunarstyrkir vegna lífrænnar framleiðslu, landgreiðslur, nýliðunarstyrkir þvert á búgreinar, stuðningur við geitfjárrækt, gripagreiðslur í sauðfjárrækt (1. janúar 2020), býlisstuðningur (2018), heimild til að bæta tjón vegna ágangs álfta og gæsa og loks fjárfestingarstuðningur. Að síðustu má nefna að umbreytingar eru gerðar á greiðslumarkskerfinu í mjólk og sauðfé sem hefur verið vel kynnt og þar sem m.a. innlausnarkerfi ríkisins tekur við um næstu áramót, þar sem Búnaðarstofa Matvælastofnunar mun annast innlausn.

Jón Baldur leggur áherslu á að hér sé ekki um tæmandi upptalningu að ræða á ákvæðum í nýjum búvörusamningi og hvetur bændur til að rifja upp samningana og síðan að kynna sér drögin að reglugerðunum í umsagnarferlinu þegar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggur þær fram innan skamms tíma. /VH

Hvatning til að flýta fengitíma

Sláturfélag Suðurlands hefur birt sláturáætlun og verðhlutföll fyrir kindakjöt vegna ársins 2017. Upplýsingarnar eru settar fram fyrir en áður hefur tíðkast.

Að sögn forsvarsmanna SS er það gert til þess að bændur geti flýtt fengitíma ef þeir telja sér hagstætt að sláttra fyrr en áður. Með því að flýta slátrun og útvega þannig nýtt dillkakjöt á markaðinn í byrjun september geta bændur vænst allt að 20% herra verðs fyrir sínar afurðir. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að sú breyting verði gerð að samfellt



Úr sláturhúsi SS á Selfossi. Mynd / HKr.

slátrun hefst tveimur dögum fyrr en áður og sláturtími í nóvember verði styttr. Áætlað er að slátrun hefjist 6. september og að engir sláturdagar

verði þar á undan. Slátrun í október er einnig aukin. Breytingar verða á verðhlutföllum sem byggja á reynslu þessa hausts og þau gilda aðeins um innlegg sem eru innan gæðastýringar. Svokölluð þjónustuslátrun verður 29. nóvember en hún er ætluð fyrir það fé sem bændur flokka frá, síðgotunga og eftirheimtur en ekki fyrir almenna slátrun. Greitt verður 85% af lægsta verði haustsins fyrir innlegg í þjónustuslátrun. Verðið sjálft verður ákveðið þegar nær dregur hausti líkt og tíðkast hefur.

Kraftblanda

30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Verð á 500 kg stórsekk
aðeins 57.400 m/vsk



Bústólpi ehf · fóður og áburður · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350 · Fax 460 3351



IFOR WILLIAMS KERRUR TIL AFGREIÐSLU STRAX



Hyrjarhöfði 8. 110 Reykjavík - sími: 577-1090 - netfang: sala@vikurvagnar.is - www.vikurvagnar.is



EUROLIGHT FLATVAGN
PALLUR 2.58 X 1.30M
HEILDARBURÐUR 1400 KG
TILBOÐSVERÐ: 475.000 +VSK

TA5 2-3 HESTA

VERÐ: 998.000 +VSK

TA510 4-5 HESTA

VERÐ: 1.330.000 +VSK



Bændablaðið

— Málgagn bænda og landsbyggðar —

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is — **Sími:** 563 0339 — **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is — **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is — Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is — Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is — **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is — **Sími:** 563 0303 — **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is — **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is — **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Hagur neytenda?

Það er alveg með ólíkindum hvernig hagsmunaaðilar í viðskiptum leyfa sér að beita almennum neytendum fyrir sig í tilraunum við að skara eld að eigin kóku. Þar hafa forsvarsmenn í Samtökum verslunar- og þjónustu því miður verið í fararbroddi og hafa nú algjörlega glatað trúverðugleika sínum samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands.

Undanfarin ár, misseri og mánuði hefur hver fréttatíminn af öðrum í ljósvakamiðlum landsmanna verið undirlagður af áróðri um þá meintu bráðu nauðsyn að afnema hér öll innflutningsgjöld til hagsbóta fyrir neytendur. Allt átti það að snarlækka vöruverð. Samhliða hefur nær alltaf verið ráðist á bændur landsins og afurðastöðvar fyrir að hafa af almenningi stórfé í gegnum „ríkisstyrki“. Einnig fyrir að geta ekki boðið landbúnaðarvörur á samkeppnishæfu verði við „ódyran“ innflutning.

Engu máli hefur skipt í áróðrinum þó bent hafi verið á að innfluttu landbúnaðarvörurnar séu stórlega niðurgreiddar með stuðningskerfum í gegnum fyrirbæri eins og CAP hjá Evrópu-sambandinu. Spurningum er þá heldur í engu svarað um hvort þá sé siðferðilega verjandi að Íslendingar þiggi erlenda ríkisstyrki til að borga ofan í sig matinn. Þá er heldur engu um það skeytt þótt vitað sé að hættuleg ofnotkun sýklalyfja í innflutningslöndunum sé að leiða til eins mesta heilsufarsvanda sem þjóðir heims hafa staðið frammi fyrir frá því sýklalyfin voru fundin upp. Ekkert er heldur gert með eiturefnanotkun við framleiðslu matvælna sem hingað eru flutt. Á sama tíma er vitað og ítrekað staðfest að íslenskir bændur eru að framleiða einhver heilsusamlegustu matvæli sem þekkjast um víða veröld. Bændur eru síðan stöðugt að ganga lengra í þeim efnum. Þannig hafa íslenskir sauðfjárbændur komið því í gegn að búið er að banna þeim sjálfum með reglugerð að nota erfðabreytt fóður fyrir sitt fé, knúnir áfram af metnaði til að skila sem bestri vöru. Þessi metnaður er þó greinilega lítills virði í augum landbúnaðarvöruinnflytjenda og popúlista í pólitíkinni.

Í frétt sem ASÍ birti á vefsíðu sinni kemur fram að verslunin í landinu hefur EKKI verið að skila öllum gjaldaniðurfellingum til neytenda. Meira að segja í sumum tilfellum hefur vöruverðið hækkað. Er það rakið í fjölmörgum atriðum, eins og lesa má á blaðsíðu 10 í þessu blaði.

Gengi krónunnar hefur styrkst um 12% síðan í október 2015 og um 18% ef lítið er tvö ár aftur í tímann. Almennur virðisaukaskattur lækkaður úr 25,5% í 24% og vörugjöld afnumin af margvíslegum vörum. Við upphaf árs 2016 voru tollar afnumdir af fötum og skóm. Síðsumars samþykkti svo Alþingi samning við ESB um stórfelldar tollaívilnanir á landbúnaðarvörum.

Hver man svo ekki eftir háværum áróðri úr ranni verslunarinnar um lífsnauðsyn þess að afnema tolla á buffalóosti. Engu var líkara en að þjóðinni steðjaði gríðarleg hættu vegna skorts á tollalausum buffalóosti, sem fáir vissu hvað var.

Afnám hafta á innflutningi á hráu kjöti og óheftar heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum hefur líka ítrekað verið flaggað í umræðunni. Um leið leyfa hagsmunaaðilar sér að stilla sér upp nánast sem hluti af Neytendasamtökunum. Þeir segja allan þeirra áróður einungis fram settan með hag neytenda að leiðarljósi. Af hverju neytendur hafa síðan ekki fengið að njóta niðurfellingar ótölulegs fjölda gjalda er síðan spurning sem þessir ágætu menn verða að fara að svara af einhverju viti. Það dugar ekki að mæta ítrekað í Kastljós Sjóðvarpsins með tóma steypu og bull í farteskinu. /HKr.

Sigurður Eypórsson

frkv.stj. Bændasamtaka Íslands sigey@bondi.is



Það er slitnað upp úr fyrstu umferð stjórnarmyndunarviðræðna en áfram halda tilraunir til að mynda nýja ríkisstjórn í landinu. Eins og rætt var um hér á þessum stað í síðasta blaði þá voru kosningaúrslitin ekki afgerandi. Vilji er til breytinga en ekki byltingar. Þessi niðurstaða er meiri áskorun en ef ein „blokk“ hefði unnið stóran sigur og talið sig hafa umboð til byltingar án þess að hlusta á minnihlutann.

Núverandi staða gerir þá kröfu til stjórnmalamanna að þeir leggi meira á sig til að ná saman – semja um niðurstöðu þannig að allir geti verið bærilega sáttir á eftir. Það getur verið vandamál og umræða síðustu daga hefur ekki verið mjög þroskuð. Það hefur verið mikið um útilokanir en minna um opnanir. Það eru engin drottinssvik að gera málamiðlun því að enginn einn flokkur getur gert tilkall til höfundarréttar á sannleikanum.

Mismunandi skoðanir

Við höfum öll mismunandi skoðanir og við deilum um fjölmarga hluti upp á hvern einasta dag. Vilji almennings fæst ekki afhentur í snyrtilegum gjafaumbúðum á Fésbókinni. Hann verður ekki til á einum stað, heldur út um allt samfélagið og hann er ekki ein skoðun heldur fjölmargar. Samfélagið okkar er einfaldlega fjölbreytt og margbrotið, þótt þjóðin teljist ekki fjölmenn á alþjóðavísu.

Þeir sem ætla sér að skilja samfélagið verða að lágmarki að skilja hvað það er fjölbreytt. Í því býr margs konar fólk sem hefur ólíkan bakgrunn, reynslu, þekkingu og menntun. Allt þetta skilar sér í ólíkum viðhorfum til þess hvernig við viljum haga sameiginlegum verkefnum. Um það myndum við hópa, stjórnmalaflokka eða annars konar samtök til að vinna okkar viðhorfum fylgi. Stjórnmalaflokkarnir keppa um hylli okkar í kosningum og við veljum þá sem við

Tölum um efnið

treystum best eða finnum mesta samsvörum með. Eða kjósum bara engan eins og einn af hverjum fimm kjósendum gerði því miður í nýliðnum kosningum. Var það vegna þess að þeir treystu engum eða að ekkert framboð höfðaði til þeirra? Á því eru vafalaust margar skýringar en það er áfelltisdómur yfir öllum framboðunum að ekki tókst betur til.

Það þarf alltaf málamiðlanir

Stundum skila kosningar niðurstöðu sem okkur líkar ekki við. Fyrir suma virðist mikilvægara að einhverjum ákveðnum flokki gangi illa en að öðrum gangi vel og menn reiðast jafnvel þeim sem kjósa ákveðin framboð og kalla öllum illum nöfnum. Það mátti heyra að loknum kosningunum ýmsar heitstrengingar um að þessi eða hinn myndu ekki vinna saman.

Í stjórnarmyndunarviðræðum sem nú hefur slitnað upp úr var harkalega ráðist á einn þátttakanda, ekki vegna málamiðlana, heldur vegna þess að hann ætti ekki að tala við ákveðna aðila. En það er einmitt verkefnið sem kjósendur fólu hinu nýja þingi.

Að ná niðurstöðu og gera málamiðlanir. Hafa áhrif í samvinnu við aðra. Það er erfitt fyrir marga, en það er það sem þarf að gera. Það er hægt að fara fram á að ráða öllu ef kjósendur hafa falið þér það vald, en hafi þeir ekki gert það þá er ábyrgðin að reyna að ná því fram sem hægt er – með því að leita sátta við önnur sjónarmið.

Að skilja fólk sem er þér ekki sammála og vinna með því að lausnum sameiginlegra mála okkar samfélags. Ekki byggja andlegan múr til að skilja sig frá því. Þetta er ekkert nýtt. Á lýðveldistímanum hafa kjósendur aldrei falið einum flokki stjórn landsins. Það hefur alltaf þurft málamiðlanir til og svo er einnig nú.

Landbúnaðarstefna í stöðugri mótun

Eitt af því sem deilt er um eru vissulega landbúnaðarmálin. Landbúnaðurinn hefur notið mikils velvilja í íslensku samfélagi í gegnum árin og flestir, ekki þó allir, vilja að

það sé stutt við bakið á honum. Það er erfiðara að ná saman um hvernig á að gera það.

Lesendur þekkja vel umræðuna samhliða afgreiðslu búvörusamninga. Nú er að taka til starfa vinnuhópur til að endurskoða samningana næstu misserin. Mikilvægt er að nýta þann tíma vel til að ræða málin í heild.

Oft er umræða um þessi mál of bundin við gagnrýni á landbúnaðarstefnunna – eða landbúnaðarkerfið eins og það er oft kallað. Við það þurfi að losna, en lítið um útfærðar hugmyndir á mótí. Hverju vilja menn raunverulega breyta og er vilji til að leita sátta við bændur um það? Það er ekki gott að vita.

Sumir vilja ganga í Evrópusambandið og væntanlega taka þá upp landbúnaðarstefnu þess. Það er heilmikið kerfi og verður ekki til einföldunar væri það tekið upp hér og bændur hafa lengi haft skýra stefnu þess efnis að þeir telji aðild að ESB ekki skynsamlega.

Hávær innihaldslaus umræða

En meginspurningin er; hvert vilja menn stefna? Í búvörusamningunum sem taka gildi um áramótin eru margs konar stefnubreytingar. Stundum er samt eins og umræðan nái aldrei undir yfirborðið eins og skemmtilega var orðað í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um síðustu helgi:

„...Næstbrýnast sé að uppræta hinn hræðilega „búvörusamning“ sem 0,0001% þjóðarinnar hefur lesið, en mun stærri hluti aðeins séð afskræmingu nettrölla á, en þau eru á meðal þeirra sem ekki hafa lesið hann [...] Búvörusamningur hefur um alllanga hrið tryggt stöðugleika innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Það væri skammsýni að grafa undan svo eftirsóknarverðum þætti íslensks þjóðlífs sem heilnæmur, hollur og góður landbúnaður er. Eyðilegging, einkum vegna sérvisku í bland við fordóma, yrði aldrei aftur tekin.“

En til þess að ná árangri þarf að kafa undir yfirborðið, hafa skýr markmið og vilja til að ná niðurstöðu sem allir við borðið geti sætt sig við. Bændur eru og hafa alltaf verið tilbúnir í þá umræðu.

Ísland er land þitt



Sumarkvöld á Kópaskeri. Kauptúnið Kópasker er á vestanverðri Melrakkaslétu. Þorpið stendur við Öxarfjörð og er eini þéttbýlisstaðurinn í Öxarfjarðarhreppi. Þann 1. janúar 2016 voru íbúar Kópaskers 124 talsins. Á Kópaskeri var löggildur verzlunarstaður um 1880 en kauptúnið fór að byggjast eftir 1910. Aðalatvinnuvegurinn er þjónusta við íbúa sveitanna í kring og stærsti vinnuveitandinn er sláturhúsið og kjötvinnslan Fjallalamb hf. Um nokkurt árabíl var mikil rækjuvinnsla á Kópaskeri en hún lagðist af 2003 eftir hrun rækjustofnsins í Öxarfirði. Nokkur útgerð var frá Kópaskeri fyrr á árum en nú eru aðeins gerðar út þaðan nokkrar trillur.

Mynd / HKr.

Líf og starf



Guðmundur H. Davíðsson, bóndi í Miðdal í Kjós, ríður á vaðið í fyrsta þætti Spjallað við bændur sem sýndur er á bbl.is.

Myndir / Beit

Nýir þættir um störfin sem unnin eru í sveitum landsins:

Spjallað við bændur á bbl.is

Stuttir viðtalsþættir undir heitinu „Spjallað við bændur“ eru að hefja göngu sína á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is. Í þáttunum er tekið hús á bændum og rætt við þá um búskapinn, hvað er efst á baugi á búinu, tæknilausnir, bústofninn og ræktunina, húsakost, vinnuaðferðir og fleira. Heiti þáttanna er hið sama og margir þekkja frá fyrri tíð þegar ráðunautar héldu úti útvarpsþáttum í Ríkisútvarpinu undir heitinu „Spjallað við bændur“ á Rás 1 sem þá var eina útvarpsstöðin.

Þekktustu skólabændur landsins

Í fyrsta þættinum er farið í heimsókn í Miðdal í Kjós og spjallað við Guðmund H. Davíðsson bónda. Hann og Svanborg A. Magnúsdóttir reka blandað bú með kýr, sauðfé og hross. Á vorin bjóða þau leikskólabörnum og yngstu bekkjum grunnskólans að heimsækja búið en í gegnum tíðina hafa þau tekið á móti þúsundum barna og foreldra. Bændurnir í Miðdal eru meðal á fjórða tug bænda sem kynna starfsemi sína undir merkjum Opins landbúnaðar. Það er öruggt að margir áhorfendur af yngri kynslóðinni kannast við sig í Miðdal þegar þeir sjá þáttinn.

Ungir kvikmyndagerðarmenn með rætur í sveitinni

Þættirnir eru gerðir af Þorsteini Roy Jóhannssyni og Herði Þórhallssyni í samvinnu við Bændablaðið. Saman reka þeir framleiðslufyrirtækið Beit sem m.a. hefur framleitt vefefni fyrir fotbolti.net og fleiri vefmiðla. Þeir félagar eru ekki nýgræðingar þegar kemur að landbúnaði en Þorsteinn er alinn upp í Svínafelli í Örafum og Hörður í Hornafirði. Báðir eru þeir útskrifaðir fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri.

Gamli polkinn í endurnýjun lífdaga

Einkennislag þáttarins er gamall polki, sá sami og notaður var um árabíl hjá Ríkisútvarpinu í þáttunum „Spjallað við bændur“ á Rás 1. Þeir sem komnir eru til vits og ára muna sjálfsgagt laglínuna sem er býsna grípanði. Flutningur polkans er í höndum hljómsveitarinnar Rússíðana sem veitti góðfúslegt leyfi fyrir notkun lagsins.

Sýndir á bbl.is, Facebook og YouTube

Stefnt er að því að birta tvo þætti í mánuði á bbl.is en þeim verður að auki dreift á Facebook-síðu Bændablaðsins og á YouTube.



Elín Oddleifsdóttir og Eiríkur Egilsson á Seljavöllum verða meðal viðmælenda í Spjallað við bændur.



Það er kvikmyndafyrirtækið Beit sem framleiðir þættina Spjallað við bændur fyrir Bændablaðið. Jónas Erlendsson bóndi tekinn tali við fiskeldiskerin í Fagradal.



Tökur á bænum Seljavöllum í Nesjum í Hornafirði.

MÆLT AF MUNNI FRAM

166

Margt hefur verið ort um embættisverk presta og safnaða gegnum árin. **Þórarinn í Mörtungu** í V- Skaftafellssýslu orti um sr. Stefán og söfnuð hans:

Séra Stefán stólnum í stundar margt að bulla. Ýtar sitja undir því ánægju með fulla.

Syngur hver með sínu nefi sálma langa og glæsta. Eru sumir einu stefi á eftir þeim næsta.

Og nokkuð hastarlega kvað **Stefán frá Mósakógum** til vinar síns, **sr. Lárusar Arnórssonar** prests á Miklabæ:

Þér líkar víst ekki, Lárus minn ljóðið mitt núna í þetta sinn, í því bitur broddur. Margt hefur skeð á Miklabæ og mér er í huga sí og æ, þú ættir að hverfa eins og Oddur.

Síðar fór sá kvittur um hérað, að bein **Odds** hefðu fundist í fjárhússvegg í nágrenninu og hafi þá **Stefán frá Mósakógum** ort:

Margt hefur skeð á Miklabæ forðum, mannlífið breytist og gengur úr skorðum. Oft er hinn smái til upphefðar krýndur, Oddur er fundinn, en Lárus er týndur.

Sigurður í Jörva meitlaði í stöku þessa römmu og þekktu staðreynd:

Daglegt brauðið dauflegt er með deilu og þungum orðum. Þykir hátíð, þegar er þögn og fýla á borðum.

Þegar **Bjarni frá Gröf** varð sextugur reið hann vestur í heiðarlönd Húnvetninga sér til upplýftingar, en svo gerði hann jafnan á þeim tíma. **Páll Helgason** frá Þórustöðum orti þá þessa afmælisvísu:

Hreysti þína hladdu sál, hæng og gálu veiddu. Heiðarinnar huldumál heim í stuðlum reiddu.

Aðstæður hafa verið **Tómasi Guðmundssyni** afar mótdrægar þegar hann orti:

Nú má ei framar sólu sjá, svartnættið byrgir mér veginn. Helvíti er undir og ofan á og andskotinn báðum megin.

Jón í Garðsvík fór eitt sinn í bændaferð til Englands undir fararstjórn **Agnars Guðnasonar**. Agnar gekk í fararbroddi um götur, en leit af og til um öxl til að aðgæta hvort **Matthías** væri ekki með. Jón orti:

Hreyfi Agnar höfuðið heyrist bjallan klingja. Eltir hann að sauðasið svarmur Íslendinga.

Fararstjórinn gat um gluggið séð þann góða mann, og brúnin lyfti sér, því bara ef að Matthías er með mega hinir liggja hvar sem er.

Egill Jónasson orti á efri árum:

Mig að leiðarlukum ber, lánunum þarf að skila. Innvortis og undir mér er nú flest að bila.

Jónas Jóhannsson frá Öxney orti í algleymi stríðsáranna:

Íslandsmeyjar eignast jóð undan svörtum Könum. Síðan við urðum sjálfstæð þjóð sinna þær ekki Dönum.

Meðan „Skjónumálið“ var í algleymi, þá orti **Jón Pálmason** á Akri:

Ekki kosta minna mátti málabrasið þar. Þjófurinn kærði þann sem átti það, sem stolið var.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir



Forstöðumenn sláturhúsanna á landinu segja heimatöku á lambakjöti vera svipaða eða lítillega meiri í ár en undanfarin ár.

Sala á kjöti beint frá býli:

Hægur vöxtur er í heimtöku á kjöti

Svipað magn af lambakjöti fór í heimtöku á liðinni sláturvertíð og undanfarin ár. Forstöðumenn sláturhúsa eru sammála að hægur vöxtur hafi verið í heimtökunni undanfarin ár.

Forstöðumaður Sláturhússins á Hellu segir aukningu í heimtöku á nautakjöti vera talsverða.

Forstöðumenn sláturhúsanna á landinu segja heimtöku á lambakjöti vera svipaða eða lítillega meiri í ár en undanfarin ár. Flestir þeirra eru sammála um að aukning hafi verið í heimtökunni undanfarin ár og að hluti hennar tengist ferðamennsku og aukinni sölu á kjöti beint frá býli.

Viðmælendur Bændablaðsins segja að vegna lágs verðs á ærkjöti í ár hafi verið minna um að eldra fé væri sent til slátrunar á þessu ári en oftast áður. Minni heimtaka á lambakjöti en búast hefði mátt við skýrist því hugsanlega af aukningu í heimaslátrun.

Minna en búist var við hjá KS

Ágúst Andrésson, forstöðumaður hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, segir að hann hafi reiknað með að magnið af dilkum sem færu í heimtöku yrði meira en raunin varð á. Á síðasta ári var slátrað 99.888 fjár hjá Kaupfélagi Skagfirðinga og af því fóru 3.686 skrokkar í heimtöku, eða 3,39%. Sláturfjöldinn í ár var 100.455 og af því tóku bændur heim 3.781 skrokk, eða 3,53%.

Andrés segir að þrátt fyrir minni aukningu en hann hafi átt von á sé greinileg stígandi í heimtökunni því hún hafi verið undir 3% árið 2013 en sé komin í rúm 3,5% á þessu ári.

Svipað magn hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga

Þórður Pálsson, skrifstofustjóri hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga, segir að heimtaka á lambakjöti frá þeim sé svipuð og undanfarin ár. „Hér er eitt býli í Möðrudal með ferðapjónustu sem hefur tekið allt sitt kjöt heim í tuttugu ár og annað sem tekur hluta kjötsins auk þess sem bændur taka alltaf eitthvað til heimabréks. Magnið er bilinu 160 og 170 skrokkar á ári og hefur verið svipað undanfarin ár.“

Að sögn Þórðar er lógað um þrjátíu þúsund lömdum á ári hjá Sláturfélagi Vopnafjarðar og heimtakan því ekki nema brot af magninu, milli 0,5 og 1%.

15 til 20 tonn hjá Fjallalambi

„Fjöldi heimtökuskrokka er svipaður í ár og það hefur verið á liðnum árum,“ segir Björn Víkingur Víkingsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri. „Munurinn milli ára er að minnsta kosti ekki stór og magnið hefur verið 15 til 20 tonn á ári undanfarin ár en mest hefur það farið upp í um 30 tonn.

Heildarsláturemagn í skrokkum talið er um 500 tonn þannig að magnið sem fer í heimtöku er ekki nema lítið brot af því.

Aukning hjá SS

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir að heimtaka á kjöti sé að aukast.

„Heimtakan á dilkum á þessu ári er rúm 7% og rúm 18% á fullorðnu fé en var 6,33% af dilkakjöti og 15% af fullorðnu á síðasta ári.

Heimtaka á kjöti hefur verið mjög svipuð í gegnum árin en í kjölfar umræðna um að bændur geti hugsanlega aukið tekjur sínar með því að selja kjötið sjálfir hafa fleiri reynt fyrir sér með það. Ég tel að áhugi og markaður fyrir kjöt beint frá býli sé til staðar en ég efast um að allir bændur geti selt sitt kjöt þannig. Salan er líka auðveldari fyrir bændur sem eru í ferðamennsku samhliða búskap og reka veitingasölu.“

Steinþór segir að SS sé hlynnt heimtöku bænda og að fyrirtækið hafi lagt talsvert á sig til að styðja við bakið á henni með því að bæta frágang á hráefninu og pakkningum. „Við lítum á sölu beint frá býli sem hluta af markaðinum þar sem fólk vill hafa samskipti við þá bændur sem ala lömbin og ekkert nema gott um það að segja.“

15% af heildarmagninu

Guðmar Tómasson, sláturhússtjóri hjá Sláturhúsinu á Hellu, segist finna fyrir aukningu í heimtöku á nautgripakjöti en í sláturhúsinu er eingöngu slátrað nautgripum og hrossum.

„Ég er ekki að tala um mikla aukningu milli ára en hún er talsverð og það hefur verið stígandi í heimtökunni undanfarin ár. Fljótt á lítið myndi ég segja að heimtakan í ár sé um 15% af heildarmagninu af nautgripakjöti sem eru um 4.200 gripir á þessu ári.“

Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði:

Ýmis tækifæri til að draga úr losun frá landbúnaði

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur sent frá sér skýrslu með greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði. Skýrslan er hluti af verkefni innan sóknaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.

Í skýrslunni kemur fram að ýmis tækifæri eru til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði til dæmis með vinnslu metans úr búfjáraburði og með því að draga úr eldsneytisnotkun. Einnig kemur fram að frekari rannsóknar er þörf til að leggja mat á umfang losunar gróðurhúsalofttegunda úr beitilandi.

Losun í landbúnaði

Samkvæmt því sem segir í skýrslunni tengist losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði tveimur meginþáttum. Annars vegar er um að ræða losun úr framræstum jarðvegi sem notaður er til ræktunar. Hins vegar er losun sem verður vegna annarra þátta innan hvers býlis. Þar af vega þyngst losun metans vegna innnyflagerjunar búfjár og losun vegna áburðarmotkunar. Við það bætist losun vegna geymslu og meðhöndlunar búfjáraburðar og losun vegna eldsneytisnotkunar.

Losun úr túnnum á framræstum jarðvegi hér á landi metin ígildi tæplega 1.800 kílótonn (kt) CO2. Losun vegna annarra þátta innan býla er metin sem ígildi 734 kt CO2. Þar af vega þyngst losun metans vegna innnyflagerjunar búfjár 294 kt CO2 ígildi, og losun vegna áburðarmotkunar 260 kt CO2 ígildi. Það sem eftir stendur er losun vegna geymslu og meðhöndlunar búfjáraburðar 92 kt CO2 ígildi, og losun vegna eldsneytisnotkunar 88 kt CO2 ígildi. Þessu á móti kemur örlítill þáttur þ.e. binding kolefnis í þann hluta túna sem eru á steinefnajarðvegi. Þessi binding er metin upp á 0,7 kt CO2.

Metanvinnsla

Í skýrslunni segir að ýmis tækifæri sé til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá býlum. Þar má meðal annars nefna vinnslu metans úr búfjáraburði. Mögulega má vinna úr þeim búfjáraburði sem hér fellur til um 17 kt CH4. Þessi metanvinnsla svarar til orkuinnihalds í 20 kt af díselolíu, en áætluð notkun á allar dráttarvéla í landbúnaði hér á landi er 12,8 kt af díselolíu.

Metanvinnsla úr búfjáraburði getur einnig verið farvegur fyrir önnur lífræn úrgangsefni og bætt þannig næringarefnum inn á býlin, sem ella væru ekki nýtt. Með þessu mætti því bæði draga úr þörf á tilbúnum áburði og bæta hringrás mikilvægra næringarefna eins og til dæmis fosfórs.

Endurheimt votlendis

Draga má úr losun með því að draga úr framræslu votlendis og beina nýrækt fremur að öðrum jarðvegi og huga að því hvort ekki sé unnt að væta aftur í mýrum sem þegar hafa verið ræstar fram og minnka þar með losun frá þeim. Þessar aðgerðir gætu verið liður í því að innleiða meðhöndlun ræktarlands sem hluta af aðgerðapakka Íslands innan loftslagssamningsins sem gerður var í París á síðasta ári.

Losun frá beitarlandi

Mat á losun gróðurhúsalofttegunda úr landi, sem nýtt er til beitar, er í



Losun metans vegna innnyflagerjunar búfjár er talið ígildi 294 kílótonn CO2 á ári.



Losun úr túnnum á framræstum jarðvegi hér á landi er metin ígildi tæplega 1.800 kílótonn CO2.

skýrslunni annars vegar byggt á mati á losun og bindingu úr öllu landi utan býlanna, að undanskildum, ám og vötnum, uppistöðulónum og búsetulandi. Hins vegar er það byggt á mati á því hve stór hluti þessa lands er nýttur til beitar.

Samkvæmt einni sviðsmynd sem sett er fram í skýrslunni gæti losun frá landi utan býlanna svarað til ígilda 47.500 kt CO2. Af þeirri losun eru um ígildi 18.100 kt CO2 áætluð innan beitarlanda. Í annarri sviðsmynd er heildarlosun úr landi utan býla metin ígildi 10.800 kt CO2 og þar af um 6.000 kt CO2 úr landi sem nýtt er til beitar. Þarna munar mjög miklu og brýnt að bæta mat á losun úr almennum mólendi, en óvissa í þeim þætti ræður mestu um þennan mun.

Af heildarlosun lands utan býlanna eru ígildi 8.000 kt CO2 metin vegna framræstra votlenda og af því eru 4.500 kt CO2 ígildi metin innan beitarlanda. Þar sem endurheimt votlenda er orðið sérstakt átaksverkefni má gera ráð fyrir að þeim þætti verði sinnt. Eftir stendur samt umtalsverð losun sem mikilvægt er að reyna að draga úr.

Losun úr mólendi

Losun úr almennum mólendi eru metin í skýrslunni á tvenns konar hátt. Annars vegar vegna beins taps á jarðvegi af þessum svæðum í gegnum margskonar rof á landinu. Hins vegar er losun vegna þess að gróður á landinu hefur rýrnað og nær ekki að halda í við niðurbrot á lífrænum efnum í jarðvegi. Þetta umfram kolefni sem er að brotna niður hefur væntanlega safnast í jarðveginn þegar gróðurinn var öflugri. Með öðrum orðum kolefnisforði jarðvegsins er að minnka á ákveðnum hlutum þessa lands.

Verndun jarðvegs

Landgræðsla er vel þekkt aðgerð til að endurheimta gróður á lítt eða ógrónu landi. Það er einnig vel staðfest að með þeim hætti binst kolefni bæði í gróðri og jarðvegi. Landgræðsla er talin binda um 150 kt CO2 á ári miðað við árið 2014.

Þessi binding svarar til upptöku á 560 kt CO2. Með því að beina landgræðslu í auknum mæli að því að stöðva rof í grónu landi og styrkja gróður þar sem hann nær ekki að viðhalda kolefnisforða jarðvegsins má mögulega draga stórlega úr núverandi losun úr almennum mólendi.

Skógrækt er einnig vel þekkt aðferð til að binda kolefni. Bindingin er mest í viði trjáanna en einnig í steinefnajarðvegi. Binding í skógum landsins er bæði vegna ræktaðra skóga og vaxtar náttúrulegra birkiskóga. Skógar á Íslandi voru árið 2014 taldir binda um 80 kt CO2, sem svarar til upptöku á 300 kt CO2.

Í þessu ljósi þá er tvennt sem blasir við sem aðgerðir til að draga úr þessari losun. Í fyrsta lagi að hindra með öllum ráðum að jarðvegur tapist úr landinu. Í öðru lagi að styrkja gróður á þeim svæðum þar sem hann nær ekki að vega upp á móti þeirri losun sem er þar vegna niðurbrots lífrænna efna.

Verkefnastjórn um loftslagsvænni landbúnað

Greining Landbúnaðarháskólans var unnin fyrir verkefnisstjórn um loftslagsvænni landbúnað og er liður í samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins um gerð vegvísis um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.

Skýrsluna í heild má finna á vef umhverfisráðuneytisins <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/taekifaeri-til-ad-draga-ur-losun-fra-landbunadi>

Skoða mögulegar lausnir

Næstu skref í verkefninu er að skoða betur mögulegar lausnir til að draga úr losun og hvar þekkingu vantar, en kolefnisbókhald sem tengist landbúnaði og landnotkun er um margt flóknara en á öðrum sviðum. Einnig er gert ráð fyrir að leitað verði samstarfs við bændur um greiningu á losun frá einstökum búum og möguleikum til að draga úr henni.

MÆNISGLUGGAR

NÁTTÚRULEGT LJÓS OG GÓÐ LOFTRÆSTING
ER ÖLLUM DÝRUM NAUÐSYNLEG.

JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsmíðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af háþróun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stillanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.



YLEININGAR

BALEX METAL

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR
SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ
ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samloku-einingar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðar-geta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.



FJÓSA-
INNRETTINGAR



GÓLF Í
GRIPAHÚS

SÉRFRÆÐINGARNIR OKKAR

Við liðsinnum þér!

ÁSDÍS HRÖNN HILMARSDÓTTIR
Selfoss 480-4600 / 821-4043

HALLDÓR TH. W. KRISTINSSON
Höfuðborgarsv. 515-4187 / 821-4186

ELMAR SIGURGEIRSSON
Akureyri 460-4800 / 821-4059



byko.is

BONDI@BYKO.IS

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

Neytendamál:

Sterk króna og afnám tolla skilar sér EKKI til neytenda

Sterk staða krónunnar undanfarin misseri hefur skilað sér illa til neytenda í formi lægra vöruverðs á mörgum innfluttum vörum. Gengi krónunnar hefur styrkst um 12% síðan í október 2015 og um 18% ef litið er tvö ár aftur í tímann, til haustsins 2014.

Þetta hefur þær afleiðingar að talsvert ódýrara er orðið fyrir verslanir og þjónustuaðila að flytja inn vörur.

Gengið hefur styrkst

Í frétt á heimasíðu Alþýðusambands Íslands segir að gengisstyrkingin virðist skila sér með misjöfnum hætti og dæmi eru um að innfluttar vörur hafi hækkað eða lækkað lítið í verði þrátt fyrir umtalsverða styrkingu krónunnar.

Lækkun á virðisaukaskatts

Auk gengisstyrkingar var almennur virðisaukaskattur lækkaður úr 25,5% í 24% í upphafi árs 2015 og vörugjöld afnumin m.a. af stórum heimilistækjum, sjónvörpum, bílavarahlutum og byggingavörum. Við upphaf árs 2016 voru svo tollar afnumdir af fötum og skóm. Verðlækkun ætti því að eiga sér stað á þessum mörkuðum af tvennum ástæðum, sökum sterkara gengis og afnámi gjalda.

Vörugjöld afnumin

Stór heimilistæki hafa lækkað

um 17% síðan í október 2014 og má því gera ráð fyrir að þar hafi afnám vörugjalda haft áhrif, sömu sögu má segja um bílavarahluti og sjónvörp. Sé hins vegar litið á vöruflokkinn Viðhald efni sem inniheldur margs konar byggingarvörur kemur mjög á óvart að verð á þessum vörum hefur hækkað um 1,5% á síðustu tveimur árum. Þar voru vörugjöld afnumin í upphafi árs 2015 sem ætti eitt og sér að skila sér í lægra vöruverði líkt og hjá hinum vöruflokkunum, ásamt því sem 18% gengisstyrking ætti að hafa einhver áhrif.

Verð á fötum og skóm hefur lækkað um 5,6% síðan í október 2015. Tollar af fötum og skóm voru afnumdir í upphafi árs 2016 en áætlað var að það afnám eitt og sér ætti að skila 7 til 8% verðlækkun á þessum vöruflokki auk áhrifa af sterkara gengi. Ljóst er að sú verðlækkun hefur ekki skilað sér til neytenda.

Húsgögn og lítil heimilisraftæki hafa hækkað í verði á undanfögnu ári um 2%. Ástæður þessa eru óljósar en þar sem hér er fyrst og fremst um innfluttar vörur að ræða mætti ætla að mikil gengisstyrking hefði átt að skila sér í lægra verði til neytenda.

Neytendur eiga inni verðlækkun

Niðurstaðan er sú að neytendur virðast víða eiga inni verðlækkun á innfluttum vörum. /VH

Norskir bændur stefna á met í kornræktinni:

Sá í yfir 400.000 hektara af haustkorni þetta árið

Reiknað er með að sáð hafi verið yfir 400.000 hekturum af haustkorni í Noregi þetta haustið og er það nýtt met þar í landi.

Árið 2016 mun lifa lengi í minnum kornbænda því það er eitt af bestu hveituppskeruárunum þar í landi. Þrír fjórðu hlutar af hveitinu er selt til mannelis og mun það brauð sem Norðmenn borða næsta árið innihalda allt að 75 prósent af norsku hveiti.

Á þessu ári hafa gæði hveitisins verið mjög góð en kornið hefur tiltölulega hátt prótíninnihald. Um miðjan október voru reiknuð um 130 þúsund tonn af hveiti hjá öllum kornkaupendum í Noregi en um 74 prósent af því er nothæft

til mannelis. Það sem skýrir að hluta þessi góðu hveitigæði á þessu ári er aukinn hluti vorhveitis og sérstaklega ný tegund þar í flokki sem nefnist Mirakel og er ræktað í miklu magni. Mirakel er í fyrsta flokki og er sérstaklega gott í bakstur. Reiknað er með að kornuppskera í Noregi á þessu ári nái 1,2 milljónum tonna og er hún jöfn og góð yfir allt landið, það er að segja, ekkert eitt svæði sker sig sérstaklega úr varðandi gæði og magn. Út frá sölutölum hefur í haust verið sáð um 74 prósentum af hausthveiti, um 19 prósent af rúgi og um 7 prósent af rúghveiti. Enn er Ellvis vinsælasta hausthveititegundin í Noregi. /ehg

Jörðin Flaga í Svalbarðshreppi er til leigu



Jörðin Flaga í Svalbarðshreppi Norðausturlandi er laus til ábúðar. Á jörðinni hefur verið stundaður sauðfjárbúskapur og hrossarækt, en jörðin býður upp á ýmsa möguleika. Riflega 200 ærgildi fylgja jörðinni. Tún og ræktarlönd eru um 18 ha og ræktunarmöguleikar góðir. Leigutími er frá 1. Janúar 2017 en getur verið samkomulagsatriði. Eigandi jarðar er Svalbarðshreppur.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins á Húsavík í síma 516 5036 og á netfanginu msj@rml.is.



Ökumaður þessa bíls var án efa heppinn með að sleppa lifandi eftir að hafa mætt dráttarvél með illa búnum heimasníðuðum heyvagni í umdæmi lögreglustjórands á Suðurlandi á síðasta ári. Bíllinn var hreinlega ristur upp eins og šardínudós.

Mynd / Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan hefur áhyggjur af eftirvögnum og landbúnaðartækjum:

Vegfarendum ógnað vegna ólöglegs ljósabúnaðar

– segir ástæðu til að minna menn á lögboðna ljósanotkun

Í ljósi mikillar aukningar á umferð síðustu ára vegna fjölgunar ferðamanna hefur lögreglan áhyggjur af ljósanotkun á eftirvögnum og landbúnaðartækjum í umferðinni.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi segir að brögð séu að því að eftirvagnar og önnur landbúnaðartæki séu algerlega ljóslaus og skapa þar af leiðandi talsverða hættu í umferðinni.

Þá þarf sérstaklega að nefna heimasníðaða heyvagna (gamla baggavagna). Einnig má nefna stóra rúlluflutningavagna sem eru komnir yfir 6 metra að lengd og

þurfa þar af leiðandi hliðarljós. Til eru nokkur dæmi þess á starfssvæði lögreglustjórands á Suðurlandi að umferðaróhöpp hafi orðið vegna slægrar ljósanotkunar á eftirvögnum dráttarvéla. Þá hefur lögregla einnig orðið vör við að bændur noti vinnuljós aftan á dráttarvélunum til að bæta úr ljósleysi á eftirvagni. Það getur skapað mikla hættu fyrir umferð sem kemur aftan að vélinni. Í umferðarlögum frá 1987 nr. 50 segir í 32. gr. „Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós vera tendruð“. Þá segir í sömu grein:

„Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum glýju“.

Umferð um þjóðvegi landsins hefur aukist verulega á síðustu árum og mikil fjöldi ökumanna eru erlendir ferðamenn með mismikla reynslu í umferðinni. Því er enn meiri ásaða til að minna menn á lögboðna ljósanotkun. Auðvelt er að nálgast ljósabúnað af ýmsum gerðum í verslunum.

Lögreglan á Suðurlandi vill hvetja bændur og aðra þá sem eru með eftirvagna til að bæta úr þessu hið fyrsta. Bent er á reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822, en þar er útlistað um áskilin og leyfð ljósker.

Eldvarnir í landbúnaði ekki í lagi að sögn slökkviliðsstjóra:

Útihús brunnu og ellefu kálfar köfnuðu

– Allar kindurnar í Fögruhlíð voru úti á grænum túnum

Eldsvoði varð í útihúsum bæjarins Fögruhlíðar á Héraði mánudaginn 14. nóvember síðastliðinn. Bærinn stendur vestan megin Jöklu við Hlíðarveg sem liggur yfir Hellsheiði til Vopnafjarðar. Ellefu kálfar köfnuðu í reyk, en kindurnar, sem eru á fimmta hundrað, sluppu þar sem allt sauðfé var úti á grænum túnum þegar fjárhúsin brunnu.

Að auki brann gömul hlaða, en slökkvilið stóð vaktina fram á nótt til að forða því að eldglæður bærust í nálægar stæður af heyrúllum sem standa rétt hjá útihúsum.

Tíðin aldrei betri

Að sögn Viggós Mús Eiríkssonar, bónda í Fögruhlíð, var það furðuleg tilviljun að fé var úti á grænum túnum, þegar eldurinn braust út. „Tíðarfarið hér hefur verið ótrúlega gott, í raun besta haust sem komið hefur hér, svo lengi sem elstu menn muna.

Við eigum góða nágranna og vini sem hafa hjálpað okkur og erum búin að fá skjól hjá þeim fyrir féð. Við viljum koma þakklæti á framfæri til þeirra allra,“ sagði Viggó á þriðjudaginn síðastliðinn, en hann var þá í óða önn að ganga frá bárujárnri og öðru lauslegu úr



Útihúsin brenna í Fögruhlíð.

Mynd / Ásgeir Páll Baldursson

rústunum í gryfjur, áður en hvesa tæki á Norðausturlandinu.

„Rúllurnar eru heilar og sáu slökkviliðsmenn um að halda þeim blautum á meðan neistaflugið gekk yfir þær þegar vindáttin breyttist,“ segir Viggó.

Almennt ólag á eldvörnum

Í viðtali við Ríkisútvarpið segir Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri

hjá Brunavörnum á Austurlandi, að eldvarnir í landbúnaði séu ekki í lagi.

Hann segir að gera þurfi átak á landinu öllu, enda séu 70–80 prósent af gripahúsum á landinu einangruð með frauðplasti, sem aldrei hefur verið leyft. Því sé það óskaplegt ef kviknar í slíkum húsum.

Eldsúptök eru ókunn og rannsakar lögreglan tildrögin.

/smh



NÝ VERSLUN OPNUNARTILBOÐ

ÖRYGGISSKÓR



15.900 m/vsk

Fullt verð 23.951

SOFTSHELL JAKKI

Höfuðljós fylgir



15.900 m/vsk

Fullt verð 22.900

ÖRYGGIS- VESTI

Með frönskum
rennilás
EN-471



590 m/vsk

Fullt verð 1.482

HÚFA BEANIE

95% bómull-
5% Elastan-
Litur: Svartur-



1.490 m/vsk

Fullt verð 3.548

VINNUÚLPA

Húfa fylgir



19.900 m/vsk

Fullt verð 31.518

KULDAÚLPA

Húfa fylgir



21.900 m/vsk

Fullt verð 35.836

VINNUVETTLINGAR FÓÐRAÐIR



590 m/vsk

Fullt verð 980

BUXUR

Polyesterbómull
Svartar
Hangandi vasar



9.900 m/vsk

Fullt verð 15.799

KULDA- SMEKK- BUXUR

Fæst í svörtu og
sýnileikalitum



15.900 m/vsk


Verð frá 25.799

KULDA- GALLAR



25.900 m/vsk

Fullt verð 38.435



www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvoði 1, Reykjavík
Smíðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI
VINNUFÖT

Fréttir



Heilbrigðismál:

Heilsa Íslendinga góð í evrópskum samanburði

Árið 2015 mátu tæplega 8 af hverjum 10 íbúum á Íslandi heilsufar sitt sem gott eða mjög gott, eða 76%. Um 73% kvenna mátu heilsufar sitt sem gott en um 80% karla.

Þetta er lægra en árið 2004 þegar lífsskjararannsóknin var gerð í fyrsta sinn, en þá var hlutfallið 79% í heild, 75% hjá konum og 82% hjá körlum.

Hæst fór hlutfall fólks við góða heilsu í 81% árið 2008, 79% meðal kvenna og rúmlega 82% meðal karla.

Sé hins vegar litið einvörðungu á þann hóp sem segist búa við alvarlegar heilsufarslegar takmarkanir reynist hlutfallið meðal íslenskra kvenna annað hæsta í Evrópu og meðal karla það sjöunda hæsta.

Samkvæmt Hagtíðindum Hagstofu Íslands kveðst tæpur þriðjungur íbúa á Íslandi eiga við langvarandi veikindi að stríða árið 2015, 35% kvenna og 25% karla.

Er þetta hærra hlutfall en árið 2004 þegar rúmlega fjórðungur, 27%, íbúa sagðist stríða við langvarandi veikindi, tæp 31% kvenna og tæp 23% karla. Lægst fór hlutfall langveikra í 18% árið 2007, 21% meðal kvenna og 15% meðal karla.

Nýjustu samanburðartölur um heilsufar í Evrópu leiða í ljós að árið 2014 var hlutfall fólks við góða heilsu hátt á Íslandi. Hlutfall karla á Íslandi sem mátu heilsu sína góða eða mjög góða reyndist það sjötta hæsta í Evrópu en hlutfall heilsuhraustra kvenna það níunda hæsta. Langvinn heilsufarsvandamál voru ekki algeng á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd. Það sama á við um heilsufarsvandamál sem hamla fólki nokkuð eða alvarlega við daglegar athafnir.

Þessar niðurstöður byggjast á lífsskjararannsókn Hagstofunnar sem er hluti af samræmdri lífsskjararannsókn Evrópska efnahagssvæðisins. /VH



Um 85% gesta eru útlendingar sem sækja sér upplifun með því að baða sig í náttúrulegri laug og virða fyrir sér fallett útsýni yfir Mývatnssveit.

Metaðsókn að Jarðböðunum í Mývatnssveit

Aðsókn að Jarðböðunum í Mývatnssveit hefur slegið öll fyrri met nú í ár. Sumarið var verulega gott og þá hefur aðsókn í böðin aukist jafnt og þétt bæði að vori og hausti. Í burðarliðnum eru framkvæmdir á komandi ári til að bæta aðstöðu gestanna.

Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna í Mývatnssveit, segir aðsókn á liðnu sumri hafa verið einstaklega góða. Á tímabilinu frá maí og fram til loka september, á 5 mánaða tímabili, komu um 158 þúsund gestir í Jarðböðin sem er ríflega 20% aukning frá því í fyrrasumar. „Það hafa aldrei komið fleiri gestir í Jarðböðin en síðastliðið sumar, það var metaðsókn hjá okkur og við erum auðvitað himinlifandi með það,“ segir hann. Jarðböðin hafa verið starfrækt í Mývatnssveit frá árinu 2004, eða í 12 ár.

Nú í desember verður heilmikið um að vera í Jarðböðunum, dagskrá sem tengist jólum, en þar ber hæst hið árlega bað jólasveina sem verður sunnudaginn 11. desember.

Sama dag verður handverksmarkaður í Jarðböðunum „þannig að það verður mikið um að vera þennan dag og jafnan margt um manninn. Helgina á undan verður laubabrauðsgerð í Jarðböðunum þar sem gestum býðst að skera út laubabrauð og steikja.

85% gesta útlendingar

Guðmundur segir að æ fleiri leggi leið sína í Jarðböðin og þau séu vel þekktur áfangastaður erlendra ferðamanna. Um 85% gesta eru útlendingar sem sækja sér upplifun með því að baða sig í náttúrulegri laug og virða fyrir sér útsýni yfir Mývatnssveit. „Gestir kunna vel að meta útsýnið og hafa gjarnan orð á því hversu einstakt það er.“

Hann segir aðsókn vera mesta yfir sumarið, þegar flestir eru á ferðinni, „en það er ánægjulegt að æ fleiri gestir eru einnig á ferðinni að vorlagi, í apríl og maí og eins á haustin, september og október. Þeir mánuðir eru orðnir virkilega góðir og hlutfallslega hefur aðsókn þá mánuði aukist meira en yfir sumarið. Það má því segja að einungis desember og janúar séu í rólegri kantinum,“ segir Guðmundur.

Hann segir að þótt aðsókn sé mikil anni Jarðböðin miklum fjölda gesta og þeir dreifast yfir daginn og fram á kvöld, en opið er

til miðnættis yfir sumarmánuðina og til kl. 22 á kvöldin að vetrinum.

Endurbætur fyrirhugaðar á aðstöðu gesta

Framkvæmdir hefjast innan tíðar við endurbætur á aðstöðu sem einkum miða að því að gera rýmra kringum gesti Jarðbaðanna. Nú eru um 430 búningsklefar í Jarðböðunum. „Við

Sþár gera ráð fyrir að erlendum ferðamönnum muni áfram fjölga hér á landi. Framkvæmdir við endurbætur og stækkun hefjast hjá Jarðböðunum í Mývatnssveit á næsta ári en þar á bæ vilja menn búa sig undir aukna aðsókn.

ætlum að stækka klefana, ekki fjölga þeim mikið en gera rýmra um gesti okkar,“ segir Guðmundur. Framkvæmdir við byggingu nýs húss við Jarðböðin hefjast næsta vor, „við eru að vinna að hugmyndum og skoða hver

þörfin hugsanlega verður til framtíðar litið. Við höfum hug á að hefja jarðvegsframkvæmdir hér á svæðinu vorið 2017,“ segir hann. Í nýju húsi verður m.a. afgreiðsla, móttaka gesta, veitingastofa og búningsklefar. „Spár gera ráð fyrir að erlendum ferðamönnum muni áfram fjölga hér á landi og við ætlum að vera undir það búin að taka við auknum fjölda gesta hjá okkur.“ /MÞÞ

Reiðkennari við Háskólann á Hólum



Laust er til umsóknar fullt starf reiðkennara við Hestafræðideild Háskólans á Hólum. Starfið felst aðallega í reiðkennslu nemenda og þjálfun á hestakosti skólans, Um framtíðarstarf er að ræða.

Hæfni og menntunarkröfur

Reiðkennaramenntun og reynsla af reiðkennslu, keppni og sýningum. Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðeigandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Umsóknarfrestur um stöðuna er til **5. desember 2016** og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við hvetjum jafnt karla og konur til að sækja um.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilsskrá og staðfestingu á menntun til Háskólans á Hólum á netfangið **umsoknir@holar.is**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Ragnarsson deildarstjóri í síma 455 6300 eða Mette Mannseth í síma 898 8876.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Húnavatnshreppur og fjárlaganefnd:

Auknu fjármagni verði veitt í viðhald vega

Samgöngu- og fjarskiptamál, ferðapjónusta, refa- og minkaveiðar, sauðfjárveiki- varnargirðingar, dreifnám og heilbrigðismál eru á meðal þeirra mála sem bar á góma á fundi fulltrúa Húnavatnshrepps og fjárlaganefndar Alþingis sem hittust á dögunum. Þessi mál eru ofarlega á baugi í hreppnum um þessar mundir.

Þegar að samgöngumálum kemur gerir sveitarstjórn Húnavatnshrepps þá kröfu til stjórnvalda og þingmanna í fjárlaganefnd að brugðist verði við og auknu fjármagni veitt til viðhalds vega innan Húnavatnshrepps og á næstu árum verði stóraukin áhersla lögð á að leggja bundið slitlag á þá. Einnig telur sveitarstjórn nauðsynlegt að setja verulegt fjármagn í viðhald og uppbyggingu Kjalvegjar enda sé ástand hans mjög slæmt. Jafnframt leggur sveitarstjórn mikla áherslu á að lagt verði bundið slitlag á Þingeyrarveg en um hann sé mikil umferð að sumri til, enda afar

fjölsóttur sögu- og ferðamannastaður á Þingeyrum. Þá leggur sveitarstjórn þunga áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu Svínvetningabrautar.

Komin að þolmörkum

Hvað heilbrigðismál varðar þá leggur sveitarstjórn Húnavatnshrepps mikla áherslu á að þingmenn í fjárlaganefnd standi vörð um heilbrigðisþjónustu í Austur-Húnavatnssýslu og að grunnþjónusta verði tryggð. Fram kemur í gögnum sveitarstjórnar að Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi hafi búið við mikinn samdrátt síðastliðin ár. Starfsemi stofnunarinnar sé komin að þolmörkum og ef um frekari samdrátt verði að ræða muni það bitna verulega á þjónustu við íbúana. Áhersla er lögð á að staðinn verði vörður um heilbrigðisþjónustuna í héraðinu og að sú breyting sem gerð var með stofnun

Heilbrigðisstofnunar Norðurlands leiði ekki til skertrar þjónustu fyrir íbúana né frekari fækkunar starfa.

Störfum á svæðinu verði fjölgað

„Traust og fjölbreytt atvinnulíf í þéttbýli og dreifbýli er grunnurinn að því að stöðva megi viðvarandi fólksfækkun á Norðurlandi vestra,“ segir í bókun sveitarstjórnar vegna fundarins og áréttað að ungt vel menntað fólk þurfi að eiga þess kost að fá störf við sitt hæfi í heimahéraði.

„Gera verður þá kröfu til ríkisvaldsins að störfum á vegum ríkisins verði fjölgað á svæðinu, þá er löngu orðið tímabært að í Austur-Húnavatnssýslu verði byggð upp starfsemi sem nýtir orku Blönduvirkjunar,“ segir í bókun sveitarstjórnar og jafnframt að tryggt verði að viljayfirlýsingu sem samþykkt var á Alþingi í október 2013 og varðar atvinnuuppbyggingu í Austur-Húnavatnssýslu verði framfylgt. /MÞÞ

Opið hús



Opið hús í nýju fjósi að Hvammi, Ölfusi laugardaginn, 19. nóvember frá kl. 13.00 til 16.30.

Verið velkomin.
Pétur og Charlotte.

Gæðavörur frá traustum framleiðanda

SAMSUNG

fegurð



Kælikápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar.
Kæliými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar.
Mál B-H-D í mm: 595 x 1017 x 597

Verð nú: 169.900,-

styrkur



Tvöfaldur Kælikápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kæliými: 361 lítrar.
Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi.
Klakkavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð nú: 209.900,-

frumleiki



Tvöfaldur Kælikápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kæliými: 376 lítrar.
Frystirými: 179 lítrar. Klakkavél. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð nú: 319.900,-

ecobubble
þvottavélar

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð

Uppþvottavél í sérflokkki
með Waterwall tækni



AddWash

ecobubble

SAMSUNG WW70
7 KG. 1400 SN.

Verð nú: 79.900,-



ecobubble

SAMSUNG WW80
8 KG. 1600 SN.

Verð nú: 99.900,-



SAMSUNG DV80
8 kg Þurrkari

Verð nú: 139.900,-



Einnig fánleg
til innbyggingar



Framhlöð úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stíllanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnifapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

Verð nú: 169.900,-

K5505



LED • 1920X1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót

32" kr. 79.900.- / 40" kr. 99.900.-
/ 49" kr. 119.900.- / 55" kr. 159.900.-

KU6405/6475



UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót
• Quad-Core örgjörfi

43" kr. 119.900.- / 49" kr. 159.900.-
/ 55" kr. 189.900.- / 65" kr. 319.900.-

KU6655/6505



UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

43" kr. 139.900.- / 49" kr. 169.900.-
/ 55" kr. 199.900.- / 65" kr. 309.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKROKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGISSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

Fréttir



...frá heilbrigði til hollustu



Frestur til að skila haustskýrslu rennur út 20. nóvember

Matvælastofnun minnir á að frestur til að skila haustskýrslu rennur út sunnudaginn 20. nóvember nk. Matvælastofnun hefur sent þeim sem eru skráðir umráðamenn/eigendur búfjár tölvupóst eða bréf þess efnis.

Þar er minnt á að samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 38/2013, skulu umráðamenn búfjár skila árlegri haustskýrslu fyrir 20. nóvember um búfjáreign, fóður og landstærðir. Eins og síðustu ár skal skrá haustskýrslu með rafrænum hætti á vefsíðunni Bústofn, á vefslóðinni www.bustofn.is.

Hestaeigendur í þéttbýli skili líka tölum um hrosseign

Vakin er athygli á skyldu eigenda hesta, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, að þeir skili inn tölum yfir fjölda hrossa í eigu þeirra.

Þeir umráðamenn/eigendur

búfjár sem ekki hafa tök á því að skila sjálfir í gegnum Bústofn er bent á að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir aðstoð við að ganga frá haustskýrslu. Fyrir þá þjónustu er innheimt samkvæmt gjaldskrá RML.

Haustskýrsluskil eru grundvöllur stuðningsgreiðslna

Matvælastofnun vekur athygli á að haustskýrsluskil eru grundvöllur stuðningsgreiðslna sem og undirstaða hagtalna í landbúnaði. Búfjáreigendur eru minntir á að Matvælastofnun skal fara í skoðun til þeirra umráðamanna búfjár sem ekki skila inn fullnægjandi upplýsingum í haustskýrslu og er slík heimsókn framkvæmd á kostnað umráðamanns.

Bjarki Pjetursson,
sérfræðingur á Búnaðarstofu
Matvælastofnunar

Framlag til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða

Alls bárust 27 rafrænar umsóknir vegna jarðræktar og 27 rafrænar umsóknir vegna affallsskurða til Matvælastofnunar. Framkvæmdir eru komnar í úttektarferli hjá úttektaraðilum á vegum búnaðarsambanda, og átti úttektum að vera lokið 15. nóvember 2016. Styrkir eru síðan greiddir út fyrir árslok 2016.

Styrkhæf ræktun vegna jarðræktar er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin til lífdísilólíuframleiðslu enda sé hratið nýtt til fóðurs, ræktun grænifóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er.

Beit búpenings telst vera uppskera sem og nýting kornhálms. Ræktun vetrarýrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á uppskeruári.

Greitt er út á hundruð metra vegna hreinsunar affallsskurða og venjulegar reglur um upphækkningar gilda. Framlög má aðeins veita ef heildarlengd er a.m.k. 100 metrar.

Breidd skurðanna skal minnst vera 6 metrar að ofan. Úttektaraðili sannreynir stærð, lengd og breidd skurðar og hvort skilyrði til styrkveitingar eru að öðru leyti uppfyllt.

Framlag til vatnsveitna á lögbýlum

Alls bárust 28 rafrænar umsóknir til Matvælastofnunar. Framkvæmdir eru komnar í



úttektarferli hjá úttektaraðilum á vegum búnaðarsambanda og skal úttektum vera lokið eigi síðar en 20. nóvember 2016. Styrkir eru síðan greiddir út eigi síðar en 15. febrúar 2017.

Fyrirvari er gerður um að framkvæmdin standist kröfur til úttektar í samræmi við reglugerð nr. 180/2016 gefin út af innanríkisráðuneytinu og þá þarf Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endanlega að samþykkja fjárveitingu.

Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar 1. nóv. 2015 til 31. okt. 2016

Lokauppgjör vegna ullarnýtingar verður greidd til bænda 21. nóvember 2016.

Skilyrði fyrir greiðslu fjármuna til bænda er að ullin hafi verið flokkuð og metin í samræmi við lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, og reglugerð nr. 856/2003, um ullamat.

Fjárhæðinni skal deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október.

Guðrún S. Sigurjónsdóttir
fulltrúi, Búnaðarstofu.



Það getur valdið heilabrotum að raða hrútum í sæti.

Mynd / Aldís Gunnarsdóttir

Hrútasýning í Svalbarðshreppi:

Biskup valinn fegursti forystuhrúturinn

Mánudaginn 31. október var haldin hrútasýning á vegum sauðfjárræktarfélagsins Þistils í Þistilfirði. Sýningin var haldin í fjárhúsum í Garði og mættu allmargir bændur með hrúta sína. Mikil hefð er fyrir hrútasýningum í Þistilfirði og hefur þátttaka yfirleitt verið góð þar.

Sýningin var í þremur hlutum, veturgamlir hrútar, lambhrútar og fegursti forystuhrúturinn. Ráðunautarnir Steinunn Anna Halldórsdóttir og Sigurður Þór Guðmundsson dæmdu hrútana.

Af veturgömlu hrútunum var efstur hrútur frá Svalbarði, Óður 15-101 undan Ljúflingi 11-101 frá Hagalandi. Móðir Óðs er 11-110 undan hrút frá Sandfellshaga 2, Gunna 09-103. Í öðru sæti var hrútur frá Gunnarsstaðabúinu, Keisari 15-043. Faðir hans var Kóngur 122-044, heimaalinn undan Gosa frá Ytri-Skógum. Móðir Keisara, 10-081 er undan Hróa frá Geirmundarstöðum. Í þriðja sæti var hrútur frá Hófataki á Gunnarsstöðum. Hann heitir Viti 15-340 undan Fjarka 10-150 frá Sandfellshaga 2 og móðir Vita er Elska 08-190 undan heimahrút, Kóng Gosasyni.

Af lambhrútunum var efstur hrútur no. 171 frá Flögu, í eigu Fjölu Runólfsdóttur í Hófataki á Gunnarsstöðum. Hrúturinn er undan Dofra 15-261 frá Flögu undan Hvata 13-926 og Kríu 07-027 sem er undan Lóðasyni. Í öðru sæti var hrútur no. 16-150 frá Hagalandi, undan Grím 14-955 frá Ytri-Skógum og Klöppu 14-468 í Hagalandi en hún er undan Saum 12-915 frá Ytri-Skógum. Í þriðja sæti var einnig hrútur no. 10 frá Hagalandi, í eigu Gunnarsstaðabúsins, sonur Jökuls 13-158 í Hagalandi, Válasonar. Móðir hrútins er 11-120 í Hagalandi undan Ljóma 10-151 frá Hafrafellstungu.

Í annað sinn er valinn fegursti forystuhrútur Þistilfjarðar. Þar eru aðrar áherslur í ræktuninni. Þar eru kostirnir að vera háfættur, litfagur, athugull, að bera sig vel og að vera ekki of villtur. Í ár var það hrútur frá Laxárdal, í eigu Friðgeirs Óla Eggertssonar, Biskup 16-325 undan Draumi 15-325 Flórgeðasyni og Etnu 12-084 sem er frá Holti. Biskup



Lambhrútararnir. Fjóla á Gunnarsstöðum og Ómar í Flögu halda í efsta hrútinn en Haíke og Gunnar í Hagalandi halda í hrúta sem voru í öðru og þriðja sæti.

Mynd / AG



Friðgeir Óli Eggertsson með forystuhrútinn sinn, Biskup.

Mynd / Soffía Björgvinsdóttir



Veturgömlu hrútararnir og eigendur þeirra. Frá vinstri: Jóhannes með Vita, Axel með Keisara og Einar með Óð.

Mynd / Soffía Björgvinsdóttir

er af langræktuðu forystukyni í Þistilfirði og hefur flesta þá kosti sem forystuhrútur þarf að hafa.

Fræðasetur um forystufé gefur eignabikar fyrir fegursta hrútinn og er það hvatning til þeirra sem rækta forystufé en í Þistilfirði eru forystukindur á flestum bæjum. Þær eru mikið notaðar við rekstra milli hólfa og þegar sleppt er á fjall á vorin og á haustin eru þær notaðar

við innrekstur og þegar verið er að flytja fé milli hólfa.

Að lokinni sýningunni bauð Þistill upp á kaffi og meðlæti. Þar spjallaði fólk saman, karpaði um hvort rétt væri raðað í sæti en þar eru menn sjaldan sammála. Nokkrir hrútar skiptu um eigendur enda er þetta góður vettvangur til að skoða hrútakost annarra og skipta á hrútum.

/DH

FROSTFRÍAR LAUSNIR

Polarflex Pirit Pro
frostfríar slöngur


Slöngur með innbyggðan sjálfvirkkan hitastilli sem hitnar þegar þörf er á.

Tilvalin lausn þegar færa þarf vatn og frárennsli frá A til B á kuldaslóðum!

**Polarflex**
snjóbræðslumottur

Bræða klaka og snjó við snertingu þannig að svæði haldist snjólaus og klakalaus.

Enginn snjómokstur, klaki eða salt!



KJARAN ehf. | Síðumúla 12-14 | 108 Reykjavík | Sími 510 5500 | kjaran@kjaran.is | kjaran.is

KJARAN

RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ!



TOYO TIRES
driven to perform



BFGoodrich
TAKE CONTROL

**MAXXIS**

Fáðu aðstoð við val á jeppadekkjum hjá söluaðilum okkar um land allt

Bílabúð Benna
Sími: 590 2045
www.benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Búvís 10 ára 2016

KRÄNZLE ÞÝSKAR GÆÐA HÁPRÝSTIDÆLUR
TILBOÐ TIL ÁRAMÓTA

PROFI 160 TST
Hámarksþrýstingur 160 bar
Vinnuþrýstingur 30-140 bar
Vatnsmagn 11 lítrar á mín.
230 volt, 3,2 kw
Kr. 169.000,- án vsk.



HD 10/122
Hámarksþrýstingur 135 bar
Vinnuþrýstingur 30-120 bar
Vatnsmagn 10 lítrar á mín.
230 volt, 2,5 kw
Kr. 69.500,- án vsk.

1000 TST
Hámarksþrýstingur 250 bar
Vinnuþrýstingur 30-220 bar
Vatnsmagn 16 lítrar á mín.
Vatnstankur 16 l
400 volt, 7 kw
Kr. 289.600,- án vsk.



K1050P
Vatnsmagn 7,5 lítrar á mín.
Vinnuþrýstingur 160 bar,
8 metra slanga
230 volt, 2,2 kw
Kr. 49.900,- án vsk.

Quadro 799TST
Hámarksþrýstingur 200 bar
Vinnuþrýstingur 30-180 bar
Vatnsmagn 13 lítrar á mín.
Vatnstankur 10 l
400 volt, 5,5Kw
Kr. 199.000,- án vsk.

**kranzle**

Með öllum dælum fylgir með sprautuhlíf, stakkur og húfa



AFMÆLISTILBOÐ
Kr. 92.660,- án vsk.

Kränzle háprýstidæla 1152 TST
Hámarksþrýstingur 150 bar
Vinnuþrýstingur 30-130 bar
Vatnsmagn 10 lítrar á mín.
230 volt, 2,8 kw.



AFMÆLISTILBOÐ
Kr. 139.000,- án vsk.

Kränzle háprýstidæla K2160TST
Hámarksþrýstingur 160 bar
Vinnuþrýstingur 30-140 bar
Vatnsmagn, 11 lítrar á mín
230 volt, 2,8 kw
15 metra slanga, turbo og kraftstútur



Búvís
2006-2016
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



STEEKUR

Að vekja upp draug

Uppvakningar eru draugar sem vaktir eru upp af lifandi mönnum til að þjóna ákveðnum tilgangi, oftast til illverka. Ekki er því að undra að þeir séu bæði skapvondir og úrillir, þegar verið er að raska ró þeirra sem liggja í friði.

Ekki eru allir sammála um hvernig vekja skal draug en í þjóðsögum Jóns Árnasonar má finna eftirfarandi lýsingu. Fyrst skal þess að gætt að það sé gert að nóttu til, sem er milli föstudags og laugardags og það sé milli 18. og 19. eða 28. og 29. mánaðardags, það er sama í hvaða mánuði eða viku það er.

Særingarmaðurinn skal kvöldið áður hafa snúið faðirvorinu öfugt og skrifað það á blað eða skinn með keldusvínsfjöður úr blóði sínu sem hann tekur úr vinstra handlegg. Einnig skal hann rista rúnir á kefli. Fer hann svo með hvort tveggja út í kirkjugarð um miðnætti og gengur að því leiði sem hann hefur valið. Þykir ráð að velja fremur hin minni. Leggur hann keflið á leiðið og veltir því fram og aftur og þylur öfugt faðirvorið ásamt töfraformúlum. Þegar leiðið fer að ókyrrast, birtast ofsónir á meðan draugurinn er að mjakast upp. Uppvakningar eru sárnaudugir að hreyfa sig og gengur þetta því seint fyrir sig. Draugurinn biður særingarmanninn að leyfa sér að liggja í friði, en ekki má særingarmaðurinn gefa undan né láta sér bregða við ofsónirnar. Hann skal halda áfram við gjörninginn uns draugurinn er kominn hálfur upp. Þegar draugurinn er kominn hálfur upp á að spyrja hann tveggja spurninga en ekki þriggja því þá hverfur draugurinn niður aftur, fyrir þrenningunni. Fyrsta spurningin er vanalega hver hann hafi verið í lífinu og sú seinni hversu hraustur hann sé. Ef draugurinn segist hafa verið meðalmaður eða meir er ráðlegt að hætta, því það liggur fyrir særingarmanni að takast á við drauginn. Draugar eru ákaflega sterkir og sagt er að þeir magnist um helming umfram það sem þeir voru í jarðlífinu. Þetta er ástæða þess að særingarmenn velja helst börn, tólf til fjórtán ára gömul, en ekki menn sem komnir eru undir þrítugt. Sé ákveðið að halda áfram, skal særa uns hann er allur kominn upp. Þegar draugar koma fyrst upp úr grófum sínum vella öll vit þeirra, munnur og nasir, í froðuslefu og saur, heitir þetta náfroða. Froðu þessa á særingarmaðurinn að sleikja af draugnum. Síðan skal hann vekja sér blóð undan litlu tá á hægri fæti og vökva með því tungu draugsins. Nú hefjast slagsmálin við drauginn, menn eru ekki á einu máli um það hvor ræðst á hvern, draugurinn eða kuklarinn, en hafi draugurinn betur dregur hann særingarmanninn niður í grófina með sér. Hafi særingarmaðurinn betur, er draugurinn skyldugur til að þjóna honum. Karlar sem vaktir eru upp nefnast Mórar en kvenmenn Skottur.

Þeir uppvakningar sem særðir eru upp áður en líkið nær að kólna, þykja rammastir og verstir viðureignar. Það verður einnig að sjá þeim fyrir mat, því þeir þurfa að nærast eins og lifandi menn. /VH

SKIPULAGSMÁL

Söluvaran landslag

Skipulag er alltaf tengt staðsetningu og er því nátengt landinu. Gæði skipulags ráðast meðal annars af því hve vel það er sniðið að legu landsins.

Á vissan hátt er landslagið rammi skipulagsins. Íslenska landslagið er stórbrotið, mikilfenglegt og oft á tíðum hrikalegt. Í því liggur feegurð þess. Landslag táknar samkvæmt Íslenskri orðabók „heildarútlit landsvæðis, form náttúru á tilteknum stað“. Merking orðsins og hugtakið sem vísað er til með orðinu landslag á sér aðrar rætur í íslensku en í flestum germönskum málum eins og Edda Waage fjallaði um í doktorsritgerð sinni 2013.

Á ensku, þýsku og Norðurlanda-málunum utan íslensku er notað orð samstofna hinu forna landskapur (landskab, landscape) þ.e. hvernig landið er mótað. Samkvæmt Morkinskinnuhandriti frá um 1275 þá notuðu Íslendingar orðið landsleg, þ.e. hvernig landið liggur. Landslag vísar í legu landsins eins og það er í náttúrunni. Almennt er ekki átt við hvernig það hefur verið brotið undir ræktun eða aðra starfsemi mannanna.

Landslag í hugum flestra Íslendinga vísar í ósnortið landslag. Víða erlendis er slíkt hugtak vart til lengur og landslag (landscape) vísar til landsins þótt ásynd þess stafi öll frá ákvörðunum manna um hvað skuli rækta hvar. Byggakrar og skógræktarreitir eru í hugum margra Íslendinga fyrirbæri sem er komið fyrir í landslaginu en verða seint hluti af því. Menningarlegi munurinn sem endurspeglast í þessari hugsun er að maðurinn býr í landslaginu og aðlagar líf sitt að því frekar en að breyta landslaginu til samræmis við þarfir sínar.

Dóra S. Gunnarsdóttir leiðbeinir varðandi þessi mál af hálfu Matvælastofnunar, þar sem hún er forstöðumaður á sviði neytendaverndar. Hún segir að ný reglugerð hafi verið gefin út fyrir skemmstu sem hafi það markmið að auka sveigjanleika í lítilli og hefðbundinni matvælaframleiðslu, til að auðvelda framleiðendum að uppfylla kröfur matvælalöggjafarinnar. „Lög nr. 93/95 um matvæli kveða á um að matvælafyrirtæki skuli hafa starfsleyfi. Matvælafyrirtæki er fyrirtæki sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi.

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Samkvæmt 9. gr. laganna þurfa öll



Það er nauðsynlegt að þekkja og skilja landið sem maður býr í. Landslagið og landgæðin hafa áhrif á hvar maðurinn hefur valið sér að búa í gegnum aldirnar. Smám saman lærðu menn að lesa landið og velja sér bústað út frá því sem best hentaði.

Samkvæmt markmiðum skipulagslaga 123/2010 þá ber okkur að „tryggja vernd landslags“.

Nú er oft unnin landslagsgreining til að gera sér grein fyrir staðháttum. Segja má að landslagsgreining sé bókstafslega unnin frá grunninum og upp (e. bottom-up), þar sem landið er greint allt frá berggrunni að fuglalífi og veðurfari. Mikilvægt er að taka tillit til landslags á norðurslóðum þar sem skuggar eru langir og vetur kaldir og vindasamir. Með stórauðinni aðsókn

ferðamanna til landsins má segja að landslag sé ein okkar helsta útflutningsvara og mikið af áskorunum sem við þurfum að takast á við í skipulagsmálum. Hingað til höfum við verið að skipuleggja fyrir íbúana sem hafa lært að búa í landinu. Nú þurfum við líka að skipuleggja fyrir ferðamenn – neytendur sem þekkja ekki landið.

Skipulagning fyrir ferðamennsku er tvíeggjað sverð því margir ferðamenn sækja í að upplifa þá tilfinningu að vera einir í óspilltri náttúrunni. Aðdráttaraflíð er ósnortið náttúrulegt landslag sem er ólíkt því landslagi sem þekkest í þéttbýlli löndum sem er oftar en ekki mótað af manningum. Á Íslandi upplifa ferðamenn fámenni, jafnvel á eftirsóttum stöðum þar sem íbúum landsins þykir orðið margt um manninn. Þeir hafa aðrar hugmyndir um margmenni en við Íslendingar og hafa kannski vanist því að búið sé að sníða umhverfið þannig að ekki stafi hætta af náttúrunni.

Við þurfum að passa að landið líði ekki fyrir ferðamannastrauminn og þurfum að beina honum víðar um landið. Að sjálfsögðu þarf að huga að grunnþörfum mannsins og koma upp aðstöðu, þar á meðal salernum, sem víðast. Þetta snýst líka um framboð og eftirspurn. Ekki viljum við að nýja „ferðamannatorfan“ hætti að ganga inn í íslenska lögsögu. Því fylgir áskorun að bæta öryggi, aðgengi og aðstöðu á ferðamannastöðum og skipuleggja þá þannig að þeir virki náttúrulegir og spennandi en séu jafnframt skipulagðir og öruggir. Að ferðamannastaðurinn haldi yfirbragði ósnortinnar náttúru þar sem hægt er að njóta landslags sem ekki er skapað af manningum.

ekki tilgreind í viðauka I, en gjald fyrir annað eftirlit er 8.348 krónur á klukkustund auk ferðakostnaðar, samanber 8. grein gjaldskrárinnar.“

Vinnsla og geymsla heima á bæ er áhættuflokkuð

„Vinnsla og geymsla heima á bæ telst til síðari stiga og áhættuflokkun nær til þeirrar starfsemi. Fyrirtæki í vinnslu matvæla hafa verið áhættuflokkuð og tímar í eftirliti ákvarðast samkvæmt því. Lítil fyrirtæki fá ekki margar tíma – kannski 2–4 á ári. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð er 20.870 krónur á klukkustund. Aðeins er greitt fyrir eftirlit sem framkvæmt er á eftirlitsstað og greitt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung.

Til viðbótar við ofangreind gjöld skal greiða 3.330 króna akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn,“ segir Dóra.

Að sögn Dóru skiptir máli hver meginstarfsemin er varðandi það hvert framleiðandinn eigi að snúa sér til að fá að sækja um starfsleyfi. „Það er mismunandi hver gefur út starfsleyfi. Ef það er í sauðfjárrækt fer MAST með eftirlitið – og því einnig með eftirlit með sölu afurðanna. Það er reynt að koma í veg fyrir að tveir aðilar fari í matvælaeftirlit á sama stað.“

Nýju reglugerðina er hægt að nálgast á vefnum reglugerð.is, undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. /smh

Sigríður Kristjánsdóttir

lektor – auðlinda- og umhverfisdeild Lbhl
sigridur@lbhi.is



Tilslakanir í regluverki smáframleiðenda:

Aukið svigrúm til framleiðslu séríslenskra hefðbundinna matvæla



matvælafyrirtæki að hafa starfsleyfi frá hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila,“ segir Dóra.

Slakað á kröfum í nýjum reglum

Í nýrri reglugerð (nr. 856/2016) eru talsverðar nýjungar sem eiga að höfða til lítilla matvælafyrirtækja, þar sem vinnsla matvæla er hliðarþúgrein með annarri starfsemi. Hún gefur afslátt af ákveðnum kröfum í hollustuháttareglum og skapar aukið svigrúm til framleiðslu séríslenskra hefðbundinna matvæla, svo sem reykingar á kjöti í litlum reyk húsum eða torfkofum og þurrkunar á fiski í hjöllum og trönum. Ákveðinn sveigjanleiki er veittur fyrir litlar mjólkurvinnslur, litlar kjöt- og fiskvinnslur, litlar eggjapökkunarstöðvar og litlar matvæla-vinnslur.



Dóra S. Gunnarsdóttir.

ÆTLAR ÞÚ Á RJÚPU?

© PÉTUR ALAN GUDMUNDSSON



SKOTVÍS ÓSKAR VEIÐIMÖNNUM GÓÐRAR SKEMMTUNAR. GÆTUM FYLLSTA ÖRYGGIS, SÝNUM BRÁÐINNI, NÁTTÚRUNNI OG LANDEIGENDUM VIRÐINGU. AÐILD AÐ EINU HAGSMUNASAMTÖKUM SKOTVEIÐIMANNA Á ÍSLANDI KOSTAR AÐEINS KR. 5600. ÁN SKOTVÍS HEYRÐU RJÚPNAVEIÐAR LÍKLEGAST SÖGUNNI TIL. ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA FÉLAGI?



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

SKRÁÐU ÞIG Á WWW.SKOTVIS.IS
EÐA KGGBIG@SKOTVIS.IS

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

*Forsniðin einingahús
Fljótleg í uppsetningu*



Styrkur - Hagkvæmni - Hönnun



LANDSHÚS

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is



Ræktunarbúið Hofi

— leiðrétting á töflu

Hof				
Nafn	Fæðingarár	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Grámann	2009	8,08	8,7	8,45
Náttúra	2009	8,16	8,5	8,37
Hagur	2011	8,29	8,15	8,21
Gæfa	2012	8,02	8,17	8,11

Mistök urðu við birtingu töflu um árangur kynbótahrossa frá ræktunarbúinu Hofi á Höfðaströnd í síðasta tölublaði Bændablaðs.

Hof frá Höfðaströnd var eitt sextán búa sem hlaut tilnefningu

Bændasamtaka Íslands til titilsins ræktunarbús ársins. Fjögur hross frá búinu voru sýnd í ár en vegna mistaka var röng tafla birt með umfjöllun um búið, en hún birtist hér. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bjóðum hesta- og húsdýrakerrur eins og tveggja hæða frá Graham Edwards Trailers, ýmsar gerðir og verð.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson auglýsir rannsóknastyrki í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Til úthlutunar verða 4,2 milljónir króna. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 10. janúar 2017.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðum Landgræðslu ríkisins (land.is), Skógræktar ríkisins (skogur.is) og Skógræktar-félags Íslands (skog.is). Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í einu pappírseintaki og á tölvutæku formi. Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.

Nánari upplýsingar gefur formaður sjóðsins, **Guðbrandur Bynjúlfsen** í síma 844 0429. Netfang: buvangur@emax.is

Umsóknum skal skila til: Landgræðslusjóðs, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík. Skrifa skal skýrt á umslag: „Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson“.

Ráðstefna haldin laugardaginn 3. desember:

Íslensk hrossarækt í 100 ár

— Stefnumótun hrossaræktarinnar

Í ár eru tímamót í íslenskri hrossarækt í ýmsum skilningi.

Það eru 110 ár frá því að fyrsta kynbótasýningin var haldin, 100 ár frá fæðingu Sörla 71 frá Svaðastöðum, sem er einn helsti ættfaðir íslenska hestsins í dag, 30 ár frá upptöku BLUP-kerfisins, 25 ára afmæli nútíma skýrsluhalds og í ár er 100 ára afmælisár Gunnars Bjarnasonar, fyrrv. hrossaræktarráðunautar, brautryðjanda sýningarhalds og markaðssetningar á íslenska hestinum.

Því er vel við hæfi að líta yfir farinn veg og skoða hvernig til hefur tekist; fara yfir sögu og þróun hrossaræktarinnar, rannsóknir á íslenska hestinum og stöðu þekkingar. Ekki er síður mikilvægt að marka stefnu til næstu ára; móta ræktunarmarkmiðin og matið á hestinum í kynbótadómum; sjá fyrir sér hlutverk hestsins og notendur hans í framtíðinni og hvernig hestahaldið kemur til með að þróast.

Af þessu tilefni er efnt til vinnufundar hrossaræktarinnar þar sem við fræðumst og förum yfir stöðuna í áhugaverðum fyrirlestrum. Einnig er hugmyndin að virkja fundarfólk til þátttöku í stefnumótun fyrir íslenska hestinn og hafa áhrif á mótun ræktunarmarkmiðsins og matsaðferða á hrossum í kynbótadómi.

Aðgangur að ráðstefnunni er



ókeypis og allt áhugafólk um hrossarækt er hvatt til að mæta. Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig á ráðstefnuna og er skráningin inni á heimasíðunni. www.rml.is (sjá. Á döfinni).

Staðsetning:

Samskipahöllin í Spretti

Tímasetning:

3. desember, 10.00 – 17.00

Dagskrá:

Ráðstefnustjóri:

Ágúst Sigurðsson

10.00–10.20 Saga íslenskrar hrossaræktar og notkunar hestsins í 100 ár – Kristinn Hugason.

10.30–10.50 Rannsóknir í þágu hestsins – Sveinn Ragnarsson.

11.00 – 11.20 Þróun kynbóta og næstu skref í þekkingaröflun – Þorvaldur Árnason.

11.30–11.50 Þróun notkunar

hestsins og keppnisgreina – Anton Páll Nielsson.

12.00 Matarhlé **13.00–13.20** Velferð, ending og frjósemi hestsins – Sigríður Björnsdóttir.

13.30–13.50 Hrossaræktin og markaðurinn – Olíla Amble.

14.00–14.20 Þróun ræktunarmarkmiðsins – Þorvaldur Kristjánsson.

14.20–16.00 Stefnumótun – Hópaþvinna.

Kaffihlé – 20 mínútur.

16.20–16.50 Samantekt – Hópstjórar kynna afrakstur hópavinnunnar.

16.50–17.00 Lokasamantekt og ráðstefnuslit.

Félag hrossabænda, Háskólinn á Hólum, Matvælastofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Sögusetur íslenska hestsins.

Refapeysan góða á 3-4 ára

Í innblaði síðasta Bændablaðs, „Prjónauppskriftir Bændablaðsins“, var uppskrift að þessari fallegu peysu með 12 refum. Þar láðist að setja með mynstrið. Með peysunni er uppskriftn því endurbirt hér með öllu saman.

Fjöl margar áhugasamar prjónakonur höfðu samband eftir síðasta blað, enda erfitt að leggja í slíka peysu ef ekkert mynstur er til að styðjast við. Eru lesendur blaðsins beðnir velvirðingar á þessu með von um að margir krakkar eigi eftir njóta þess að fá að spóka sig í svona peysu á næstunni.

Peysa á 3-4 ára

Létt-lopi.
Hringprjónar nr.3 1/2 og 4 1/2 40 cm.
A-0054 ljós grár1
Sokkaprjónar nr. 4 1/2
B- 0059- svart 1
Prjónafesta 10x10 cm = 18 l og 24 umf. sl.
C- 1406 vörgrænn 1 á prjóna nr. 4 1/2
D- 1410 appelsínugulur.1
AA- 9427 ryðbrúnn 3

Bolur.

Fitja upp 121 l. með svörtu . Bæta við 3 l. sem eru prjónaðar brugðnar ef peysan er höfð opin.
Prjóna sl og br 2 umf. Með ryðbrúnu svo 2 umf með vörgrænum. 4 umf með ryðbrúnum. Skipta yfir á pr. no. 4 1/2 og prjóna slétt prjón þar til bolur mælist 24 cm. – Geyma bol.

Ermar.

Fitja upp 32 l . prjóna sl og br. eins og stroff á bol. Auka út um 4 l í fyrstu sl. umf.

Aukið út á miðri undirermi 2 l. Í sjöundu hv. Umf. 6 sinnum þar til 48 l eru á prjóninum prjónið þar til ermi mælist 27 cm. Setjið 9 miðlykkjurnar á nælu og prjónið hina ermina eins.

Axlastykki.

Sameinið bol og ermar á einn hringprjón. Brugðnu lykkjurnar eru ekki taldar með.
Prjónið 25 l. Setjið 9 l á nælu og prjónið ermina í 39 l. Bak 53 l. 9 l á nælu . Seinni ermin prjónuð í og síðustu 26 l. Einnig 3 br. Áfram. Byrjið á mynstri og sannreinið lykkjufjöldann svo


mynstrið passi . Auka út um eina l. Við handveg svo mynstrið passi. Prjónið mynstur eftir teikningu.

Kragi.

Prjónið síðustu umf. slétt með prj. 3 1/2 . Takið úr ef þarf þar til 59 l eru eftir. Prjónið sl og br. 5 umf með grunnlit, 2 umf grænt, 2 umf grunnlit. 4 umf svart, síðustu 5 umf. með grunnlit. Fellið af.

Gangið frá endum. Sauma aftursting með appelsínugulu meðfram andlitinu á rebba. Kljúfið lopann til að fá finni þráð.

Guðrún Jónsdóttir






Barátta við óblíða náttúru

Út er komin hjá Veröld bókin **Hrakningar á heiðavegum** eftir þá Pálma Hannesson og Jón Eyþórsson.

Híð rómaða stórvirki **Hrakningar** og heiðavegir eftir þá Pálma Hannesson og Jón Eyþórsson er fyrir löngu orðið sígilt verk um öræfi Íslands og ótrúlega baráttu landsmanna við óblíða náttúru. Bækurnar hafa verið ófáanlegar um langt árabil en nú hefur verið safnað saman úrvali af hrakningasögum úr verkinu.

Hér er að finna magnaðar frásagnir af hrakningum manna víðs vegar á landinu og frá ýmsum tímum. Í sumum tilfellum eru þetta sögur af hreystimennum, oftast þó af venjulegu fólki – körlum og konum – sem þurfti að takast á við vægðarlaus náttúruöflin fjarri mannabyggð.

Gripandi og átakanlegar frásagnir sem kalla fram ískaldan spennuhroll, undrun og aðdáun.



Ferð um framandi samfélög

Út er komin hjá Veröld bókin **Hulduþjóðir Evrópu** eftir Þorleif Friðriksson.

Evrópa er samfélag fjölda þjóða sem margar hverjar búa í samþýli við stærri og völdugri þjóðir. Sumar af þessum þjóðum þekkja flestir, t.d. Sama. Færri vita um tilvist margra þeirra, eins og t.d. Rútena, Husula og Bojka. Í gegnum aldirnar hafa landamæri færst til á meðan þessar þjóðir hafa lifað áfram, oft í skugga fjandsamlegra yfirvalda eins og óhreinu börnin hennar Evu.

Hér er lesendum boðið í heillandi ferðalag um Evrópu þar sem hátt í fjórutíu hulduþjóðir eru heimsóttar og fjallað á aðgengilegan og lifandi hátt um sögu þeirra, sem oft og tíðum er allt að því reyfarakennd, og menningu sem stundum er gjörólík því sem ríkir í viðkomandi löndum. Yfir og allt um kring er svo átakamikil saga Evrópu.

Þorleifur Friðriksson er doktor í sagnfræði og eftir hann liggja ýmis rit, m.a. saga Verkmannafélagsins Dagsbrúnar. Þorleifur hefur í áratíðir ferðast um slóðir hulduþjóða í Evrópu og kynnst menningu þeirra og sögu.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar



Rastaðir gólfbitar



Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa



AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)



G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is



Bætiefnaúrvalið fæst hjá Líflandi

Bætiefni sem mæta þörfum íslensks búfjár



Himag fata 20 kg Verð: 5.520 kr.

Magnesiumfata fyrir kýr og kindur auðug af steinefnum og vítamínum

Kúafata 20 kg Verð: 5.520 kr.

Bætiefnafata fyrir mjólkurkýr með hátt kalsíuminnihald

Geldstöðufata 20 kg Verð: 5.946 kr.

Bætiefnafata sem mætir steinefna- og vítamínþörfum kúa á geldstöðu



Kúasteinn 10 kg Verð: 808 kr.

Steinefnabættur saltsteinn fyrir jörturdýr

Alhliðasteinn 2 kg / 10 kg Verð: 316 / 750 kr.

Saltsteinn fyrir allan búfénað

FW vítamínsteinn 10 kg Verð: 1.498 kr.

Vítamínbættur steinefnasteinn sem hentar sérstaklega vel fyrir sauðfé



Lactation kurl 25 kg Verð: 4.352 kr.

Fínt möluð og lystug steinefnablanda fyrir mjólkurkýr

Lactation köggjar 25 kg Verð: 6.640 kr.

Köggluð og lystug steinefnablanda fyrir mjólkurkýr

Biggi-141 steinefnablanda 25 kg Verð: 5.109 kr.

Steinefnablanda fyrir nautgripi og kindur



ADE60-Se 5 ltr. Verð: 6.740 kr.

ADE60-Se 20 ltr. Verð: 28.490 kr.

Fljótandi A,D,E vítamín- og selengjafi sem má úða á heyin eða blanda í drykkjarvatn

Öll verð eru með vsk.

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghals

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Stórolfsvöllur



Fréttaskýring

Blöndun þangs og þara í fóður dýra getur dregið úr metangasmyndun og líka sparað fóðurgjöf:

„Fullt tilefni til að skoða þetta betur“

— segir rannsóknastjóri hjá Matís — eitthvað sem landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn gætu skoðað í sameiningu

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Eins og greint var frá í síðasta Bændablaði hafa ástralskir vísindamenn verið að rannsaka möguleika á því að minnka metangasframléiðslu í búfé með því að blanda þangi í fóðrið. Umfjöllun Bændablaðsins vakti mikla athygli og meðal þeirra sem hafa tjáð sig um málið er Hörður G. Kristinsson hjá Matís.

Hörður, sem er rannsókn- og nýsköpunarstjóri hjá Matís, segir þessar rannsóknir í Ástralíu áhugaverðar og gefi fullt tilefni til tengdra rannsókna hér á landi.

„Það er þó engin spurning að það er vel þess virði að skoða þetta nánar, líka hér á landi.“

Hann segir að svo virðist sem íblöndun þangs í fóður búfénaðar í litlu magni hafi ekki neikvæð áhrif á líf dýranna, en það þurfi þó að rannsaka frekar.

Tvöfaldur ávinningur af minnkun á metangasi

„Það sem ég hef skoðað af þessum rannsóknum er að vísindamennirnir í Ástralíu tala um að metangasframléiðsla í meltingarvegi dýranna leiði til 15% orkutaps í fóðrinu sem þau éta. Það er sú orka sem fer í að framleiða metangasið. Með því að minnka metanframléiðsluna ættu menn því að fá betri fóðurnýtingu sem er mjög áhugavert,“ segir Hörður.

Bendir hann á að þannig yrði tvöfaldur ávinningur af því að minnka metanframléiðslu í meltingarvegi dýranna, annars vegar minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar mögulegur sparnaður í fóðurgjöf.

Virka efnið bromoform

Hann segir að virka efnið sem um ræðir og dregur úr myndun metangass í meltingarvegi dýranna heiti bromoform (CHBr₃). Þetta efni finnst í miklum mæli í náttúrunni og þá sérstaklega í þangi og svifþörungum (phytoplankton). Einangrað sem vökví er það fölgult að lit við stofuhita og sagt hafa sæta lykt, ekki ósvipað klóróformi, og hefur mjög hátt sýrustig.

„Það er töluvert af þessu efni í hafinu og ansi mikið í svifþörungum,“ segir Hörður.

Þangið sem áströlsku vísindamennirnir fundu og innihélt hátt hlutfall af bromoformi heitir „Asparagopsis taxiformis“. Ekki er vítað til að sú tegund finnst við Ísland. Við Ástralíu er ekki mikið af þessu þangi og ef fara ætti að nota það í fóðurbloðundir í stórum stíl, þá þyrfti mjög mikið magn. Eina leiðin til að anna því væri þá ræktun á þessu tiltekna þangi sem ekki mun vera auðvelt.

Þyrfti mikið magn af þangi

„Ef við tökum alla nautgripina í Ástralíu, sem eru um 2,5 milljónir, þá þyrfti um 3 milljón tonn af þangi. Það er gríðarlegt magn ef tekið er tillit til þess að heimsframléiðslan sem nýtt er af þangi í dag er um 25 milljónir tonna,“ segir Hörður.

Beltisparinn mikil uppspretta bromoforms

— Eru þá ekki mögulega aðrar þangtegundir með svipaða virkni sem mætti nýta í þetta? —

„Ég hef verið að fletta þessu upp



Allt í kringum Ísland vex þategund sem virðist innihalda sémilegt magn af bromoformi. Það er tegund sem heitir „Laminaria saccharina“, eða beltispari. Á myndinni eru frá vinstri Símon Sturluson og Árni Jón Einarsson með beltispara. Hún er úr skýrslu sem Matís gaf út um ræktun og nýtingu svifþörungna við Ísland árið 2012. Var verkefnið unnið í samvinnu við Háskólann á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Verkefnasjóð sjávarútvegsins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Mynd / Símon Sturluson.



Svifþörungur í blóma í hafinu út af Breiðafirði og Faxaflóa.

Mynd / NASA




Hörður G. Kristinsson.

og hef séð eina tegund sem vex hér við Ísland og virðist innihalda sémilegt magn af bromoformi. Það er tegund sem heitir „Laminaria saccharina“, eða beltispari.“

Þess má geta að beltispari vex hér við land í miklum breiðum og er auk þess hraðvaxin jurt. Þetta eru stórar, aflangar, brúnar blöðkur sem sitja á stilk (þöngli) sem er festur við klöppina með greinóttum festusprotum (þöngulhaus). Hann vex neðst í grýttum fjörum eða



Flaska með bromoformi.



Bromoform sameind.

klapparfjörum. Beltisparinn vex á vorin og er blaðkan fullvaxin í maí til júní. Beltisparinn getur orðið meira en 5 metra langur og blaðið



Beltispari telst til brúnþörungna (Fucophyceae). Hann finnst allt í kringum landið og vex neðst í fjöru og allt niður á 25 metra dýpi.

rúmur metri á lengd. Algengast er hins vegar að blaðið á fullvöxnum beltispara sé 1,5 til 2,0 metrar á lengd og 20 til 30 cm á breidd. Stilkur beltispara er sívalur og heill í gegn. Hann er oftast á bilinu 20 til 100 cm á lengd, samkvæmt heimild úr riti Karls Gunnarssonar um þara frá 1997.

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands telst beltispari til brúnþörungna (Fucophyceae). Hann finnst allt í kringum landið og vex neðst í fjöru og allt niður á 25 metra dýpi. Kjörbotngerð beltisparans er malarbotn. Á heimsvísu vex hann allt í kringum norðurhvel jarðar frá Norður-Rússlandi og Skandinavíu suður til Galísíu á Spáni. Beltispari er algengur í fjörum bæði við Bretlandseyjar og á Írlandi.

Í fjörðunum fyrir austan vex afbrigði af beltispara sem er með holan stilk. Áður var sá þari flokkaður sem sér tegund, Laminaria faeroensis, en er nú skilgreindur sem deilitegund beltisparans.

Á vef Rannsóknasjóðs í sjávarútvegi AVS er greint frá verkefni sem unnið var að 2014 og hét „Þróun matvæla úr beltispara“. Þar segir að verkefnið hafi snúist um að bæta nýtingu og auka verðmæti beltispara með því að þróa vinnsluferla fyrir beltispara í neytendavörur. Samhliða því að öðlast þekkingu og færni við meðhöndlun og vinnslu beltispara. Beltispari sem og annar þari hefur hingað til verið talin vannýtt auðlind við Íslandsstrendur.

Þörf á að rannsaka efnainnihald þarans betur

Hörður segir að nauðsynlegt sé að rannsaka notkun þara í fóður betur og þá líka hvort önnur efni í þaranum geti valdið meltingartruflunum hjá búfé. Samkvæmt rannsóknunum



Sauðfé á

í Ástralíu voru menn þar að gefa 2% hlutfall af þangi með blöndun í annað fóður og gaf það allt að 99% minnkun á myndun á metangasi. Þar var einnig talað um að ef hlutfallið færi um eða yfir 10% gæti það haft neikvæð áhrif á meltinguna hjá dýrunum.

Segir Hörður að þótt megnið af tilraununum í Ástralíu hafi verið á tilraunaskala, hafi menn þar líka verið að gera mælingar á lifandi dýrum. Því væri fróðlegt ef þetta yrði rannsakað betur.

Svifþörungur líka álitlegur bromoformgjafi

Svifþörungur (grænþörungur - phytoplankton) innihalda líka mikið af bromoformi. Þeir vaxa í gríðarlegu magni í heimshöfunum m.a. við Ísland og framleiða mikið af súrefni. Við ljóstillífuna og súrefnisframléiðsluna nýta þeir kolefni úr andrúmsloftinu og vinna þannig gegn gróðurhúsaáhrifum jarðar. Áætlað hefur verið að á milli 50% til 85% af súrefni heimsins sé framleitt með ljóstillífum svifþörungna.

Svifþörungur vinna gegn gróðurhúsaáhrifum

Samkvæmt vefsíðu NASA draga þörungur um 10 gígatonn af kolefni úr andrúmsloftinu árlega og fella það til botns þegar þeir drepast. Þeir innihalda mikið af omega 3 fitusýrum og eru jafnframt mjög olíurík tegund og hafa m.a. verið notaðir til að framleiða lífildsneyti. Slíkir þörungur hafa verið ræktaðir í Japan frá 1960 til ýmissa nota.

Þörungarnir eru einfrumungar sem fjölga sér með skiptingum. Þeir eru örsmáir, um 1/1000 millimetrar til 2 mm í þvermál. Svifþörungur eru frumbjarga lífverur sem nýta sér sólarorku og ólífræn efni til vaxtar og viðgangs.

Matís gaf reyndar út skýrslu um ræktun og nýtingu svifþörungna við Ísland árið 2012. Var hún unnin í samvinnu við Háskólann á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Verkefnasjóð sjávarútvegsins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Skoða þarf möguleg áhrif á kjötgæði og mjólk

„Allt þetta þyrfti að rannsaka betur og íblöndun í fóður með tilliti til langtímaáhrifa á dýr. Þá væri áhugavert að rannsaka líka hvaða áhrif slíkt hefði á kjötgæði. Það er vel þekkt að fóðursamsetning hefur þar mikil áhrif sem og á bragðgæði. Sjálfur hef ég tekið þátt í rannsóknunum á hvaða áhrif mismunandi fóður hefur á svín, t.d. með íblöndun á fiskimjöli og lýsi. Það er því fullt tilefni til að skoða þetta betur og eitthvað sem landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn gætu skoðað í sameiningu,“ segir Hörður G. Kristinsson.

Varðandi íblöndun á þangi eða þara í fóður hjá mjólkurkúmbenda Ástralarmir líka á nauðsyn frekari rannsókna. /HKR.

Sjálfbær þróun og viðskipti í landbúnaði:

Fjárfesting í aukinni sjálfbærni getur skilað sér sjöfalt til baka

Rannsóknir sýna að ef aukin áhersla verði lögð á sjálfbæran landbúnað í heiminum þá geti það skilað af sér 2,3 billjónum dollara í beinhörðum peningum.

Fyrirbæri sem heitir „Business and Sustainable Development Commission“ og hefur það að markmiði að styðja við þróun sjálfbærni á heimsvísu (Sustainable Development Goals - SDGs) fjallaði um þessi mál í sameiginlegri nýrri skýrslu með samtökunum AlphaBeta nýverið sem ber titilinn „Valuing the SDG Prize in Food and Agriculture“.

Skilar sér sjöfalt til baka

Þarna er reynt að verðmeta fæðu og landbúnað í samhengi við aukna sjálfbærni. Kemur fram að aukin sjálfbærni geti leyst úr læðingi 14 meiri háttar viðskiptatækifæri sem sem séu að verðmæti 2,3 billjónir dollara á ári fram til 2030.

Hver þáttur er metinn til ákveðinna verðmæta. Þannig er talið að aukin innleiðing sjálfbærni í nautgriparkætt muni fæða af sér árlegan hagnað upp á 15 milljarða dollara. Minni soun matvæla í einkageiranum er metin á 405 milljarða dollara. Endurheimt lands sem búið er að skemma með eiturefnum og ofnýtingu er metið á 85 milljarða dollara á ári.

Í skýrslunni segir að árleg fjárfesting upp á 320 milljarða dollara til að auka sjálfbærni muni skila sér sjöfalt til baka. Þetta muni opna á tækifæri til að mæta margvíslegum áskorunum í landbúnaði.

Landbúnaður á tímamótum

Núverandi matvæla- og landbún-aðarkerfi heimsins standa nú á

tímamótum að mati skýrslu-höfunda þar sem vöxtur og afkoma grein-arinnar helst ekki lengur í hendur m a n n k y n s . Það eigi bæði við um þróun matvælaöflunar á landi og í hafinu. Á sama tíma og æ fleiri búa við meiri og betri fæðu en nokkur sinni, séu

800 milljónir manna vannærðir en offitufaraldur sé um leið að hrjá 165 milljónir barna.

Í dreifbýlinu lifa 1,5 milljarðar smábænda enn undir fátækramörkum. Auknar kröfur og samkeppni um land, eldsneyti, fæðu og skógarafurðir eru á sama tíma að þrengja æ meir að skóglendi og öðrum náttúrugæðum. Það sé ekki bara að leiða til aukinna gróðurhúsaáhrifa, heldur líka til útrýmingar tegunda.

Sameiginleg skýrsla AlphaBeta samtakanna og Business Commission tekur til hvernig viðskipti með mat og landbúnaður geti vaxið með sjálfbærum hætti og mætt sjálfbærnimarkmiðum (SDG) sem sett voru 2015. Í þeim eru 17 tímasett markmið sem miða að því að stöðva fátækt og hungur í heiminum fyrir 2030 og taka á áskorunum til að koma í veg fyrir frekari hlýnun loftslags. Landbúnaðargeirinn fellur þar beint undir SDG markmið 2 sem lýtur að því að stöðva hungur í heiminum, einnig SDG 3 sem fjallar um auknið heilbrigði, SDG 8 sem lýtur að auknum hagvexti, að draga úr ójöfnuði samkvæmt SDG 10, ábyrgri neyslu og framleiðslu í SDG 11, verndun loftslags samkvæmt SDG markmiði 12, verndun lífríkis undir vatnsyfirborði í SDG

14 og verndun lífríkis á jörðinni samkvæmt markmiði SDG 15.

Samkvæmt skýrslunni ætti aukin sjálfbærni í landbúnaði og

fæðuöflun að geta fætt af sér 80 milljón ný störf víða um heim, þó aðallega í þróunarlöndunum. Inni í því eru talin 21 milljónir

nýrra starfa í Afríku, 22 milljónir á Indlandi, 12 milljónir í Kína og 15 milljónir starfa í öðrum Asíuríkjum. /HKr.

BYSSUSKÁPAR Raflæstir og lyklalæstir

Fóðraðir að innan og læst innrahólf
Hægt er að nota bæði lykla og raflæsingu
Einnig er hægt að kveikja
á þjófavörn sem er innbyggð

Fyrir 3 byssur

H 130 cm

B 23 cm

D 23 cm

kr. 35.000

Fyrir 10-12 byssur

H 152 cm

B 52,5 cm

D 31 cm

kr. 59.900

Fyrir 5-7 byssur

H 152 cm

B 40 cm

D 30 cm

kr. 49,900

TILBOÐ

+ FRÍ SENDING
út á land

Vesturrost

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

RAKAHELDIR
FLÚRLAMPAR



20%
afsláttur

2x58 W perur
og 2x36 W perur

RAFVÖRU MARKAÐURINN

við Fellsmúla | 108 Reykjavík | OPIÐ ALLA DAGA

australian[™]
tea tree

Bakteríu- drepanði krem og sápa

Bakteríudrepanði, græðandi og mýkjandi Tea Tree krem og sápa fyrir þurrar og sárar hendur.

Frábært “bænda” krem og sápa fyrir húð sem er undir miklu álagi.

Fæst í Lyfju
og Apótekinu
um allt land.



Fæst í Lyfju og Apótekinu um allt land.

Kæru bændur og aðrir viðskiptavinir

Sjá nánar um verð
á heimasíðu okkar
efnagreining.is

Þið hafið sent okkur tæplega 900 heysýni í haust og í tilefni þess fær sá sem kemur með/sendir þúsundasta heysýnið, fría greiningu á sýnið (og hin sýnin sem hann sendir).
Ath. við ætlum að bjóða upp á okkar lága verð til 15. des.

Vegna góðrar tíðar eru jarðvegssýnin enn að tínast í hús og ennþá möguleiki að senda. Við stefnum á að allir verði búnir að fá jarðvegssýnaniðurstöður 12. desember.

Jarðvegsefnagreining kostar 6600.- kr án vsk. Innifalið er: Ca, Mg, K, Na, P, Mn, Zn, Cu, sýrustigsgreining og rúmþyngd.



Höfum stækkað við okkur og tekið í notkun vel tækjum búna rannsóknastofu þar sem við getum boðið upp á margvíslegar örverugreiningar (salmonella, listeria, kamfýlobakter, einnig kóligerlar og heildarfjöldi gerla). Höfum einnig búnað fyrir ELISA og ensím próf og getum þar með greint margvísleg lífefni t.d. ofnæmisvalda. Endilega hafið samband s. 6612629 eða í tölvupósti á beta@efnagreining.is

Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Josera



SALTSTEINAR OG STEINEFNI

VÉLAVAL

VARMAHLÍÐ

☎ 453 88 88 ☑ velaval@velaval.is ☐ velaval.is

Uppbygging hjá Matís til að stuðla að matvælaöryggi:

Fær um að mæla flest nema sýklalyfjaleifar

– ekki er enn fylgst með sýklalyfjaleifum í innfluttum kjötvörum

Þegar ný rannsóknarstofa Matís var tekin í notkun í maí 2014 má segja að endapunktur hafi verið settur fyrir aftan nokkuð langt aðlögunartímabil Íslands að því að framfylgja reglugerðum um matvælaöryggi og neytendavernd sem það skuldbindur sig til með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Uppsetning á rannsóknarstofunni var einmitt hluti af verkefninu Öruggr matvæli, sem átti að stuðla að matvælaöryggi í þágu neytenda og framleiðenda og miðaði, að sögn Sveins Margeirssonar, forstjóra Matís, að uppbyggingu á tækjabúnaði og þekkingar innan fyrirtækisins til þess meðal annars að geta sinnt lögbundnum efnagreiningum í matvælum.

Á undanförunum misserum hafa komið fram upplýsingar sem benda til þess að meira geti leynst af óæskilegum efnum og örverum í matvælum en áður var talið; til að mynda sýklalyf, sýklalyfjaónæmar bakteríur og margvísleg svokölluð varnarefni sem notuð eru við ávaxta- og grænmetisframleiðslu. Því er ástæða til að athuga hversu vel Ísland er nú í stakk búð til að ná utan um allan þann aragrúa efna sem notuð eru í matvælaframleiðslu í heiminum í dag.

Matís vel í stakk búð

„Verkefnið Öruggr matvæli gekk mjög vel og upphafleg markmið náðust. Matís er vel í stakk búð í dag að þjónusta eftirlit og almennan markað með mælingar á til dæmis varnarefnum. Matís vinnur áfram að frekari uppbyggingu á sömu sviðum til að bæta enn þekkingu og getu til mælinga, meðal annars á varnarefnum, þörungaeitri og fjölhringa arómatískum vetniskolefnum (PAH-efni),“ segir Sveinn.

Áður en tækjabúnaður Matís var tekinn í notkun gátu Íslendingar



Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís.

Mynd / smh

sjálfir einungis mælt rúmlega 60 varnarefni, af þeim 190 sem skylt var að mæla samkvæmt EES-samningnum. Ísland var þess vegna á undanþágu frá almennum reglunni, sem að auki krafðist getu um að hægt væri að mæla alls 300 varnarefni. Með nýjum búnaði var hægt að uppfylla það, en vitað er að varnarefni í notkun eru mun fleiri. „Tækjalega er Matís fært um að mæla stærsta hluta þeirra varnarefna sem er í notkun í dag og við teljum okkur vel fær að hefja þær mælingar ef reglugerðir breytast. Varnarefnum sem þarf að fylgjast með er sífellt að fjölga sem þýðir að stöðugt þarf að þróa aðferðir og mæligetu rannsóknarstofa um allan heim. Nauðsynlegt er að gæta allra gæða- og öryggisþátta til að tryggja að mælingar gefi réttar og áreiðanlegar niðurstöður og því tekur tíma að bæta fleiri efnum inn í mæliaðferðina. Matís er stöðugt að vinna að því að auka mæligetuna og stefnir að því að vera fullkomlega samanburðarhæft við alþjóðlegar rannsóknarstofnanir,“ segir Sveinn.

Flókið ferli að þróa mæliaðferðir

„Uppsetning á tækjabúnaði á

rannsóknarstofu Matís gekk vel sem og þjálfun sérfræðinga Matís í notkun þeirra,“ segir Sveinn. „Það er töluvert flókið ferli að þróa mæliaðferðir sem uppfylla alþjóðlegar kröfur um gæðaeftirlit og rekjanleika. Ferli við að þjálfa starfsfólk hefur gengið vel en þörfin til að viðhalda þekkingu og endurþjálfun er stöðug. Starfið í kringum verkefnið Öruggr matvæli hefur gert okkur kleift að komast inn í alþjóðlegt tengslanet rannsóknarstofa. Það hefur líka hjálpað til að Matís hefur verið útnefnt tilvísunarrannsóknarstofa í 14 mismunandi aðferðum mælinga hér á landi.

Það er gríðarlega mikilvægt að vera í þessu alþjóðlega starfi til að viðhalda stöðugri endurþjálfun starfsfólks ásamt því að geta fylgst með örum framförum á sviði mælinga á óæskilegum efnum og örverum í matvælum og umhverfi.“

*Matís er þjónustuaðili
Matvælastofnunar*

Matvælastofnun (MAST) var samstarfsaðili Matís í verkefninu um Öruggr matvæli. „Matís þjónustar MAST við mælingar á varnarefnum, meðal annars í ávöxtum, grænmeti og komi. MAST setur saman árlega sýnatökuáætlun og sér um sýnatökur ásamt heilbrigðisefirlitunum. Þegar sýnin koma til Matís þá fylgja sérfræðingar Matís stöðluðum verkferlum og nýta sér alþjóðlega viðurkennda aðferð við mælingar á varnarefnum sem ber nafnið QuEChERS. Eftir útdrátt eru varnarefnin svo mæld með bæði gasgreini og vökvagreini sem báðir eru tengdir tvöföldum massagreini. Fjöldi opinberra eftirlitssýna markast af sýnatökuáætlun MAST,“ segir Sveinn.

Að sögn Sveins er þjónusta einnig í boði fyrir einkaaðila, sem nýtist meðal annars til innra eftirlits. „Ástæða mælinga einkaaðila geta verið margs konar. Til dæmis vilja innflutningsaðilar tryggja gæði matvara og fylgjast með sínum birgjum, til dæmis hvort erlendir birgjar fylgi íslenskum reglugerðum varðandi notkun varnarefna. Eins geta innlendir aðilar notað þjónustu Matís til að tryggja gæði sinnar framleiðslu og/eða fylgjast með rétttri notkun varnarefna og tryggja rétta verkferla í framleiðslunni.“

*Hægt að mæla bakteríur
en ekki sýklalyf*

„Matís er tilvísunarrannsóknarstofa í sjö mismunandi örverumælingum – ásamt því að vera faggild – og mælir því magn örvera í matvælum og umhverfissýnum, svo sem

KJÖTVINNSLUVÉLAR

Eigum nokkrar kjötvinnsluvélar til á lager: Kjötsagir, hakkavélar, hamborgarapressu, bjúgnagerðarvél, og vacumpökkunarvél.



Plastgrindur fyrir fjárhús

Eigum til á lager plastgrindur fyrir fjárhús

Allar nánari upplýsingar í síma 897-3290 eða á email: haukur@samleid.is



SAMLEIÐ

Samleið ehf, Sunnubraut 2, 620 Dalvík



salmonellu, camphylobakter og fleirum. Þessi þjónusta nýtist til dæmis opinberum aðilum eins og MAST og heilbrigðiseftirlitunum við opinbert matvælaeftirlit, en einnig einkaaðilum við innra eftirlit, rannsóknarverkefni og svo framvegis. Matís getur mælt mismunandi efnategundir og örverur, svo sem histamín, þungmálma, næringarefni og fleira. Þessar mælingar má gera á matvælum og á ýmiss konar umhverfissýnum,“ segir Sveinn.

Ekki er hægt að mæla sýklalyf í matvælum á rannsóknarstofu á Íslandi, að sögn Sveins, en á rannsóknarstöðinni á Keldum er þó hægt að greina næmi örvera fyrir sýklalyfjum.

Allar mælingar sem Matís gerir eru eign verkkaupa; ýmist vegna opinbers eftirlits – fyrir tilstuðlan MAST eða heilbrigðiseftirlita og eigendur ákveða hvort niðurstöðurnar eru birtar eða ekki. „Niðurstöður mælinga fyrir einkaaðila eru líka eign verkkaupans og hefur Matís enga heimild að opinbera þær niðurstöður. Það er mikilvægt að heilindi Matís séu ótvíræð í því samhengi og reglurnar skýrar,“ segir Sveinn.

Betri árangur í mælingum á varnarefnum

Örugg matvæli var samstarfverkefni Matís og MAST, en að auki tóku íslensk og þýsk stjórnvöld þátt í því og tvær þýskar rannsóknarstofnanir.

Ingibjörg Jónsdóttir, fagsviðs-stjóri hjá MAST, segir að mikill árangur hafi náðst með nýjum mælitækjum. „Fjöldi varnarefna sem hægt er að greina hefur aukist úr 61 upp í 185 núna á þessu ári – og enn er verið að bæta við efnum. Árangurinn kemur einnig fram í því að nú finnast oftar efni, gjarnan efni sem ekki var hægt að greina áður. Langoftast er það þó í magni innan við hámarksgildi og stafar ekki hætta af, en við vitum betur hvernig staðan er í raun hérlandis

og getum brugðist við þegar efni reynast vera yfir hámarksgildum.“

Örveruástand innflutts kjöts kannað en ekki lyfjaleifar

Að sögn Ingibjargar hefur ekki verið hægt að sinna mælingum á sýklalyfjaleifum í íslensku kjöti hér á Íslandi. „Vegna þess hve verkefnið Örugg matvæli var mikið skorið

niður, miðað við fyrstu áætlanir, er ekki hægt að sinna þeim mælingum hér. Í stað þess var ákveðið að fræða starfsmenn Matvælastofnunar með það í huga að tryggja að rétt sýni sé tekin miðað við áhættumat.

Þessar sýnatökur og eftirlit er í fullum gangi, eins og undanfarin ár, en rúmlega 1.000 sýni eru tekin árlega í sláturhúsum og á bæjum til greininga á lyfjaleifum og

aðskotaefnum. Þessi sýni eru enn þá nær öll send utan til greiningar og það breytist því miður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð. Sýnin eru send á þrjár rannsóknastofur, tvær í Svíþjóð og eina í Danmörku.

Vaðandi innfluttar kjötvörur þá var sett af stað rannsóknaverkefni árið 2015, í samvinnu MAST og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, til að kanna örveruástand á innfluttu

alifuglakjöti. Niðurstöður er hægt að nálgast á vef MAST (mast.is). Innflutt kjöt hefur ekki verið tekið með í eftirliti með lyfjaleifum, þar sem það eftirlit er samkvæmt löggjöfinni framkvæmt á býlum og í sláturhúsum í upprunalandinu. Það hefur reglulega komið til umræðu að taka stikkprufur af innflutningi, þó það hafi ekki verið gert enn,“ segir Ingibjörg. /smh



Vélbúnaður til sölu

Við hjá Esju Gæðafæði erum með til sölu notaðan vélbúnað fyrir matvælavinnslu t.d. kjötsagir, ofnar og Altoshaam ofna, vacuum vél, kæli búnt, vegg kælar, kæliturnar, áleggshnifar, fars hrærivélar, fjölsprautur, bakkaþvottavélar, fataskápar, loftpressur.

Ásamt mörgu öðru í vélbúnaði og tækjum.

Opið hús verður laugardaginn 19. nóv. kl. 10–15 að Tunguhálsi 15, keyrt inn port fyrir neðan slökkvistöðina Tunguhálsi.

Upplýsingar í síma Leifur s: 8243666 eða leifur@esja.is

HUGSAR ÞÚ STÓRT ?

Desember tilboð

New Holland T7 dráttarvélar



Verð frá
11.420.000 + vsk



- New Holland T7 eru 6 strokka frá 175 – 270 hestafla
- New Holland T7 er með „AutoCommand“ stiglausri skiptingu
- New Holland T7 er með 50km ökuhraða og fjaðrandi framhásingu
- New Holland T7 er með frábæran aðbúnað ökumanns, stórum snertiskjá og LED vinnulýsingu
- New Holland T7 er með 4-5 rafstýrða vökvæntla og miðjuventil
- New Holland T7 er með 160-210 ltr vökvæðelu, „load sensing“
- New Holland T7 er á flotmiklum hjólbörðum

• Gengi EUR 125-

Aukabúnaður:

- Framlyfta, aflúttak og 2 vökvalagnir fram á kr. 760,000- án vsk



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Stöðnun ríkir í lífrænum landbúnaði á Íslandi

– Með nýjum búvörusamningum á að stórauka við stuðning til aðlögunar

Ísland virðist vera að dragast verulega aftur hvað varðar framleiðslu á lífrænum landbúnaðarvörum. Í Bændablaðinu 22. september var fjallað um lífrænan landbúnað í Evrópu. Þar kom fram að flestar þjóðir, þar sem sæmileg velmegun er, bættu nokkuð við sig í lífrænum landbúnaði á árunum 2013 til 2014, ef hlutfall

landnotkunar sem fer undir lífrænan landbúnað er skoðað. Á heildina litið hækkaði hlutfallið um 2,3 prósent.

Á Íslandi fækkaði framleiðendum á árunum frá 2011 til 2014, en vottað land hefur þó stækkað lítillega og taldist í fyrra vera um 1,6 prósent.

Ítalía er það land sem varði stærstum hluta af nytjalandi sínu

undir lífrænan landbúnað árið 2014, eða 17,9 prósentum. Flest lönd innan Evrópusambandsins eiga það þó sameiginlegt að þar hefur hlutfall lífrænt vottaðs lands hækkað nokkuð ört enda unnið markvisst í þá átt með stefnumótun og stuðningi.

Stöðnun virðist því vera í þessum geira landbúnaðarins íslenska og ekki bólar á stefnumótun, eftir að



Ein nýjasta viðbótin í lífrænu búvörulínuna eru Nesbúegg.



Úrval hjólbarda á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-,

Milwaukee

Handverkfæri

20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 30. nóvember 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL

Smurþjónusta



Hjólbardaþjónusta - Smurþjónusta -
Prífi á bilum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Opið fjós í Fellshlíð



Nú er eitt ár frá uppsetningu fyrsta
GEA mjaltapjónsins á Íslandi

Í tilefni af því verður opið hús
í Fellshlíð í Eyjafjarðarsveit
19. nóvember frá klukkan 12 - 16.

Komið og kynnið ykkur kosti
GEA mjaltatækninnar.

Söluráðgjafar okkar verða á staðnum.
Veitingar í boði.

Mjaltapjónninn sem vex með þér



Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvalsóllur
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lynghóls | Óseyri | Borgarbraut | Efstubraut | Stórolfsvellir



aðgerðaáætlun um Eflingu græna hagkerfisins á Íslandi lognaðist út af á síðasta kjörtímabili. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að 15 prósent af nytjalandi yrði lífrænt vottað árið 2020.

Í nýsamþykktum búvörusamningum er þó gert ráð fyrir meiri stuðningi við aðlögun að lífrænum landbúnaði.

Nýr ráðunautur
í lífrænum landbúnaði

Lena Johanna Reiher tók við stöðu ráðunautar í lífrænum landbúnaði í janúar 2015 þegar dr. Ólafur Dýrmondsson lét af störfum. „Ég tók við hluta af starfi hans Ólafs þegar ráðgjöf til bænda í lífrænum búskap og aðstoð við aðlögun að lífrænum búskaparháttum færðist yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Ég kann vel við mig í þessu hlutverki, enda mikil áhugamanneskja um lífrænar landbúnaðarvörur og lífræna landbúnaðarframleiðslu. Ég er með próf í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHÍ) og síðan er ég með meistaraþróf í búfjárfraði frá Kiel í Þýskalandi. Þá hef ég tekið áfangann „lífrænn landbúnaður“ við LBHÍ 2013 og setið dagsnámskeið hjá VOR og Tún um aðlögun að lífrænum búskap 2014. Síðan stendur til að mennta sig meira á sviði ræktunar á lífrænum matjurtum og tengjast erlendum ráðunautum sem sinna ráðgjöf til bænda í lífrænum búskap,“ segir Lena um sinn bakgrunn.

Ýmsir þættir þess valdandi að
stöðnun ríkir

Lena segir að þótt lífrænt vottað nytjaland á Íslandi sé metið um 1,6 prósent af íslensku landbúnaðarlandi sé það að athuga að í þeirri tölu sé einnig land til jurtasöfnunar, sem geti í mörgum tilfellum verið mjög stór svæði.

En hver er staða mála að hennar mati og horfur fyrir lífrænan landbúnað? „Þær tölur sem ég hef nýlega fengið frá Vottunarstofunni Túni gefa ekki tilefni til bjartsýni. Þar kemur fram að á árunum 2012 til 2016 fengu tíu framleiðendur lífræna vottun og 15 vinnsluaðilar. Á sama tíma hafa hins vegar 14 framleiðsluaðilar sagt upp vottun sinni – eða þeir misst hana – og sex vinnsluaðilar. Vinnsluaðilar eru bæði fyrirtæki sem sjá um endurþökkun innfluttra vara og fyrirtæki í matvælaframleiðslu, svo sem mjólkurvinnslufyrirtæki, bakarí, kaffibrennslufyrirtæki eða þau sem framleiða snyrtivörur.

Það bráðvantar fleiri bændur sem eru tilbúnir að stunda lífræna mjólkurframleiðslu. Fyrirtækið BioBú hefur komið sér vel fyrir á íslenskum neytendamarkaði og vantar mjólk til að sinna eftirspurn og bæta við vörum.

Misvel gengur í lífrænum sauðfjárbúskap sem tengist ýmsum þáttum; eins og almennt minnkandi eftirspurn eftir lambakjöti og byrjunarerfiðleikum í aðlögunarferlinu, en einungis hluti af aðlögunarstyrkjnum hefur verið greiddur. Þá hefur afurðastöðvarverð

fyrir lífrænt ræktað lambakjöt lækkað á síðustu árum.



Lena J. Reiher.

Það sem fyrst og fremst hefur valdið stöðnun að mínu mati er vöntun á framtíðarsýn fyrir lífrænan landbúnað hjá opinberum aðilum. Of lítil áhersla hefur verið lögð á lífrænu hlið landbúnaðarins.

Ég tel að helstu tækifærin liggja í lífrænni mjólkurframleiðslu og lífrænni framleiðslu á kjúklingakjöti. Við erum nýbúin að fá lífrænu egginn inn sem var frábært og mikilvægt skref fyrir neytendur,“ segir Lena.

Hún segir að þótt meiri áhersla sé lögð á lífræna ræktun í nýjum búvörusamningi, sé framtíðarstefnan samt óskýr. „Markmiðið er að auka vægi lífrænnar framleiðslu og aukið fjármagn er ætlað til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum, en skýr stefna er ekki fyrir hendi – hvað þá háleitar áætlanir. Það vantar svör við ýmsum spurningum; hversu mikla aukningu viljum við sjá á næstu árum og hvernig ætlum við að komast þangað?

Frá byrjun árs 2017 er gert ráð fyrir 35 milljónum króna á ári í nýjum búvörusamningum til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum, en það var áður 3,5 milljónir króna á ári. Enn er verið að ræða og móta útfærslu á styrkgreiðslum og reglum í kringum þær. Þessir fjármunir eru eingöngu ætlaðir til aðlögunar. Markmiðið er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vottaðri lífrænni búvöruframleiðslu og auka framboð lífrænna vara á markaði, eins og tilgreint er í búvörusamningi.“

Lítið námsframboð
í lífrænum landbúnaði

Að sögn Lenu hefur námsframboð mjög lítið aukist fyrir þá sem hafa áhuga á að mennta sig í lífrænum landbúnaði. „Hjá LBHÍ á Reykjum er boðið upp á nám sem heitir lífræn ræktun matjurtar, en á Hvanneyri er einungis valfag fyrir búfræðinema sem heitir lífrænn landbúnaður. Að ég best veit, er ekkert annað í kennsluskrá tengt lífrænum búskap, því miður.“

Aðeins hluti af starfi Lenu fer í að sinna lífrænum landbúnaði. „Ég er í 80 prósent starfi hjá RML og er í hópi þjónusturáðunauta á sviði rekstrar og nýsköpunar. Mín verkefni eru mörg og fjölbreytt; sinni verkefnum í hrossarækt (skýrsluhald, skráningarkerfið Sportfengur, kynbótasýningarstjórn), sauðfjárrækt (lambadómar og lambaskoðunarskipulag fyrir Vesturland), er í fódurhópi (tek heysýni, túlka niðurstöður og vinn fóduráætlanir fyrir kúabú með NorFor), hef lítið verið í kvíguskoðun undanfarið en hef veitt aðstoð í skýrsluhaldskerfinu Huppu. Síðan bætist lífrænn landbúnaður við og ég reyni að sinna því eftir þörfum.“

/smh


Handónýtir vegir í uppsveitum Árnessýslu

„Ástandið er alls ekki gott, vegirnir eru víða mjög slæmir og þarfnast mikils viðhalds. Það vantar miklu, miklu meira fjármagn til Vegagerðarinnar svo hún geti sinnt sínum störfum og haldið vegunum við.

Ég veit að þeir eru allir af vilja gerðir en það stendur á peningum frá ríkisvaldinu,“ segir Ólafur Guðmundsson, einn helsti vegasérfræðingur landsins.

Hann hefur nýlega skilað af sér skýrslu til sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu, Flóahrepps og Ásahrepps um ástand veganna á þessum svæðum. Skýrslan er vægast sagt svört því vegirnir eru meira og minna handónýtir. Í bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar segir m.a.: „Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hvetur ríkisvaldið til að leggja meira fjármagn til uppbyggingar og viðhalds á vegakerfinu enda löngu orðið tímabært. Með áframhaldandi fjölgun ferðamanna mun vegakerfið gefa sig með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íbúa, fyrirtæki svæðisins og ferðamenn. Ekki er lengur við þetta ástand unað þar sem öryggismálum almennings er ekki sinnt.“

/MHH



Eins og sjá má á þessari glæru frá Ólafi er ástandið ekki til að hrópa húrta fyrir á vegunum sem úttekt hans náði yfir. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

www.vig.is
SMÍÐJA Í SVEIT

VIG Vatnsenda Flóahreppi S:486-1810
Vélsmíðja Ingvars Guðna

MENNING & LISTIR



Leitin að svarta víkingnum

Út er komin hjá Bjarti bókinn **Leitin að svarta víkingnum** eftir Bergsvein Birgisson.

Einn leyndardómur íslenskra fornsagna eru örstutt brot um „svartleitan“ mann sem þar bregður fyrir – Geirmund heljarskinn. Hann er sagður dökkur og ljótur, með mongólska andlitsdrætti af konunglegum uppruna, sagður „göfgastur landnámsmanna“ og ríður um sveitir Íslands með áttatíu vígamenn, og á mörg stórbú þar sem hann heldur mörg hundruð þræla. En hver var Geirmundur heljarskinn? Af hverju er engin saga varðveitt af honum og af hverju hefur hann nánast fallið í gleysku?

Hér tekur Bergsveinn Birgisson lesandann með sér í heillandi ferðalag um forna tíma og fjarlæg lönd – en einnig á slóðir Geirmundar við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Með því að rýna í skjöl, fornleifar og nýta nýjustu tækni kviknar fortíðin til lífs og þúslin raðast saman í spennandi frásögn, sem er skrifuð af þekkingu, skáldlegum innblæstri og stílgáfu.

Fyrsta útgáfa af Leitinni að svarta víkingnum kom út á norsku og hlaut frábærar viðtökur. Bergsveinn er doktor í norrænum fræðum við háskólann í Bergen í Noregi og hefur skrifað jöfnum höndum skáldverk og fræðirit. Þekktasta verk hans er Svar við bréfi Helgu sem varð metsölubók.

www.n1.is facebook.com/enneinn



Vertu klár í kuldann!



K2 Kuldagalli

Vnr. 9616 K2 2009
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálum. Hettu má renna af. Stærðir: XS-5XL
Litir: gulur/appelsínugulur



K2 Kuldabuxur með smekk

Vnr. 9616 K2 BX6023
Kuldabuxur með smekk og axlaböndum Vatterað. Stærðir: XS-5XL
Litur: gulur/appelsínugulur



K2 Kuldajakki

Vnr. 9616 K2 2005
Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af. Stærðir: S-4XL
Litur: gulur/appelsínugulur



Kuldagalli

Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálum. Hettu má renna af. Stærðir: XS-5XL
Litur: grár/svartur



K2 Kuldabuxur

Vnr. 9616 K2 2006K
K2 Kuldabuxur með smekk og axlaböndum. Vatteraðar. Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



K2 Kuldajakki

Vnr. 9616 K2 2005
K2 Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af. Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



Lambhúshetta

Vnr. A421 2
Lambhúshetta úr flísefni, fódruð með bómull. Ein stærð.



SHOWA hanskar thermo grip

Vnr. A414 691777*
Showa hanskar, latexdýfður, fódraður vetrarhanski.



Vinnuvettlingar

Vnr. A108 VV101
Þrjónaðir vinnuvettlingar, þykkir. Ull/nylon.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Blönduós s. 467 1010
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127 • Húsavík s. 440 1448

Hluti af vetrarverkunum



Mikil aðsókn í að starfa við búskap

Fyrir nokkrum misserum kom fram í Bændablaðinu að ímynd landbúnaðar væri breytt í augum yngra fólks í heiminum og að kynslóðaskipti í landbúnaði væru greininni jafn mikilvæg eins og í öllum öðrum greinum til að viðhalda jafnvægi í matvælaframleiðslu heimsins. Þannig gerist það oftast að unga fólkið, sérstaklega í þróunarlöndunum, er ekki eins áhugasamt um að starfa við landbúnað eins og foreldrar þeirra.

Hér á landi er líflegt starf hjá Samtökum ungra bænda (SUB) sem telja rúmlega 300 félagsmenn og er formaður þess, Einar Freyr Elínarson, bjartsýnn á framtíðina fyrir unga bændur.

Úti í hinum stóra heimi er margt ungt fólk sem lítur á landbúnað sem líkamlega krefjandi vinnu og gefur því lítið svigrúm til að þróa frama sinn innan greinarinnar. Á sama tíma lifum við hraða tíma um allan heim þar sem þéttbýlismyndun heldur áfram að aukast á hverju ári og skilur eftir færri unga bændur á landsbyggðinni. Alheimssamtök bænda (WFO) hafa áhyggjur af þróuninni og segja nauðsynlegt að laða að fleira ungt fólk í greinina. Þetta er orðin alþjóðleg áskorun. Sem dæmi er aldur á bændum sunnan Sahara-eyðimerkurinnar um 55 ár en mjög fá ungmenntu á þessum slóðum taka þátt í bústörfunum með foreldrum sínum, þau leita í borgirnar til að fá annars konar vinnu.

„Félagsstarfið í Samtökum ungra bænda er misvirkt en ákveðin svæðisfélög hafa verið dugleg að halda fræðslufundi eða skemmtiferðir. Eins og í öðru getur reynst erfitt að halda uppi virku félagsstarfi í dreifbýlinu. Landshlutfélög SUB hafa sótt nýja meðlimi í félagið, oft í kringum viðburði sem haldnir eru á vegum félaganna og hver sem er getur skráð sig á heimasíðu samtakanna,“ útskýrir Einar Freyr.

Gott samstarf við erlend samtök

Samtök ungra bænda eru aðili að Alþjóðasamtökum bænda (WFO) í gegnum Bændasamtök Íslands. Einnig er gott samband og samstarf við norræn systursamtök.

„Það stóð til að samtökin sendu fulltrúa á fund ungra bænda á vegum Alþjóðasamtakanna í október en sá fundur frestaðist og við áttum ekki kost á að senda fulltrúa á breyttri dagsetningu.

SUB hafa átt í góðum samskiptum við norræna kollega. Forystumenn norrænna ungbænda eru með hóp á samskiptamiðlinum Facebook þar sem við spjöllum gjarnan saman og deilum fréttum af starfi samta hvers lands. Formanni og



Einar Freyr Elínarson, formaður Samtaka ungra bænda (SUB) segir að horfurnar fyrir unga bændur á Íslandi séu betri en þær hafa oft verið og muni skjótt batna enn frekar að hans mati.

Mynd / HKr.

varaformanni SUB, ásamt fulltrúum frá Finnlandi, var boðið á aðalfund kollega okkar í Noregi árið 2014 og þeir sóttu Ísland heim árið 2015,“ segir Einar Freyr og bætir við:

„Erlenda samstarfið er okkur mjög mikilvægt og finnum við að það auðgar kunnáttu okkar og gefur okkur oft á tíðum góðan samanburð um hvað er að gerast annars staðar.“

Virðing fyrir starfinu

Það er mat Alheimssamtaka bænda að bændur og stjórnmalamenn verði að auglýsa landbúnað sem vitmunalega örvandi atvinnugrein sem getur gefið efnahagslega sjálfbæran frama með nægum tækifærum innan greinarinnar. Einnig þarf að drífa unga bændur með inn í félagsstörf bænda til að

innleiða þá enn frekar í greinina. Er það von samtakanna að með fjarskipta- og tölvutækni nútímans sé hægt að breyta þessari þróun hraðar en verið hefur til að gefa ungu fólki nýjan skilning á því hvað það þýðir að framleiða matvæli.

„Þróun nýliðunar á Íslandi hefur verið svipuð og í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman við, enda hefur þróun búskapar almennt verið færri og stærri bú. Ef miðað er við aðsókn í nám í búfræði og búvísindum seinustu ár mætti ætla að aðsókn í að starfa við búskap sé nokkuð mikil. Það er hins vegar sorglega lítið hlutfall þeirra sem útskrifast úr námi sem gefst kostur á að taka við búi eða að starfa við búskap. Það sem veldur er það sama og alls staðar annars staðar – það er dýrt að fjárfesta í búi. Það hefur án

efa áhrif að afkoma bænda er víða ekki nógu góð. Lánastofnanir eru því sjálfsagt tregari til þess að lána til starfsemi í landbúnaði og ekki hjálpar sá hugsunarháttur sem allt of margir hafa tileinkað sér og flaggað af jafn miklu stolti og þjóðfána Íslands, að það græði enginn á því að verða bóndi og að það sé bara allt í lagi. Ef við erum ekki hreykin af okkur og berum ekki virðingu fyrir starfinu sem við innum af hendi hvernig er þá hægt að ætlast til þess að aðrir geri það?“ spyr Einar Freyr og segir jafnframt:

„Það verkefni sem nú liggur fyrir félaginu er að tryggja að nýjar úthlutunarreglur nýliðunarstuðnings verði þannig mótaðar að þær nýtist sem best og tryggi að ungt fólk sem hefur áhuga á því að brydda upp á nýjungum eigi líka kost á því að

sækja um stuðning, ekki bara þeir sem starfa innan hefðbundinna búgreina. Horfurnar fyrir unga bændur á Íslandi eru betri en þær hafa oft verið og munu skjótt batna, eða svo vona ég. Líkur eru á því að uppsveifla í ferðaþjónustu muni halda áfram um nokkurt skeið og vonandi nær fjöldi ferðamanna síðan jafnvægi og við upplifum ekki harkalega niðursveiflu. Ef svo fer halda búsetuskilyrði áfram að batna á landsbyggðinni, eins og þau hafa svo sannarlega gert á þeim svæðum þar sem ferðaþjónustan er hvað öflugust. Þetta hefur í för með sér stóraukin tækifæri fyrir ungt fólk sem hefur hug á því að framleiða matvæli. Það væri afskaplega illa spilað ef okkur tekst ekki að hagnýta fyrir landbúnaðinn þessa uppsveiflu í ferðaþjónustu.“ /ehg

VATNSHELT

ANDAR

VINDHELT

SEALSKINZ®

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

TEYGJANLEGT

SLITSTERKT

SVEIGJANLEGT

Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisskráða tækni í þrjúnuðum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

Reykjavík GG Sjósport / Örninn reiðhjólaverslun / Lífland / Icewear / Arctic Trucks **Sauðárkrúkur** Kaupfélag Skagfirðinga **Neskaupsstaður** Multitask **Vík í Mýrdal** Icewear **Selfoss** Jötunn **Bláskógabyggð** Gullfosskaffi **Akureyri** Lífland / Jötunn / Veðiríkið / Icewear **Egilsstaðir** Jötunn **Húsavík** Skóbúð Húsavíkur **Blönduós** Lífland **Siglufjörður** SR Byggingavörur **Ísafjörður** Bílaverkstæði SB

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Sláturfélag Suðurlands

kynnir vörur fyrir
nautgripi



Kálfaeldisfóður SS

Styður vel við vöxt og þroska kálfa. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika. Gott jafnvægi vítamína, stein- og snefilefna.

Nautaeldisfóður SS

Próteinrík en orkusnauð kjarnfóðurblanda sem hentar vel síðustu mánuði eldis. Án erfðabreytts hráefnis. Fjölbreytt og lystugt hráefni.



Yea-Mix

Bætiefnablanda hönnuð fyrir íslenskar kýr. Inniheldur Yea-Sacc lifandi ger. Eykur vambarheilbrigði og bætir örveruvirkni. Inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-vítamín.

Dregur úr júgurbólgu og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur niðurbrot á tréni og átgetu.



Vitlick Winter



Vitlick High-Mag

Bætiefnafötur fyrir mjólkurkúr. Hátt seleninnihald. Stein- og snefilefnaríkar. Innihalda A-, D- og E-vítamín. Vitlick Winter hentar afar vel með vetrarfóðrun. Vitlick High-Mag inniheldur meira af magnesíum.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1 • Reykjavík
Sími 575 6000
www.ss.is



HIDROMEK®

SUPRA

Við kynnum til leiks

- SUPRA traktorsgröfurnar frá Hidromek

HIDROMEK framleiðir traktorsgröfur í 5 útgáfum. Ein af þessum vélum er SUPRA, en hún hentar afar vel íslenskum aðstæðum. Þetta eru ríkulega útbúnar vélar, t.d. fjaðrandi framgálgi, vökvahliðarfærsla á backchoe, servo stjórnbúnaður, LED vinnuljós, Perkins mótör, Turner skipting og ZF hásingar ásamt mörgu fleiru.

Hidromek Supra 102S eru búnar m.a.:

- Mjög næmu og öflugu vökvakerfi
- Hraðtengjum að framan og aftan
- 40km keyrsluhraða
- Fjór hjóla- og krabba stýringu
- 100% driflæsingu
- Stóru og vönduðu öku mannshúsi
- Vönduð og vel búin vél í alla staði

Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að Krókhálsi 16 og að kynna ykkur vélina nánar. Alltaf heitt á könnunni.



ÞÓR EHF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lönsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is





Ingvi Guðmundsson og Skundi frá Möðrufelli að reka í réttina.

Myndir / Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands:

Smalahundakeppni í Fljótsdal

Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands hélt fjárhunda-keppni sunnudaginn 30. október á Eyrarlandi í Fljótsdal. Að venju var keppt í þremur flokkum, það er að segja unghundaflokki, B-flokki og A-flokki.

Alls voru 12 hundar skráðir til leiks. Sex hundar kepptu í A-flokki, þrír í B-flokk og jafnmargir í unghundaflokki. Í A- og B-flokki var mest hægt að fá 100 stig en 90 stig í unghundaflokki.

Mót sem þessi eru ómetanleg fyrir greinina og útbreiðslu hennar. Þrátt fyrir að enn vanti talsvert upp á að bændur nýti sér hunda til smalamennsku eins og þekktist erlendis þá fer þeim fjölgandi sem ná góðum tókum á sínum hundum. Best sést þetta á áhuga og þátttöku í mótum sem þessum. Á Eyrarlandi tóku tveir nýir keppendur þátt sem lítill vafi er á að munu láta að sér kveða á þessum vettvangi á komandi árum. Allir sem eitt sinn hafa náð góðum tókum á smalamennsku með hundum eru sammála um að erfitt eða jafnvel ómögulegt sé að snúa aftur í gamla farið.

Keppnin heppnaðist með miklum



Verðlaunahafar í unghundaflokki. 1. sæti Þorvarður Ingimarsson og Spaði frá Eyrarlandi með 74 stig. 2. sæti Marius Halldórsson og Elsa frá Halldórsstöðum með 72 stig. 3. sæti Marzibil Erlendsdóttir og Rotti frá Sauðanesi með 62 stig.

ágætum, enda gott veður og allar aðstæður hinar ágætustu. Úrslit og stig voru sem hér segir:

A-flokkur:

1. Elísabet Gunnarsdóttir og Skotta frá Daðastöðum, 90 stig
2. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum, 84 stig
3. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Frigg frá Kyrholti, 80 stig
4. Marzibil Erlendsdóttir og Skutla frá Skálholti, 74 stig
5. Agnar Ólafsson og Brook frá

Wales, 71 stig

6. Marius Halldórsson og Sara frá Bjarnstöðum, 62 stig

B-flokkur:

1. Marzibil Erlendsdóttir og Saga frá Dalatanga, 73 stig
2. Eiður Gísli Guðmundsson og Assa frá Eyrarlandi, 59 stig
3. Ingvi Guðmundsson og Skundi frá Möðrufelli, 58 stig

Unghundaflokkur:

1. Þorvarður Ingimarsson og Spaði



Verðlaunahafar í A-flokki. 1. sæti Elísabet Gunnarsdóttir og Skotta frá Daðastöðum með 90 stig. 2. sæti Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum með 84 stig og 3. sæti Aðalsteinn Aðalsteinsson og Frigg frá Kyrholti með 80 stig.

Varahlutir fyrir ámoksturstæki

Varahlutir í Trima og Alö Quicke ámoksturstæki. Einnig stjórnarkar, suðufestingar ofl.



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



Verðlaunahafar í B-flokki. 1. sæti Marzibil Erlendsdóttir og Saga frá Dalatanga með 73 stig. 2. sæti Eiður Gísli Guðmundsson og Assa frá Eyrarlandi með 59 stig. 3. sæti Ingvi Guðmundsson og Skundi frá Möðrufelli með 58 stig.

- frá Eyrarlandi, 74 stig
2. Marius Halldórsson og Elsa frá Halldórsstöðum, 72 stig
3. Marzibil Erlendsdóttir og Rotti frá Sauðanesi, 62 stig

keppninnar sem voru Jötunn Vélar, Fóðurblandan og Landstólpi en glæsilegir vinningar mótsins voru í þeirra boði.

Einnig fær Lárus Sigurðsson frá Gilsá sérstakar þakkir en hann sá um dómgæslu á mótinu.

Austurlandsdeildin vill koma þökkum á framfæri til styrktaraðila

/AJH

Active Liver virkar fyrir mig

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina



Jóna Hjálmarsdóttir

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruvefinn í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist hafa fundið fljótt mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver Kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni á mér, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Preyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

- Innheldur kólín sem stuðlar að:
 - eðlilegum fituefnaskiptum.
 - viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar.
 - eðlilegum efnaskiptum að því er varða aminosýrunnar hómósteíns.
- Innheldur mjólkurpistil og ætíðipistil sem talið er að stuðli að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.
- Innheldur túrmerik og svartan pipar.



Virknin lét ekki á sér standa

Amino liðir er unnið úr íslenskum sæbjúgum



Snorri Snorrason

Fyrir um rúmu einu ári síðan fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá Snorra. Hann hefur enn ekki fengið neina nákvæma skýringu hvað hrjáði hann, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir uppá því að bólgna mjög mikið og kom sá tími að hann gat ekki stigið í fæturnar vegna stirðleika og bólgu. Snorri er búinn að prófa ýmislegt en ekkert hefur virkað sem hefur slegið almennilega á þessi einkenni.

Konan hans heyrði af þessu undraefni Amio Liðir og ákvað að setja honum fyrir að taka þetta nú reglulega og prófa í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun - það vantaði ekki virknina!

Snorri fann mikinn mun á sér á rúmri viku, allt í einu gat hann bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og hann tekur bara inn Amino Liði. Þetta allavegana svínvirkar á hann og gerir honum gott. Stirðleiki í ökkla og úlnlið eru ekki til staðar og viljum við þakka það Amino Liðum, engin spurning.



IceCare
þín heilsa

IceCare vörur fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Guðrún mælir með Femarelle

Femarelle er öruggur kostur

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum fimmtán árum.



Guðrún Ragna Ólafsdóttir

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum.

„Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt liðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Núna er ég betri í skapinu og er mjög ánægð með Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum fimmtán árum. Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.



Sjá nánar á www.icecare.is – Þú finnur okkur á:



Vilja endurbyggja Laugarvatnshella fyrir ferðamenn

Smári Stefánsson, f.h. fyrir-tækisins Sólstaða ehf., hefur óskað eftir því við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að fá að endurgera Laugarvatnshella skammt frá Laugarvatni í þeirri mynd sem hellarnir voru þegar búið var í þeim fyrir um einni öld.

Ætlunin er að endurbyggja hellana og gera þá aðgengilega gestum í eins upprunalegri mynd og mögulegt er. Glæða hann lífi á ný og koma þar með sögu og menningararfleifð til bæði heimamanna og gesta. Í erindi Smára kemur fram að árið 1910 fluttu Indriði Guðmundsson og Guðrún Kolbeinsdóttir, þá nýgift, í hellana þar sem engin jörð var á lausu í Laugardal. Þessir fyrstu ábúendur bjuggu í hellunum í eitt ár, það leið þó ekki á löngu áður en önnur hjón fluttu inn. Jón Þorvarðarson og Vigdís Helgadóttir fluttu inn 1918 og bjuggu í hellunum til 1921 og eignuðust þau þrjú börn á þessu tímabili. Bæði hjónin sem bjuggu í hellinum voru með búskap en drýgðu tekjurnar með veitingasölu enda hellarnir í alfaraleið þeirra sem ferðuðust milli Laugardals og Reykjavíkur.



Laugarvatnshellar milli Þingvalla og Laugarvatns.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur tekið jákvætt í erindið en bendir á að nauðsynlegt er að hafa góð samskipti við landeiganda, minjavörð Suðurlands og skipulagsfulltrúa á öllum stigum verkefnisins. Hugmynd Sólstaða

er að koma hellunum í það horf sem þeir voru þegar búið var í þeim, það er að moka út úr þeim, byggja útvegg og innréttu hellana eins og þeir voru. Einnig verður sett upp tjald fyrir utan hellana þar sem seldar verða léttar veitingar

Mynd / HKr.

Ferðapjónustan á Hólum í Hjaltadal auglýsir lausa stöðu matreiðslumanns og móttökustjóra

Um er að ræða stöðu millistjórnanda sem starfar í umboði stjórnar Ferðapjónustunnar á Hólum. Viðkomandi mun starfa í nánu samstarfi við formann stjórnar Ferðapjónustunnar, sem hefur yfirumsjón með stefnu hennar og starfsemi.

Ferðapjónustan rekur veitinga og gístiaðstöðu, sem og þjónustu við Háskólann á Hólum, starfsfólk hans og nemendur, auk móttöku gesta sem sækja Hólastað heim. Stefna Ferðapjónustunnar er að sækja fram á sviði funda- og ráðstefnuhalds, sem og sértækrar mennta- og menningartengdrar ferðapjónustu. Ferðapjónustan á Hólum hefur aðgengi að húsnæði sem hentar vel til ráðstefnuhalds.

Á Hólum er fjölskylduvænt umhverfi og samfélag og á staðnum er leik- og grunnskóli. Starfið gefur einstakt tækifæri til þátttöku í uppbyggingu og eflingu ferðapjónustu í dreifbýli, í nánu samstarfi við fagfólk Ferðamáladeildar og háskólasamfélagið.

Starfs og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri veitingasölu, móttöku og þjónustu við nemendur skólans, og daglegum störfum ferðapjónustunnar.
- Þátttaka í daglegri umsjón ferðapjónustu á staðnum, í samráði við stjórn Ferðapjónustunnar á Hólum
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri í samráði við stjórn Ferðapjónustunnar á Hólum.
- Uppbygging ferðapjónustu á Hólum samkvæmt stefnu stjórnarinnar og í nánu samráði við hana.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Menntun, reynsla og færni í matreiðslu og móttöku gesta.
- Háskólamenntun á sviði ferðamála æskileg.
- Reynsla á sviði ferðamála, stjórnunar og rekstrar æskileg.
- Góð tungumála- og tölvukunnátta.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða 100% stöðu til framtíðar. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2016. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 2. janúar 2017.


Nánari upplýsingar veitir formaður stjórnar Ferðapjónustunnar á Hólum, Laufey Haraldsdóttir, í síma 455-6300. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá og staðfestingu á menntun á netfangið umsoknir@holar.is, merkt ferðapjónusta.



Málverk af Laugarvatnshellum sem málað var af Erlu Sigurðardóttur eftir ljósmynd frá 1921.

eins og ábúendurnir gerðu forðum daga, eins að bjóða upp á hellaferðir í hraunhella í nágrenninu, einnig

leiðsögn um Laugarvatnshella þar sem venjulegar íslenskar fjölskyldur bjuggu allt til ársins 1921. /MHH



Súðavík við Álftrafjörð.

Mynd / HKr.

Súðavíkurhreppur verður „heilsueflandi samfélag“

Súðavíkurhreppur mun á nýju ári ýta úr vör nýju verkefni í samvinnu vð embætti landlæknis, en yfirskrift þess er „Heilsueflandi samfélag í Súðavík“. Verkefnið hefur verið í gangi hér á landi frá árinu 2013 og verður

Súðavíkurhreppur áttunda sveitarfélagið sem tekur þátt í því, hið fyrsta á Vestfjörðum.

Heilsueflandi samfélag miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu, en verkefninu er ætlað að ná til allra aldurshópa í samfélaginu.

Þrjár meginstöðir verkefnisins í Súðavíkurhreppi verða: efling líkamlegs atgervis, andlegs atgervis og síðan efling mataræðis. Undir formerkjum líkamlegs heilbrigðis ætlar sveitarfélagið að bjóða fritt í líkamsræktina í Súðavík fyrir íbúa hreppsins. Þá verður farið af stað með frístundakort fyrir börn og unglinga þar sem greitt verður 20 þúsund króna styrkur með tómstundum barna. Hvert skráð barn í Súðavíkurhreppi hefur rétt á styrknum. Einnig verður athugað með að efla skipulagða hreyfingu í starfi eldri borgara þrisvar í viku.

Til að efla andlegt heilbrigði verður boðið upp á HAM námskeið fyrir íbúa Súðavíkurhrepps á nýju ári og til að bæta mataræði mun matseðill Jóns Indíafara taka mið af heilsueflandi átaki samfélagsins. Sveitarfélagið styrkir Geisla, ungmenntafélagið á staðnum, til framkvæmda á nýju ári, en félagið mun búa til nýja aðstöðu fyrir börn og unglinga. /MÞÞ

Kerruvarahlutir á góðu verði

Samhliða innflutningi okkar á Indespension kerrum erum við með varahluti og hluti til kerrusmiða fyrir flestar kerrugerðir, t.d. Indespension, Ifor Williams o.fl. Eigum á lager mikið úrval varahluta í helstu gerðir bremsu og hjólabúnaðar fyrir Alko og Knott. Bjóðum einnig sérpantanir.

Nálægð við birgja okkar í Bretlandi tryggir skamman afgreiðslufrest á sérpöntunum.



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss Lónsbakki - 601 Akureyri Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is



Nútíma músavarnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:



STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

30%

AFSLÁTTUR

SPEGLADAGAR ÍSPAN

30% AFSLÁTTUR AF SPEGLUM ÚT NÓVEMBER

- Speglafestingar í mismunandi útfærslum
- LED lýsing
- Sandblástur
- Framleiðum eftir þínum óskum

SMÍÐJUVEGI 7 • 200 KÓPAVOGI • SÍMI 54 54 300 • ÍSPANREYKJAVÍK • WWW.ISPAN.IS

Íspan
GLER OG SPEGLAR

friendtex

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Fatnaður og skór til vinnu og frístunda

Vegna hagstæðs gengis bjóðum við
15% staðgreiðslu-afslátt af öllum
Primaloft úlpum og
Praxis skóm

Vatteraðar úlpur á tilboði kr. 5.900

Verið velkomin

Sölusiðan er asa.friendtex.is

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Ópið mán. og mið. 11-17, þri. og fim. 11-15, fös. 11-14, lokað laugardaga.

HVOLPASVEIT

KÚLUGÚBBAR

SVAMPUR SVEINSSON

MÍNA MÚS

STAR WARS

FROZEN

PartyParty.is er netverslun sem sérhæfir sig í frábærum afmælisveislum fyrir börn á öllum aldri!

FJÖLDI ÞEMA Í BOÐI OG SENDUM UM ALLT LAND

ÞYRNIRÓS

SKÓSVEINAR

MONSTER HIGH

MIKKI MÚS

SPIDERMAN

BATMAN

Bændablaðið
ER MEST LESNA
BLAÐIÐ A
LANDSBYGGÐINNI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTAHLA A LANDSBYGGÐINNI

Bændablaðið

TRYGG
Nøstet Kjetting as

SNJÓKEDJUR

Vertu viðbúinn vetrinum

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf. Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Lesendur

Um náttúruhamfarir í Eldhrauni sem nú eru af völdum manna

Langstærsta Skaftárhlaup á sögulegum tíma braust fram undan Skaftárjökli fyrir liðlega ári. Hlaupið eyddi gróðri á afréttum og í Eldhrauni á Út Síðu og þakti gróðurlendi jökuleir og sandi. Í þessum náttúruhamförum fóru stór svæði undir aur og sand í Eldhrauni og varnargarðar og vegslóðar skemmdust.

Síðastliðið vor og fyrri hluti sumars var það úrkomuminnsta sem mælst hefur á Kirkjubæjarklaustri. Því fylgdi vatnsburð í nær öllum lækjum í Skaftárhreppi. Þann 8. júlí á liðnu sumri hóf bóndinn í Efri Vík í Landbroti ólögmætar vatnaveitingar úr Skaftá út á Eldhraunið. Síðar fylgdu leyfisveitingar Orkustofnunar fyrir meiri vatnaveitingum út á Eldhraunið en nokkru sinni fyrr.

Vatnsflaumurinn í Eldhrauni að undanförun er jafnvel meiri en í stórum Skaftárhlaupum.

Áveitur úr Skaftá

Áveituframkvæmdir nokkurra bænda í Landbroti úr Skaftá út á Eldhraunið hófust fyrir rúmlega 60 árum og hafa staðið yfir æ síðan. Allar þær framkvæmdir eru ólögmætar að mati Orkustofnunar sem fer með framkvæmd vatnalaga nr. 15/1923. Tvær undantekningar voru þó gerðar í sumar og haust þegar Orkustofnun veitti Lindarfiski ehf. og landeigenda Botna í Meðallandi umbeðna heimild til að stýra vatnaveitingum í stíflumannvirkjum í eigu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Heimildin var tímabundin til 15. október 2017 og var veitt með ákveðnum skilyrðum um framkvæmd áveittunnar. Víkið verður hér síðar í greininni að annarri undantekningu frá reglunni um ólögmætar áveituframkvæmdir í Eldhrauni.

Hvers vegna er fiskeldisfyrirtæki falin framkvæmd vatnaveitinga?

Það er með öllu óskiljanlegt að Orkustofnun skuli fela



Þessi gervitunglamynd af Eldhrauni segir sögu sem menn verða að heyra. Hraunið er víða undir vatni enda er meira vatn á ferð en áður hefur þekkt. Vatnsflaumurinn mun valda náttúruspjöllum á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Myndin var tekin um síðustu mánaðamót. Þetta ástand má rekja til þarflausrar áveitu.

fiskeldisfyrirtæki heimild til að standa fyrir vatnaveitingum til 15 mánaða, sem vitað er að munu leiða til stórfelldra gróðurskemmda og náttúruspjalla. Þetta var gert án nokkurs samráðs við stofnanir umhverfismála og þrátt fyrir að Orkustofnun hefði margítrekað í bréfaskiptum sínum til Skaftárhrepps að fara yrdi í mat á umhverfisáhrifum áður en til slíkra vatnaveitinga kæmi. Það er sama niðurstaða og Skipulagsstofnun hefur áður kynnt.

Orkustofnun lét loka fyrir rennsli um tvö rör í júní í sumar í samræmi við þá gömlu og sígildu meginreglu vatnalaganna að: „Vötn öll skulu renna sem að formu hafa runnið“. Hér er átt við það rennsli sem staðfest er með mælingum Vatnamælinga að rann þar fyrir 20 árum í Árkvíslarar á þessum stað.

En hvers vegna var þá

Orkustofnun að fela Lindarfiski ehf. að reka áveituframkvæmdir á þessum stað næstu 15 mánuðina, þvert gegn fyrri ákvörðun stofnunarinnar? Leyfisveiting Orkustofnunar frá 14. júlí sl. er einnig svolítið sérstök en fyrirsögn leyfisins er svohljóðandi: „Efni: Leyfi til að veita vatni við útfall Árkvíslar (við Skaftá) í þeim tilgangi að færa rennsli Árkvíslar í sama horf og var fyrir hlaup í Skaftá haustið 2016“. Þarna gerist Orkustofnun forspá því að lítið Skaftárhlaup hófst 7. september 2016. En væntanlega er ekki átt við ókomin Skaftárhlaup, heldur hlaupið er varð 2015.

Ekkert samráð við umhverfisstofnanir um leyfisveitingar

Þann sama dag, eða þann 14.

júlí veitti Orkustofnun einnig Herði Davíðssyni, bónda í Efri Vík, tímabundið leyfi til áveituframkvæmda á sama stað, m.a. að rjúfa fyrrnefndan varnargarð í eigu stjórnvalda með ákveðnum skilyrðum. Þá opnaði hann tvær rennislisleiðir úr Skaftá í áveituna og rauf stórt skarð í varnargarðinn til að auka vatnsmagn í áveituna. Þessi leyfisveiting fór fram án nokkurs samráðs við verndarstofnanir umhverfismála og Vegagerðina. Leyfisveitingin gildi til 15. ágúst og var háð svipuðum skilyrðum og stofnunin hafði áður sett Lindarfiski ehf. auk viðbótarskilyrða, m.a. um að Hörður ábyrgðist að stíflumannvirki yrðu færð í upprunalegt horf. Skaftárhreppur veitti ekki framkvæmdaleyfi fyrir þessum framkvæmdum Harðar.

Surt er: Hvernig stendur á því að stjórnvald veitir tveimur einkaaðilum leyfi til gríðarlegra umdeilda vatnaveitinga og rekstri þeirra sama daginn? Hörður notaði tækifærið þegar hann var með gröfuna í Eldhrauni og fór í ýmsar aðrar áveituframkvæmdir. Nefna má Skálarál og Litla Brest í þessu sambandi. Þessar framkvæmdir voru með öllu ólögmætar.

Öllum sem til þekkja í Eldhrauni er ljóst að þessar miklu vatnaveitingar jökulvatns út á Eldhraunið juku enn á eyðingu gróðurs í hrauninu og var eyðingin þó ærin fyrir. Þetta jökulvatn þéttir hraunið fjær meginfarvegi Skaftár og því mun næsta Skaftárhlaup fara enn lengra og eyða enn meiri gróðri en áður.

Leyfi til vatnaveitinga framlengd

Sem betur fór tók að rigna í Skaftárhreppi þegar leið á síðastliðið sumar. Aukið vatnsmagn í Skaftá leiddi til þess að vatn kom á ný í læk í Skaftárhreppi eins og vænta mátti. Samt sem áður veitti Orkustofnun Herði umbeðið leyfi um að halda áfram vatnaveitingum af fullum þunga, m.a. vegna þess að Hafrannsóknastofnun hafði fallist á að sinna eftirliti með áhrifum og árangri af þeim aðgerðum sem óskað var leyfi fyrir. Það verður afar fróðlegt að fá að sjá skýrslu þeirrar stofnunar um afleiðingar vatnaveitinganna.

Að þessu sinni voru skilyrði Orkustofnunar m.a. þau að leyfishafi ábyrgðist að stíflumannvirki yrðu færð í

upprunalegt horf eigi síðar en 15. september. Fyrir þann tíma kom þó lítið Skaftárhlaup úr vestari katlinum í Vatnajökli er byrjaði 7. september og hróflaði Hörður þá upp sandi og mól í hluta úrrennslis Skaftár og göngubraut við skarðið í varnargarðinum, en því fór víðs fjarri að hann færði varnargarðinn í upprunalegt horf, eins og leyfisveitingin kvað á um.

Í vatnavöxtum í Skaftá í kjölfar úrhellisrigninga fyrstu vikuna í október sl. braust áin í gegn um ófullburða frágang Harðar á varnargarðinum og flæddi þá úr ánni um skarðið og þrjú rör í garðinum. Þetta er miklu meira rennsli en hefur nokkru sinni runnið þar, svo vitað sé.

Enn eitt leyfið til vatnaveitinga

Þann 26. október veitti Orkustofnun Herði enn eitt umbeðið skammtímaleyfið til vatnsveitu úr Skaftá í landi Ár og skal það gilda með sömu skilmálum og áður til 15. júní 2017. Þegar það leyfi var veitt var stór hluti Eldhraunsins undir vatni og allt nærumhverfi upptaka Tungulækjar og Grenlækjar umflotið flóðvatni.

Það var því fullkomlega fráleit ákvörðun Orkustofnunar, án samráðs við hlutaðeigandi verndarstofnanir umhverfismála og Vegagerðina, að vega enn einu sinni í sama knérunn vatnaveitinga og tryggja þar með áframhald náttúruhamfara í Eldhrauni.

Leyfishafi hlítir ekki skilmálum leyfisveitanda

Reynslan af þessum leyfisveitingum Orkustofnunar sýnir svo ekki verður um villst að leyfishafi í Landbroti hefur skilyrði Orkustofnunar fyrir vatnaveitingum að engu. Nákvæmlega það sama gerðist þegar Náttúruvernd ríkisins var beitt pólitísku valdi til vatnaveitinga úr Skaftá í Skálarál vorið 1998. Stofnunin setti mjög skýr fyrirbæli um að Veidifélag Grenlækjar skyldi færa áveituframkvæmdir þar til fyrra hofs um haustið. Formaður félagsins, Hörður Davíðsson, kaus að hafa fyrirmæli Náttúruverndar ríkisins að engu og komst upp með það.

Aftur er það sama upp á teningnum. Ber að skilja þetta þannig að yfiringangur opni öll hlið?

Hvernig stendur á því að Orkustofnun veitir einstaklingi leyfi til að ráðast á og skerða mannvirki í eigu ríkisins á landi sveitarfélagsins, án formlegs framkvæmdaleyfis?

Er í lagi að eyða gróðri og einstakri náttúru á landi sem er í almannaeign og á náttúruminjaskrá?

Á að halda áfram til næsta sumars mestu vatnaveitingum sem þarna hafa þekkt, þegar allt Eldhraunið er meira og minna á kafi í vatni?

Vatnaveitingar við þessar aðstæður eru augljóslega tilgangslausar og úr hófi fram skaðlegar gróðri og einstakri náttúru.

Hvers á Eldhraunið að gjalda?

Nú fara fram, í skjóli leyfisveitinga Orkustofnunar, gríðarlegar áveituframkvæmdir úr Skaftá út á Eldhraunið. Þessar framkvæmdir eru án tilefnis og þjóna engum tilgangi. Hins vegar munu þær valda miklum gróðurskemmdum.

Viðhorf náttúruverndar, gróðurverndar, landgræðslu- og skipulagsmála eru enn einu sinni fyrir borð borin.

Sveinn Runólfsson
fyrirverandi landgræðslustjóri.

VERKFÆRA SALAN

Milwaukee

RYOBI

Wera



„Hamingjustaðir í flæðilist“

Gréta Berg myndlistarmaður er með sýningu á verkum sínum í Almars bakaríi á Hveragerði um þessar mundir.

Sýning Grétu að þessu sinni er í Almars bakaríi að Sunnumörk 2 í Hveragerði og stendur fram að áramótum. Gréta hefur haldið fjölda einka- og samsýninga í gegnum árin.

Síðastliðið sumar stóð hún fyrir námskeiði á Sólheimum í Grímsnesi sem hún kallaði Vedalist. Að sögn Grétu tengdist námskeiðið því að láta flæða frá hjartanu án þess að ákveða með hugarorkunni hvert ferðinni er heitið. Gréta segir að slíkt flæði sé ótrúlega skemmtilegt, heillandi og uppskeran oft skrautleg. /VH



Feðgarnir Magnús Hlynur Hreiðarsson og Fannar Freyr eru nú komnir með þætti sína á tvo DVD-diska í sama hulstrinu. Þeir segja diskana jólagjöfina í ár enda kosta þeir ekki nema 3.500 krónur í gegnum heimasíðuna + sendingarkostnaður á www.fedgaraferd.is


Feðgar á ferð á tveimur DVD-diskum

Feðgar á ferð eru skemmtilegir þættir sem sýndir voru á Stöð 2 sumarið 2015 og sumarið 2016, alls tuttugu þættir.

Í þáttunum heimsækja þeir feðgar, Magnús Hlynur Hreiðarsson fréttamaður og Fannar Freyr Magnússon jákvætt og skemmtilegt fólk á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu. Fólkið er á öllum aldri og hefur frá mörgu skemmtilegu að segja. Jákvæðni og lífsgleði er mottó þáttanna. Nú gefst öllum tækifæri á að sjá þættina, ekki síst þeim sem eru ekki áskrifendur á Stöð 2 og misstu því af þáttunum.

Í þáttunum eru 16 systkinin frá Kjóstöðum í Biskupstungum m.a. heimsótt, 80 ára afmæli Björns Sigurðssonar, bónda í Úthlíð, er gerð góð skil. Farið er í sauðburð á Skarð í Landsveit, Guðni Guðmundsson, dósasafnari á Þverlæk í Holtum, er heimsóttur, skrítnustu hundar landsins eru skoðaðir. Þá er farið í sjósund á Akranes, frábær tónlistarfjölskylda í Borgarnesi er heimsótt, skeiðaspilari í Keflavík fer á kostum og tekið er hús á Þórði Tómassyni, 95 ára, í Skógum. Einnig er 9 ára undrabarn í þánóleik heimsótt og einn þáttur er um þá staðreynd að ekkert kynlíf er á himnum, svo eitthvað sé nefnt um efnistöð þáttanna.

Hægt er að panta DVD-diskana á heimasíðunni www.fedgaraferd.is og þeir eru líka seldir í Krónunni í Lindarhverfinu í Kópavogi og í Krónunni á Selfossi.




Vantar nýja lykla?

Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húskyklar
- Lášús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvogi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14



Massey Ferguson 5600

Lipur og eyðslugrannur vinnupjarkur

Það er ekki að ástæðulausu að Massey Ferguson er ein mest selda dráttarvél undanfarinna ára

5610 (105 hö). Verð frá kr. án vsk

8.630.000

með ámoksturstækjum
Kr. 10.701.200 m. vsk.

5613 (130 hö). Verð frá kr. án vsk

10.060.000

með ámoksturstækjum
Kr. 12.474.400 m. vsk.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lönsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Gamli traktorinn



Mahindra – metsölu-traktor frá Indlandi

Gamli traktorinn að þessu sinni er ekki eins gamall og oft áður. Um er að ræða indverska dráttarvél sem sett var á markað á áttunda áratug síðustu aldar. Í dag eru Mahindra-dráttarvélar mest seldu traktorar í heimi.

Árið 1963 stofnaði bandaríski vélaframleiðandinn International Harvester dótturfélag á Indlandi í samvinnu við indverska dráttarvélaframleiðandann Mahindra og Mahindra.

Fyrirtækið fékk heitið International Tractor Compant og hafði að markmiði að



Mest seldu dráttarvélar í Kína

Mahindra og Mahindra er með starfsstöðvar í tíu löndum og í öllum heimsálfum að Suðurheimsskautinu undanskildu.

Stærsti markaðurinn fyrir Mahindra-traktorana er í Kína og Indlandi þar sem uppbygging í landbúnaði er mikil og í Norður-Ameríku þar sem traktorarnir þykja á góðu verði. Auk þess sem markaðurinn í Ástralíu er ört vaxandi.

Til að styrkja stöðu sína í Norður-Ameríku rekur M&M verksmiðjur í fjórum ríkjum, Kaliforníu, Tennessee, Pennsylvaníu og Kansas. Höfuðstöðvar M&M Ameríkudeildarinnar eru í Texas og þaðan er markaðsstarfi fyrir Suður-Ameríku stjórnað.

framleiða dráttarvélar IH fyrir Indlandsmarkað. Fyrstu traktorarnir sem framleiddir voru af ITC komu á markað 1965 og voru 35 hestöfl og af týpum sem kölluðust 225 Range og B275 Regular.

Árið 1977 fluttist rekstur ITC nánast alfarið yfir á Mahindra og Mahindra. Fimm árum seinna komu fyrstu Mahindra-traktorarnir á markað, týpa B-275. Vinsældir þeirrar dráttarvélar voru miklar og fjórum árum seinna kom sú hundraðþúsundasta af færibandinu.

Höfuðstöðvar Mahindra í dag eru Mumbai og framleiðir fyrirtækið ríflega 150 þúsund dráttarvélar á ári sem eru seldar um víða veröld.

Fyrirtækið hefur verið



Markaðssetning í Ástralíu er með svipuðum hætti því M&M hefur rekið dráttarvélaferksmiðju í álfunni frá 2005. Dótturfyrirtækið í Ástralíu hefur umsjón með markaðssetningu á Nýja-Sjálandi og í Eyjaálfunni.

M&M selur einnig traktora frá suður-kóreska dráttarvélaframleiðandanum Tong Yang Moolsan.

Smátraktorinn Yuvraj

Árið 2011 hóf M&M framleiðslu á 15 hestafla smátraktor undir heitinu Yuvraj. Sala á þeim hefur frá upphafi verið langt umfram væntingar og í dag eru um 40 þúsund framleiddir á ári.

Mahindra-traktorar hafa verið rauðir að lit frá upphafi, unnið til fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir gæði og frá 2010 hafa þær verið söluhæstu dráttarvélar í heimi.

/VH

Utan úr heimi

Stórlega gengið á landgæði í Afríku

– Lítil áburðarnotkun og léleg uppskera leiðir til aukinnar skógareyðingar

Frá 1960 hefur landbúnaðarframleiðsla í Afríku fjórfaldast. Samt er þessi heimsálfa langt frá því að ná þeim árangri í landbúnaðarmálum sem náðst hefur í Suður-Ameríku og í Asíu að því er fram kemur í úttekt The Economist frá 15. október síðastliðinn.

Stærsti hluti aukinnar framleiðslu á landbúnaðarvörum í Afríku skýrist af því að meira land hefur verið tekið undir þessa grein fremur en að aukin framleiðni hafi náðst á því landi sem áður var notað. Um leið hafa fátækir bændur hægt og rólega verið að ganga á næringargildi jarðvegs. Nær allt ræktarland í Afríku er notað án nægilegrar áveitu. Vaxandi öfgar í veðurfari hefur neytt íbúa til að glíma við mikla þurrka, flóð og hitabylgjur. Það er ekki að hjálpa til í heimsálfa þar sem gert er ráð fyrir tvöföldun á fólksfjölda fram til 2050.

Afríka einungis með 4% af gróðurhúsalofttegundum

Hitastigið í álfunni er þegar um 1°C heitara að meðaltali en það var fyrir iðnbýltinguna. Með enn auknum hita mun ástandið bara versna. Ef meðalhitinn hækkar um 2°C fram til 2050 eins og sumir spá, gæti uppskera dregist saman um helming. Athygli vekur að þessi stóra heimsálfa er einungis talin bera ábyrgð á 4% af árlegri losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Hækkun hitastigs leiðir til aukins kostnaðar

Kostnaðurinn vegna hækkandi hitastigs er þegar talinn nema um 1,5% af vergri landsframleiðslu þjóða í Afríku að mati framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þar á bæ er talið að aðlögun að enn hækkandi hita muni kosta þjóðir Afríku um 3% af vergri landsframleiðslu á ári.

Áburðarnotkun í Afríku einungis 12,1% af meðaltali á heimsvísu

Væntanlega bar þetta á góma á fundi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem haldinn var í Afríkuríkinu Marokkó í síðustu viku. Þetta ríki er stærsti framleiðandi í heimi á fosfór sem notaður er í áburð. Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru notuð 124 kg af tilbúnum áburði að meðaltali á hvern hektara ræktarlands í heiminum á hverju ári. Í Afríku, öflugustu framleiðsluálfu fosfórs í heiminum, eru einungis notuð 15 kg að meðaltali á hektara, eða 12,1%.

Slæmar samgöngur stórhækka áburðarverð

Bent er á að tilbúinn áburður sé notaður í braski spilltra embættismanna víða um álfuna og því geti reynst erfitt fyrir bændur



Ef meðalhitinn hækkar í Afríku um 2°C fram til 2050, eins og sumir spá, gæti uppskera dregist saman um helming.



Fosfórnama í Marokkó. Í öflugustu framleiðsluálfu fosfórs í heiminum eru einungis notuð 15 kg að meðaltali á hektara ræktarlands innan álfunnar, eða 12,1% af meðaltalsnotkuninni í heiminum.



Áburðardreifing í Afríku á vegum Sameinuðu þjóðanna.

að komast yfir slík gæði. Þá valdi slæmt vegakerfi því að það sé 50% dýrara fyrir bændur í Tansaníu að kaupa tilbúinn áburð en bændur í þróaðri löndum. Kostnaðurinn er svo um 80% hærri í Malí samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðlegu áburðarþróunarmiðstöðinni (International Fertiliser Development Centre – IFDC). Þessi stofnun, sem sett var á laggirnar í Alabama

í Bandaríkjunum árið 1976, er nú með starfsstöðvar í yfir 20 löndum.

Áburðargjöf gæti minnkað skógareyðingu

Aukin áburðargjöf á ræktarland í Afríku er ekki eingöngu talin geta gefið aukna uppskeru fyrir íbúana, heldur geti líka stuðlað að bindingu kolefnis. Skýringin er fólgin í því að minna þurfi að ryðja af skóglendi til ræktunar ef hægt er að gera landið sem fyrir er gjöfulla. Með því að draga úr skógareyðingu í Afríku um einungis 10% á ári samsvarar það gróðurhúsaloðun Brasilíumanna í heilt ár, að sögn Mostafa Teeab, forstjóra OCP Group sem er risastór fosfórverksmiðja í Marokkó. Bendir hann á að vegna lítillar áburðarnotkunar bindi ofnýttur jarðvegur í Afríku einungis 175 gígatonn af kolefni á ári (175.000.000.000 tonn) í stað 1.500 gígatonna að meðaltali á heimsvísu (1.500.000.000.000 tonn).

/HKr.



Með réttari áburðargjöf væri hægt að stórmínka þörf fyrir ruðningi skóga.

RISA HAUSTTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM** og **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**




34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,7m²
m/opnanlegum glugga
kr. 189.900,- án fylgihluta
kr. 219.900,- m/fylgihlutum



ATH! 34 mm bjálki / Tvöföld nótun



TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 359.900,- m/fylgihlutum

uölundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is - Sími 864-2400

Staðgreiðsla VISA Lán

Steinullar Yleiningar

Fjölbreytt litaúrval, stuttur afgreiðslutími

STRÚKTÚR

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230



HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

VÖNDUÐ JEPPADEKK

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



AT315
nokia TYRES

AT405

CEPEK
TIRES & WHEELS

VÖNDUÐ OG HLJÓÐLÁT DEKK UNDIR FLESTAR GERÐIR JEPPA OG JEPPLINGA. STÆRÐIR FRÁ 29-44 TOMMU.

TILBOÐ LOFTDÆLA
fylgir seldum dekkjagöngum meðan birgðir endast.
Vi air 85p

ÖLL ALMENN DEKKJADJÓNUSTA TÍMABÓKANIR Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Vogue

fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir hótélherbergið eða gistiheimilið.








Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Helstu nytjaplöntur heimsins

Kalkúnar eru félagsverur og hávaðarsamir og sýna greinileg merki um streitu séu þeir einangraðir frá öðrum fuglum.



Kalkúnn – heitið byggir á misskilningi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Kalkúnakjöt er tiltölulega nýtt á matseðli Íslendinga. Fyrstu heimildir um kalkúnakjöt hér á landi tengjast bandaríska setuliðinu í heimsstyrjöldinni síðari sem flutti inn mikið af því í tengslum við þakkargerðarhátíðina. Kaþólski presturinn á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði var með nokkra kalkúna í eldi á fimmta áratug síðustu aldar.

Samkvæmt áætlun FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, nam heimsframleiðsla á kalkúnakjöti tæpum sex milljón tonnum árið 2015 og hefur framleiðslan aukist um tæp milljón tonn frá síðustu aldamótum.

Bandaríki Norður-Ameríku ala allra þjóða mest af kalkúnum eða um helming framleiðslunnar og er framleiðslan mest í fimm ríkjum, Minnesota, Norður-Karólínu, Arkansas, Missouri og Virginíu.

Sé horft til annarra heimsálfa er Evrópa í öðru sæti með um tvær milljónir tonna og mest er ræktað í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Bretlandseyjum og Austurríki, frá rúmri hálfri milljón tonna niður í um hundrað tonn. Suður-Ameríka er í þriðja sæti með um 700 þúsund tonn og eru Brasilía og Síle þar atkvæðamest. Tölur frá Asíu, Afríku og Eyjaálfunni eru ónákvæmar og ræktun á kalkúni óveruleg í alþjóðlegu samhengi.

Erfitt er að segja til um fjölda kalkúna í eldi í heiminum en samkvæmt samantekt FAOSTAD má gera ráð fyrir að þeir séu rúmlega 800 milljón. Kalkúnar



Samkvæmt áætlun FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, voru framleidd tæp sex milljón tonn af kalkúnakjöti í heiminum árið 2015.



Kalkúnar í lausagöngu.

forverar minni og talsvert ólíkir kalkúninum sem við þekkjum í dag.

Náttúruleg útbreiðsla og hegðun

Náttúruleg heimkynni villtra kalkúna eru í Norður-Ameríku og norðanverðu Mexíkó og er kjörsvæði þeirra í blönduðum lauf- og barrskógum með opnu gras- og deiglendi á milli.

Fæðuval kalkúna er fjölbreytt og þeir nánast alætur

Kalkúnar tilheyra samnefndri ætt fugla sem inniheldur tvær tegundir en var mun fjölbreyttari fyrir á tímum. Tegundin Meleagris gallopavo er forveri alikalkúna og stór hluti villtra kalkúna tilheyrir henni. Tamur kalkúnar, *M. ocellata*, er fágætari og finnst helst í skógum á Yucatánskaga í Mið-Ameríku. Kalkúnar eru skyldir skógarhænsnum og rjúpu.

Viltir kalkúnar, *M. gallopavo*, eru stórir og háfættir fuglar. Fullvaxinn karlfugl getur náð allt að þrettán kílóum að þyngd en kvenfuglinn er léttari. Í eldi geta fuglarnir orðið mun þyngri og dæmi eru um alikalkúna sem hafi náð tæpum fjórtíu kílóum að þyngd.

Kalkúnar eyða mestum tíma sínum á jörðinni og geta á góðum spretti náð 40 kílómetra hraða á klukkustund. Ungir fuglar geta flogið stuttar vegalengdir á allt að 90 kílómetra hraða á klukkustund. Vænghaf fullvaxinna fugla nær allt að 1,8 metrum. Viltir kalkúnar eru að mestu með dökkar fjaðrir, brúnar, móræuðar, gráar eða svartar með hvítum skellum eða yrum og bryddingum á fjaðurendunum. Kvenfuglar eru ekki eins litríkir

eru í öðru sæti þegar kemur að fjölda nytjafugla í heiminum á eftir kjúklingum.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun var slátrað 41.724 kalkúnum á Íslandi árið 2013 og framleiðslan rúm 227 tonn. Árið 2015 hafði fjöldi slátraðra fugla aukist í 50.065 og framleiðslumagnið í rúm 318 tonn.

Steingervingar

Elstu steingervingar fugla sem teljast forverar nútíma kalkúna eru um 23 milljóna ára gamlir og hafa allir fundist í Norður-Ameríku. Af steingervingunum að dæma voru



Eldi á kalkúnum var að mestu utandyra fyrstu aldirnar og voru þeir reknir í flokkum á markað og höndlað með þá lifandi.

og karlarnir. Hálsinn er langur og á honum stór rauður húðsepi sem karlfuglinn blæs út í tilhugadansinum til að sýna mátt sinn og megin. Kalkúnar hafa þrjár tær og einn spora sem á karlfuglum geta verið rúmir þrír sentimetrar að lengd og er þeim beitt óspart þegar fuglarnir berjast um yfirráðasvæði og hylli kvenfugla.

Mökun villtra kalkúna á sér stað snemma á vorin og gera kvenfuglarnir sér hreiður í grunnnum dældum inni á milli runna eða í háu grasi. Eftir mökun verpir kvenfuglinn 8 til 15 eggjum sem hún liggur á í 25 til 31 sólarhring áður en ungarnir klekjast út. Ungarnir eru komnir á stjá og farnir að afla sér fæðu sólarhring eftir klak en eru í hreiðrinu hjá kvenfuglinum á nóttunni fyrsta hálfu mánuðinn þar sem móðirin ver þá fyrir rándýrum. Ungarnir halda sig í nálægð við kvenfuglinn fyrstu tíu mánuðina, eða þar til þeir verða kynþroska.

Nánast eingöngu kvenfuglar fara

í áframeldi eftir klak á kalkúnabúum og er þeim yfirleitt slátrað þegar þeir hafa náð fjórum til tólf kílóum að þyngd.

Kalkúnar eiga það til að hegða sér eins og gaukar og verpa í hreiður annarra kalkúna og fugla af öðrum tegundum.

Fuglinn frá Kalkútta

Á ensku kallast kalkúnar turkey og er ein af skýringunum sú að fyrstu kalkúnarnir hafi borist til Englands með kaupskipum frá Mið-Austurlöndum og Tyrklandi. Heiti kalkúna á ýmsum tungum tengja fuglana við Indland. Á arabísku kallast þeir diiq hindi sem þýðir grillaður fugl frá Indlandi og á frönsku segja menn dinde, eða frá Indlandi. Svipaða sögu er að segja um rússnesku og pólsku, indjushka og indyk, orð sem bæði benda til indversks uppruna.

Íslenska heitið kalkúnn kemur úr dönsku, kalkun. Danska heitið vísar



Vilttur karlfugl í tilhugalífínu.

til þess að menn hafi talið að fuglinn væri upprunninn í Austurlöndum og stendur fyrir fugl frá Kalkútta á Indlandi.

Nytjar og saga

Í dag eru kalkúnar aðallega nýttir vegna kjötsins og á borðum við hátíðleg tækifæri. Fornleifar sýna að indíánar Norður-Ameríku nýttu kalkúnafjaðrir í hátíðarklæði, höfuðföt og teppi og að þeir skáru út myndir af þeim á tótemsúlur að minnsta kosti 800 árum fyrir upphaf okkar tímatafs. Telja má víst að þeir hafi veitt villta kalkúna sér til matar langt aftur í aldir.

Talið er að kalkúnar hafi fyrst verið aldir af indíánum í suðvestur hluta Bandaríkjanna og af Mayum og Astekum í Suður-Ameríku. Astekar tengdu kalkúninn við guðinn og sprelligosann Teskatlipoka vegna þess að þeim þótti hegðun fuglanna skopleg.

Fyrstu kalkúnarnir bárust til Evrópu með Spánverjum og frá þeim urðu til ólík ræktunarkyn eins og Svarti Spánverji og Royal Palm. Í dag er Belville Small White vinsælt kyn í ræktun. Fjaðrir flestra alikalkúnakynja í dag eru hvítar.

Kalkúnninn barst til Danmerkur um miðja fimmtánda öld og var fljótlega eftirsótt fæða danska

háaðalsins. Frá Danmörku breiddust kalkúnar svo út til Svíþjóðar og Noregs.

Englendingurinn William Strickland er talinn hafa flutt fyrstu kalkúnana til Bretlandseyja snemma á sextánda öld. Í skjaldarmerki fjölskyldu hans er kalkúnn og er það ein elsta heimild um kalkúna þar í landi.

Í bresku skjali frá 1584 er greint frá því að flytja eigi kalkúna af báðum kynjum vestur um haf til nýja heimsins og bendir það til að menn hafi talið kalkúna upprunna í Austurlöndum. Eldi á kalkúnum

- Framhald á næstu síðu

Gott fengið er grunnur að góðri frjósemi

Fóður og bætiefni fyrir sauðfé

Ærblanda SS - Örfðabreytt kjarnfóður

framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir

Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

- 15 kg fata

Salto fár - Saltsteinn fyrir sauðfé

- Inniheldur stein- og snefilefni
- Án kopars
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS

SS - Fossháls Búvörudeild Sími: 575-6000	SS - Selfossi Afgreiðsla Sími: 575-6000	Suðurland Bergur Pálsson Sími: 894-0491	Suðurland Ingi Már Björnsson Sími: 894-9422	Borgarfjörður Sígfrús Helgi Guðjónsson Sími: 892-9757
Snæfellsnes Brynjar Hildibrandsson Sími: 893-1582	Dalasýsla Unnsteinn Hermannsson Sími: 864-1416	Reykholar Hafliði Viðar Ólafsson Sími: 892-5022	Flateyri Ásvaldur Magnússon Sími: 868-8456	Strandasýsla Sigrún Magnúsdóttir Sími: 893-9964
Húnavatnssýslur Pétur Daníelsson Sími: 891-8626	Skagafjörður, Eyjafjörður og Þingeyjarsýsla Þorgils Sævarsson Sími: 860-9898	N-Austurland Eypór Margeirsson Sími: 893-1277	Austurland Helgi Rúnar Elfsson Sími: 860-2729	Höfn Bjarni Hákonarson Sími: 894-0666

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000

var að mestu utandyra fyrstu aldirnar og voru þeir reknir í flokkum á markað og höndlað með þá lifandi. Það var ekki fyrr en um miðja tuttugustu öld sem kalkúnar urðu almenn hátíðarfæða í kjölfar aukins verksmiðjubúskapar og betri kælitækni.

Í Bandaríkjunum er hefð fyrir því að borða kalkúnakjöt á þakkargjörðarhátíðinni annan mánuðag í nóvember. Upprunalega var hátíðin eins konar töðugjöld til að fagna uppskeru liðins árs. Einnig er hefð fyrir því að Bandaríkjaforseti veiti kalkúni sem á að vera á matseðli Hvíta hússins á þakkargerðarhátíðinni líf. Lífgyöfin er þó aðeins tímabundin því fuglinn endar oftast á jólamatseðli Hvíta hússins nokkrum vikum seinna.

Benjamin Franklin, einn þeirra sem undirritaði sjálfstæðisfyrirlesingu Bandaríkjanna, vildi að kalkúnninn yrði gerður að þjóðarfugli Bandaríkjanna. Honum tókst ekki að vinna hugmyndinni brautargengi og í stað kalkúnsins er það skallaörn. Rök Franklins gegn skallaerninum voru að hann væri ránfugl og hræta sem stæli mat frá öðrum dýrum og þar af leiðandi skræfa en að kalkúnninn væri hugrakkur nytjafugl. Reyndar væri skondið ef Franklin hefði náð sínu fram og að það væri kalkúnn í skjaldarmerki Bandaríkjanna og þar af leiðandi kalkúnn framan á bandaríska vegabréfinu í stað arnar.

Hávaðasamir og félagslyndir fuglar

Kalkúnar eru félagsverur og hávaðasamir og sýna greinileg merki um streitu séu þeir einangraðir frá öðrum sér líkum. Fullorðnir kalkúnar þekkja aðra fugla í sama hópi og sé ókunnugur kalkúnn setur í hóp er hiklaust ráðist á hann, hann reinn burt eða drepinn.

Kalkúnar á Íslandi

Saga kalkúnaeldis á Íslandi er stutt og neysluhefðin stutt. Vitað er að bandaríska hernámsliðið flutti til landsins mikið af kalkúnakjötti á stríðsárunum og þá aðallega í kringum þakkargerðarhátíðina.

Kaþólski presturinn á Jórfríðarstöðum í Hafnarfirði var með nokkra kalkúna í eldi á fimmta áratug síðustu aldar og Karmelsystur ráku síðar lítið fuglabú á sama stað og ræktuðu meðal annars brúna kalkúna. Einhverjir fengu egg hjá prestinum og nunnum og reyndu



Hefð er fyrir því að Bandaríkjaforseti veiti kalkúni, sem á að vera á matseðli Hvíta hússins á þakkargjörðarhátíðinni, líf. Lífgyöfin er þó aðeins tímabundin því fuglinn endar oftast á jólamatseðli Hvíta hússins nokkrum vikum seinna.

fyrir sér með að rækta kalkúna sér til gamans og til sölu.

Málfríður Bjarnadóttir, ekkja Jóns Guðmundssonar á Reykjum í Mosfellsdal, segir að Jón hafi fengið sína fyrstu kalkúna frá kaþólska prestinum á Jórfríðarstöðum, einn hana og tvær hænur, skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og haft kalkúnaeldi fyrir tómstundagaman í mörg ár.

Í Sögu alifuglaræktunar á Íslandi segir að Hálfván Bjarnason og Geirmundur Guðmundsson í Reykjavík og að fyrirtækið Vængir hf. hafi ræktað og selt kalkúnakjöt um miðja síðustu öld. Eldi á kalkúni var einnig reynt í Austurkoti í Flóa um tíma. Á árunum 1945 til 1961 var kalkúnaeldi í Hraunkoti í Grímsnesi. Þrátt fyrir góðan vilja náði ræktunin ekki fótfestu.

Árið 1965 flutti Jón Guðmundsson á Reykjum inn kalkúnaegg frá Noregi af kyni sem nefnist White Beltsville og eru fuglarnir hvítir eins og nafnið gefur til kynna.

Á forsiðu Vísis 22. október 1966 segir í fyrirsögn „Íslenzkur kalkúnn á markað fyrir jól“ og í



Um miðja tuttugustu öld verða kalkúnar almenn hátíðarfæða í kjölfar aukins verksmiðjubúskapar og betri kælitækni.

undirfyrirsögn, „Jón á Reykjum hefur hafið kalkúnarækt“.

Í fréttinni segir að „Jón Guðmundsson, bóndi að Reykjum í Mosfellssveit, sem fyrir löngu er kunnur sem athafnamaður á sviði alifuglaræktar, hefur nýlega hafið ræktun ali kalkúna. Til þessa hefur alifugla starfsemi Jóns aðallega takmarkast við kjúklingarækt og hafa verið aldri kjúklingar af svokölluðu „Plymouth Rock“ kyni. Hefur sú starfsemi gefið allgóða raun. Nú hefur Jón sem sé tekið þá ákvörðun að færa út kvíarnar og hefja starfrækslu kalkúnaræktarstöðvar.

Að því er Jón sagði fréttamanni Vísis á dögnum, er hann bjartsýnn á kalkúnræktina. Hann býst við að geta sent á markaðinn fyrir jóln um 75 kalkúna, en hver þeirra vegur um 5 kíló. Ekki kvaðst Jón kníða því að geta ekki selt kalkúnninn, enda er hann talinn herramanns matur.

Jón kvað byrjunina að þessari ræktun vera þá, að hann keypti egg frá Noregi, og hefur hann síðan alið ungana í sumar. Kalkúnarnir eru af svokölluðu „Beltsville White“ kyni, en það er nefnt eftir borginni Belts ville í ríkinu Maryland á vesturströnd Bandaríkjanna. Í þeirri borg var fyrrgreint kyn ræktað upp, eftir allviðtækar kynbætur. Er það samdóma álit sérfræðinga, að kynbætur þessar hafi tekizt afburðavel, enda eru Bandaríkjamenn framarlega á þessum sviðum.“

Árið 1972 var fluttur inn stórvaxnari stofn af sama kyni frá Bretlandi.

Upp úr 1990 fer að bera talsvert á auglýsingum um

VÍSIR

16. útg. - Lengingargötu 33, október 1966. - 240 bl.

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Tekjur verkamanna jukust og vinnutími styttest '64—'65

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Hús Kristmanns í Hvera-gerði að veitingasal

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Heimsókn Cleveland

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Ánægðir með landið sem þeim var úthlutað

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Bæklingur um íslenzka hrað-ritun kominn út

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

SAS-flug til Íslands innan tveggja ára

— samkvæmt athugasemjum —
í heftunni var 240 bl. (skráðar)

Íslenzkur kalkúnn á markaðinn fyrir jól

— Jón á Reykjum hefur hafið kalkúnarækt

Íslenzkur kalkúnn á markaðinn fyrir jól

— Jón á Reykjum hefur hafið kalkúnarækt

Íslenzkur kalkúnn á markaðinn fyrir jól

— Jón á Reykjum hefur hafið kalkúnarækt

Á forsiðu Vísis 22. október 1966 segir í fyrirsögn: Íslenzkur kalkúnn á markað fyrir jól. Athyglisvert er að á myndinni eru kalkúnarnir utandyra.



Samanturðir á stærð eggja gæsa, kalkúna og hænсна.

kalkúnakjöt í blöðum samhliða kalkúnauppskriftum. Kalkúnaeldi og neysla hefur verið í talsverðum vexti undanfarnin ár og í dag þykir sjálfsagt að hafa kalkún á matseðlinum yfir jólahátíðina.

Matreiðsla kalkúnakjöts

Á heimasíðu Ísfugls segir að steikingartími kalkúnakjöts sé mismunandi og fari eftir því hvort fuglinn er heill eða í bitum.

Mjög mikilvægt er að gæta hreinlætis þegar fuglakjöt er eldað. Vökvi úr kjötinu má aldrei snerta grænmeti eða aðra ferska matvöru.

Alltaf skal gegnsteikja kalkúnakjöt, en muna að bringurnar eru magurt kjöt og geta því þornað við of langa steikingu eða á grilli.

Við steikingu á kalkúnabringum er miðað við 30 til 40 mínútur á

hvert kíló við 170° á Celsíus. Gott getur verið að brúna bringurnar fyrst á pönnu og miða þá við aðeins styttri steikingartíma. Magurt kjöt er gott að hægelda við lágan hita, til dæmis 140° á Celsíus í um það bil 50 til 60 mínútur.

Kalkúnalæri og -leggi í ofnreitti er gott að elda við lágan hita, 160° á Celsíus í um eina og hálfa klukkustund.

Heill fylltur kalkúnn skal steikjast í 40 til 45 mínútur fyrir hver kíló við 160° á Celsíus. Steikingartími er aðeins styttri, eða 30 mínútur á hvert kíló ef fuglinn hefur ekki verið frystur.

Mjög gott og jafnvel nauðsynlegt er að nota kjöðhitamæli við eldun, því ofnar og grill geta verið misjöfn. Alltaf skal miða við kjarnhitann 70° á Celsíus á fullsteiktu kalkúnakjöti.



**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
TATNAÐARÁR • ALMENN BLICKSMÍR • HANNAÐAL • BANGJARN
LOFTSTYRKTUR • STÖR • ELEMENT • HUGSTÖÐIR • KLÆMINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • info@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is



Heyrðu nú!

Heyrnarhlífar með útvarpi og
bluetooth tengingu við síma.
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

3M PELTOR
HEALERT IP

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing
og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020**
eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður,
keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl
við flugstöð við heimkomu

**2 manna
herbergi
10.500
kr**

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is



fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

www.merkismenn.is **544 2030**



Beta EASY

Vnr. 009031965

2016
verkfæri

Beta Easy
fyrir heimilið
og skúrinn

Topplyklasett
35 hluta - 1/4"
Tilboð: 6.929 kr.

Vnr. 009031983

Topplyklasett
93 hluta - 1/4" & 1/2"
Tilboð: 17.818 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is | **IDNVÉLAR**



IÐNAÐARHURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Polir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



Jurtir Karlamagnúsar – sar

Einn af elstu guðum íbúanna á Ítalíuskaga var Satúrnus. Kona hans hét Ops og mun jafnframt hafa verið systir hans, ef marka má heimildir. Þau voru upp á sitt besta í þeim heimi þegar auðsæld og friður ríktu og engar værur voru milli manna og lömbin gengu óstyggð meðal ljónanna. Satúrnus og Ops héldu til á Satúrnusarhæð, sem síðar kallaðist Kapítólhæð og er ein af sjö hæðum Rómar.

Frumburður þeirra var Júpíter, sem eins og hreppstjórasyrnir í sögum Guðrúnar frá Lundi eða Jane Austen fór að skipta sér af öllu og eigna sér allt, nær og fjær, þegar hann hafði aldur til. Að lokum varð hann aðalguðinn á svæðinu. Önnur börn í systkinahópnum voru Neptúnus, Plútó, Júnó, Ceres og Vesta. Þau koma öll við sögu í rómversku goðafræðinni.

Guð gnægtanna

Satúrnus mun hafa verið fremur flókin figúra sem hafði tengingar af mörgu tagi fram og aftur í tíma og rúmi. Allar myndir af honum sýna hann sem rosinn eða vel miðaldra karl með mikið grátt skegg og þunnhærðan koll. Nokkuð lotinn oftast og með sigð í höndum eða fullmundað orf sem Magnús sálarháski hefið getað öfundað hann af.

Opinberlega var hann guð gnægtanna, víngarðanna, hins frjóa akurs og framgangs kynslóðanna. Síðar bættist á hann að verða umsjónarmaður tímatalesins og var þar með að kollega gríska guðsins Kronosar. Og þeim var jafnvel ruglað saman í umræðunni og Satúrnusi eignað ýmislegt misjafnt sem Kronos hafði haft fyrir stafni. Eins og til dæmis það að hann æti börnin sín. Slíkt gerði Satúrnus ekki.

Eitt hliðarnafna hans var Sterkúlíus. Það nafn var eiginlega einskona skítagegill sem hann brá sér í þegar hann sinnti því að vera guð áburðarins, seyru, mykju og taðs sem þá, eins og nú, skiptu máli fyrir frjóssemi akra og garðlanda. Þessi efni hafa alltaf þótt óvirkuleg, einhverra hluta vegna, og því kynnti Satúrnus sig með öðru nafni í námunda við þau til að fá síður flekk á mannorð sitt sem guðaveru.

Satúrnus hélt utan um hlutina og hafði allt í föstum skorðum efnahagslega. Það var ekki auðhlaupið að því að villa um fyrir honum eða að plata hann í vafasamar fjárfestingar. Og hann hefði aldrei látið glepjast af skattaskjólum á fjarlægum eyjum. Aðhald og regla var hans leiðarljós.

Satúrnusarhofið – fjárhirsla Rómaveldis

Því reistu Rómverjar honum hof við Forum Romanum þar sem fjármunir Rómaveldis voru vistaðir. Þaðan var nú ekki verið að moka út peningum í einhverja vitleysu. Líklega hefur garðyrkjumaðurinn Gunnar Sträng sem var efnahagsráðherra Svía á árunum 1947 til 1976 komist næst því að vera Satúrnus endurborinn, sé líking tekin úr nærtímanum. Þau ár sem hann gætti sænsku þjóðarbuðunnar var gullöld sænsku velferðarinnar. Enda var hann Þorláksmessubarn, fæddur í upphafi steingeitarkerkis undir áhrifum Satúrnusar og plánetunnar með sama heiti.

Öll veldi eru fallvölt. Þegar Júpíter Satúrnusarson, með sinn útrásarvilja og heimsafskiptahvöt, var vaxinn úr grasi tók hann smátt



Leifar Satúrnusarhofsins við Forum Romanum.



Brons satýr.

og smátt við búinu af föður sínum. Satúrnus og Ops drógu sig í hlé og eru núna einhvers staðar að sinna sínu án þess að mikið beri á né að nokkur viti hvar. Þegar Júpíter var kominn til sögunnar varð minna um friðsæld og velmegun en verið hafði í búi foreldra hans. Nú voru nýir tímar og samskipti við hinn gríska guðaheim öllu samkrulli og uppstokkun í rómversku goðafræðinni þannig að oft er erfitt að sjá hver er hvað þegar við nútímamenn erum að reyna að fá botn í allan þann frændgarð.

Satúrnalía – undanfari jólanna

En nafn Satúrnusar var og mun verða órjúfanlega tengt við vetrarsólstöðuhátíð Rómverja, Satúrnalíuna. Hún var haldin dagana 17. til 23. desember ár hvert, Satúrnusi til heiðurs. Satúrnalían var eins konar uppskeruhátíð. Öllum haustverkum lokið og kyrrð komin á eftir annir ársins. Og svo varð auðvitað að gleðja guðina og gera sér dagamun þessa skemmstu daga ársins. Hver dagur hafði sína hátíðarsíði. Börnum voru gefnar gjafir, sem yfirleitt voru skræpóttar glansmyndir af guðum og kynjaverum við allskyns athafnir. Oftast dálítið beinskeyttar og groddafengnar og stæðust varla mat á birtingarhæfi á okkar tímum, allra síst fyrir börn.

Í raun var öllu snúið á haus á Satúrnalíunum. Einn daginn áttu húsbændur að þjóna þrælum sínum til borðs og bera fram alla þá dýrindis rétti sem þeir sjálfir nutu allajafna. Að sjálfsögðu voru þrælarnir klæddir uppá í fót húsbændanna en húsbændur skryddust þrælaskrúðanum. Til að allt væri nú rétt samt, höfðu

Sumarsar, *Satureja hortensis*.Vetrarsar, *Satureja montana*.

þrælarnir sjálfir séð um matseldina. Hana réði hefðarfólkið ekki við. Allt fór þetta með friði fram og þótti skemmtileg tilbreyting.

Samkvæmisleikir – bannað börnum!

Fleiri samkvæmisleikir voru iðkaðir á Satúrnalíunum. Eiginlega var öllu gefin laus taumurinn og mikil og almenn þáttataka var í svallveislum þar sem siðgæðið fékk að víkja fyrir lauslætinu og lostanum. Þar var allt leyfilegt, án eftirmála, og mest skemmtunin í fjölbreytninni. Nokkrar frásagnir eru til í rituðum heimildum. En þær hafa sjaldan verið þýddar úr frummálinu yfir á aðrar þjóðtungur, velsæmisins vegna. Bókin Satyricon eftir Petronius hefur þó birst á mörgum tungumálum sem klassískt bókmenntaverk. Þar er nokkuð krassandi lýsing á slíku samkvæmi. Kannski þekkja einhverjir verkið í kvikmyndaformi Fellinis frá 1969.

Í Satyricon er drykkurinn „satyrion“ nefndur. Sá mjöður var nokkuð magnaður og líklega af svipuðu tagi og drykkurinn „kykeon“ hjá Grikkjum. Þar í var margt misjafnt sett með það að markmiði að örva öll skilningarvit

til hins ítrasta. Meðal jurta sem fór í satyrion-drykkinn var sar, *Satureja*, af einhverju tagi.

Brímajurt satýranna

Guðinn Satúrnus var ekki einhamur. Hann hafði tengsl inn í aðra veröld þar sem málum var háttað á nokkuð annan veg en hann umbar heimavið. Í kjörrum og skógum umhverfis akurlendi hans höfðust við kynjaverur sem kölluðust satýrar. Þeir voru allir karlkyns og í mannslíki en með sterku ívafi af skapnaði geithafra. Frammyntir voru þeir og skáeygir. Kollur þeirra var hrokkinhærður utan um hársnauðan skalla og út úr hárlubbanum löfðu uppvaðin geitaeyru og úr enninu stóðu hnýflar.

Neðantil höfðu þeir loðinn þjó sem á geithafri. Dindil eða hala þar aftur úr og fætur enduðu í klaufum. Framantil höfðu þeir allt sem tilheyrir körlum og þar var oftast næsta vel í lagt. Satýrarnir voru baldnir og ófriðsamir, vægast sagt. Þeir æddu um skógana emjandi af losta og eirðu engu. Einkum voru þeir aðgangsharðir og blygðunarlausir gagnvart kvenfólki sem þeir rákust á, svo vissara var fyrir konur að vera ekkert að ráfa um óbyggðirnar einar

og sér. Við satýrana er sar-ættkvíslin, *Satureja*, kennd og hefur orð á sér fyrir að vera aflvaki þess bríma sem þarf til að tímgunarleikir gangi vel fyrir sig.

Karlamagnús kunnir að meta!

Og sar var að sjálfsögðu á óskalista Karlamagnúsar í Capitulare de Villis. Þar tegundir sars sem við ræktum hér á Norðurlöndum eru sumarsar, *Satureja hortensis*, og vetrarsar, *Satureja montana*. Nokkrar fleiri tegundir hafa verið reyndar en spretta ekki vel undir norrænum sumarhimni. Nafnið „sar“ á þessum kryddjurtum er gamalt í dönsku, norsku og íslensku. Á sænsku og finnsku kallast þær „kyndlar“. Til er skemmtileg skýring á dansk-norsk-íslenska nafninu. Hún er sú að einhvern tíma rétt fyrir árið 1500 barst dönsku benediktínaklaustri fræsending frá frönsku bræðraklaustri. Þar á meðal var bréf sem bara bar áletrunina „SAR“. sem er líkleg skammstöfun á franska heitinu „sariette“.

Undir þessu sar-heiti var fræjunum sáð og síðan uppskorið fræ sem svo fór áfram til annara klaustra í Danmörku og Noregi og hélt nafninu. Einar Helgason tekur það svo upp sem íslenskt heiti í bókina Hvannir sem út kom 1926. Annað heiti er líka til, það er „baunakrydd“ eftir þýskunnar „Bohnenkraut“. En sar hefur nefnilega þann eiginleika að stemma þann leiða vindgang sem oftast fylgir eftir neyslu á baunaréttum.

Sar – kryddjurt sem vert er að þekkja

Sar hefur sterkt piparbragð og var notað í stað pipars áður en pipar fór að vera auðfenginn og ódýr í löndum Evrópu. Sumarsar er bragðsterkari en vetrarsar. Báðar eru tegundirnar sólelskar og vel ilmandi. Þær minna um margt á timían í útliti. Fræjunum er sáð gisið á björtum stað innanhúss í mars-apríl og plantað út eftir herðingu þegar frostnætur eru liðnar hjá. Þeim þarf að velja skjólgóðan og sólríkan stað í garðinum. Gjarna í nokkru regnvari og magurri sandmold.

Sumarsar er einær, nokkuð blaðstærri en vetrarsar. Honum þarf að sá árlega. Til að halda plöntunum þéttum er um að gera að klípa oft af honum. Blöð og greinar má þurrka og geyma til vetrarins. Eins má leggja sarinn í olíu eða frysta hann.

Vetrarsar er runnkend, fjölær planta, allt að 30cm há og með nállaga blöðum sem haldast að mestu græn árið um kring. Hann ilmar betur en sumarsar en er bragðdaufari. Hann kallar á svipaðan vetraraðbúnað og lávöndull eða rósmarín. Hann þrífst vel í pottum og þarf yfirvetrun undir gleri eða plasti í reit eða köldu gróðurhúsi. Líka er hægt að grafa pottana í sandbeð norðan eða vestan við húsveggi þar sem vatn og vetrarvæta leikur síður um.

Í matargerð á sar af báðum gerðunum vel við grænmeti og rótarávexti af öllu tagi. Einnig egg, pylsugerð og í flesta pottrétti með kjöti. Sumir nota hann í ábætisrétti. En til að byrja með er best að fara hægt af stað með magnið af kryddinu meðan verið er að venjast bragðinu. Sar heldur aftur af vexti gerlagróðurs og margir sem gera hrápylsur (þurrverkað feitt kjóthakk) nota sar og hrammslauk (bjarnarlauk) til að koma í veg fyrir hættuna af matareitrun. Við það fær kjótið líka fallega rauðan lit.

Lesendabás

Vegagerð í Öræfum

Öræfingar og landsmenn fagna því að búið er að smíða nýja tvíbreiða brú yfir Morsá í stað Skeiðarárbrúar sem hefur þjónað okkur í meira en 40 ár. Eftir að Skeiðará færði sig yfir í Gigjukvísl árið 2009, þá hefur ekki verið þörf fyrir 880 metra langa einbreiða brú yfir gamla farveg Skeiðarár, því Morsá er að venju vatnslítill.

Brúin yfir Morsá er tilbúin, en þar sem ekki er til fjármagn hjá Vegagerðinni til að klára tvær stuttar veltengingar að brúnni, þá þarf að bíða til sumarsins 2017 að taka hana í notkun. Það er slæmt að þurfa að bíða til næsta sumars, því Skeiðarárbrú er orðin hættuleg vegfarendum. Í framhaldi af nýrri brú yfir Morsá og miklar breytingar á farvegum jökuláa í Öræfum þá er skynsamlegt að hugleiða hvernig framtíðar veglína í gegnum vesturhluta Öræfa gæti orðið.

60 ára gömul veglína

Staðsetning núverandi vegar yfir Skeiðarársand og að Skaftafelli var ákveðin upp úr 1970 og í framhaldi var hringvegurinn opnaður 1974. Vegasamgöngur á milli Skaftafells og Fagurhólsmýrar opnuðust 1954 með brú á Skaftafellsá og er því veglína yfir 60 ára gömul. Í dag eru 22 einbreiðar brýr í Austur-Skaftafellssýslu og þar af eru átta í Öræfum.

500.000 ferðamenn

Mikil umferð er um Öræfin enda er þar að finna tvo af vinsælustu ferðamannastöðum á Íslandi, Skaftafell og Jökulsárlón, meira en 500.000 ferðamenn heimsækja þessa staði. Ferðapjónustan vex hratt í Öræfum, á annan tug fyrirtækja er með ferðapjónusturekstur, fjöldi hótellerbergja hefur margfaldast og opið er í þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli allt árið.

Í Öræfum búa að staðaldri um 65 manns og hefur þeim farið fjölgandi á undanfórnum tveimur árum. Á síðasta sumri voru yfir 200 sumarstarfsmenn í vinnu í Öræfum. Umferðarmagn og umferðarhraði hefur aukist mjög mikið síðan Skaftafellsá, Svínafellsá, Virkisá og Kotá voru brúaðar um miðja síðustu öld.

Stóraukin bílaumferð

Á síðustu fimm árum hefur sumar-



Hér sést niður á þjóðveginn við Svínafell og í fjarska hægra megin á myndinni glittir í Freysnes og Skeiðarársandur blasir við í vestri.

umferð bifreiða aukist um 100% og vetrarumferð um 150%, þessi þróun mun halda áfram á næstu árum. Ofsaveður geta orðið í Öræfum og er Sandfell þekktur staður í þeim efnum, með aukinni umferð ferðamanna allt árið þá er hætt á að slysum muni fjölga þar sem veður eru válynd.

Nú er kominn tími til að ákveða framtíðar veglína í gegnum Öræfin, með markmiði að stytta hringveginn, fækka einbreiðum brúm og bæta búsetuskilyrði. Núverandi vegur er 25 km langur og liggur hann frá Morsá að Skaftafelli, framhjá Hótel Skaftafelli og bensínstöðinni í Freysnesi, vestan við byggðina í Svínafelli og Hofi. Með færslu hringvegarins vestur að flæðislétu Skeiðarársandar er hægt að stytta lengd vegarins, fækka brúm, bæta öryggi vegfarenda og búsetuskilyrði bænda í Öræfum. Sífellt erfiðara er að stunda hefðbundinn búskap á stöðum þar sem aðalbraut með mikilli umferð sker í sundur heimalönd bænda.

Ný veglína og stytting vegar

Með því að færa veglínuna 2–2,5 km vestar en núverandi vegur þá mun ný veglína stytta leiðina úr 25 km í 19 km. Stytting hringvegarins um 6 km þýðir að arðsemi framkvæmdanna verður mikill. Margt bendir til að þegar vegstæði er fært fjær fjallendi Svínafells og Sandfells þá eru minni hættur á sterkum vindhviðum og má því áætla að slysum muni fækka.

Lagt er til að brúarstæði Skaftafells- og Svínafellsár verði þar sem árnar mætast á flæðislétu Skeiðarársands. Brú á Virkisá verði um 2 km fyrir vestan núverandi brú og ný brú yrði á Kotá vestan við Háöldu. Nýr vegur yrði vestan við

túnin á Hofi og tengdist núverandi vegi skammt frá nýlegri brú yfir Gljúfursá við Fagurhólsmýri. Með því að færa veginn út á flæðislétu Skeiðarársands þá verður auðvelt að setja upp fjárhelda girðingu meðfram veginum.

Leggja þarf af einbreiðar brýr

Frá Fagurhólsmýri að Jökulsárlóni eru fjórar einbreiðar brýr, brýrnar yfir Hólá og Stígá eru aðeins 16 metra á lengd og því hættulegar, ekki er langt síðan að banaslys var við Hólá og alvarlegt slys við Stígá. Það er kominn tími til að þessar tvær brýr heyri sögunni til.

Skorað á sveitarstjórn

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012–2030 er gert ráð fyrir breytingum á veglínu í landi Freysness og Svínafells. Að mínu mati gengur sú tillaga ekki nógu langt og skora ég því á sveitarstjórn Hornafjarðar að gera breytingar á aðalskipulaginu og marka nýja stefnu í vegagerð í Öræfum.

Fyrirhuguð vegaframkvæmd á milli Morsár og Gljúfursár er matskyld og er því mikilvægt fyrir Vegagerðina að hefja undirbúning við matið í framhaldi af aðalskipulagsbreytingunni. Í samræðum mínum við Öræfinga og sveitarstjórnarfulltrúa á Höfn þá eru þeir almennt fylgjandi breytingu á veglínu á milli Morsár og Fagurhólsmýrar.

Ragnar Frank Kristjánsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.
Bjó í Skaftafelli á árunum 1998–2007 og er jökla-mælingarmaður í Öræfum.



Ný veglína samkvæmt hugmynd Ragnars en með henni væri hægt að stytta hringveginn og fækka brúm.

Myndir / RFK

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 9,0 m




STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og lítað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi líta í boði





H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

24

28

32

24

28

32

24

28

32

Bændablaðið

1. Miðlað 2016 • Fimmtudagur 14. janúar • Blað nr. 408 • 32. blg. • Útgáfa 32.000

30% LANDSMANNA LESA BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI

HEIMILD: PRENTMIÐLAÐKÖNNUN GALLUP. KÖNNUNARTÍMI: OKT. – DES. 2015

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

Utan úr heimi



Brugðist við matarskorti í stríðshráðri Aleppoborg: Bændur á svæðinu reyna að tryggja fæðuöryggi

Þrátt fyrir hörmungar stríðsátaka í borginni Aleppo í Sírlandi, sem hart er nú sótt að, neita bændur á svæðinu að gefast upp. Reyna þeir af veikum mætti að tryggja fæðuöryggi í borginni.

Frá þessu var greint á fréttastöðinni Aljazeera 17. október síðastliðinn. Þar segir að í miðjum hörmungum stríðsátakanna reyni íbúarnir að komast af í daglegu lífi við afar erfiðar aðstæður. Sprengjum hafi rignt yfir borgina þar sem heimili fólks eru sprengd í loft upp. Fæðuskortur hafi stöðugt farið versnandi, en þar hafi bóndinn Salim Atrache séð tækifæri. Á 37 hektara landi í útjaðri borgarinnar hefur Atrache og sjálfboðaliðar Rauða liðsins svokallaða (Red Team), unnið við ræktun á kartöflum, gúrkum, kúrbít, eggaldinum, steinselju, spínati og fleiri tegundum. Telur Atrache að með uppskerunni sé hægt

að fæða íbúa austurhluta borgarinnar. Margvíslegur vandi steðjar þó að, m.a. við að útvega eldsneyti til að knýja nauðsynleg landbúnaðartæki. Borgarbúar sjálfir hafa reyndar líka reynt að bjarga sér með því að rækta eigið grænmeti í húsagörðum og halda húsdýr sér til matar.

Í þessari stríðshráðu borg eru matvæli ein verðmætasta viðskiptavaran. Afar lítið framboð hefur sprengt upp verð á matvælum í borginni. Að mati Atrache hafa sum matvæli tífaldast í verði og því séu viðskiptatækifæri fyrir bændur. Hann segist þó ekki ætla að selja uppskeruna á herra verði en sem dugar fyrir kostnaði. Hann leggur ríka áherslu á að það sem hann og sjálfboðaliðarnir séu að rækta komist ekki í hendur stjórmarshersins, heldur sé það eingöngu ætlað íbúum í borginni og þeim sem eru á hverfissjúkrahúsunum. /HKr.

Er frumutalan of há?

Júgurbólga í mjólkurkúm er langalgengasti sjúkdómurinn í mjólkurframleiðslunni og veldur bændum miklum búsifjum bæði vegna kostnaðar við meðhöndlun, afurðataps og fleiri þátta.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar víða um heim á kostnaðarþáttum sem tengjast júgurbólgu og má ætla að árlegt tap bænda vegna sjúkdómsins sé að jafnaði í kringum 10% af verðmætum mjólkurframleiðslunnar. Þetta getur þó verið æði misjafnt á milli búa og víða má ætla að þetta tap sé langtum meira.

Frumutala mjólkur

Frumutala mjólkur er líklega algengasti mælikvarði á júgurheilbrigðisástand kúabúa í dag enda mælir frumutalan fjölda þekjufruma og hvítra blóðkorna í mjólk. Hvítum blóðkornum fjölga verulega þegar bólga eða bólgubreytingar í júgurvef verða af völdum sýkla.

Þessi aðferð við gæðaeftirlit mjólkur hefur verið notuð í rúma hálfa öld og eru flest lönd með viðmið um heimilaðan hámarksfjölda af frumum í hverjum millilítra mjólkur, eigi að nýta hana til manneldis.

Í Evrópu á þriggja mánaða faldmeðaltal frumutölu tankmjólkur að vera lægra en 400 þúsund/ml en margar afurðastöðvar hafa mun lægra viðmið fyrir úrvalsmjólk líkt og þekkist hér á landi, þar sem einn af grundvöllum úrvalsmjólkurgreiðslu er að faldmeðaltal frumutölu fjögurra mælinga innan mánaðar sé 200 þúsund/ml eða lægra.

Þó svo að margar afurðastöðvar miði einmitt við 200 þúsund/ml fyrir úrvalsmjólkurálág þá eru nokkrar sem greiða enn betur fyrir enn frumulægri mjólk. Þannig greiðir t.d. ein dönsk afurðastöð, Them Ost, úrvalsmjólkurálág niður í 100 þúsund frumur/ml. Them Ost, sem er sérhæfð afurðastöð í ostavinnslu, borgar aukið álag í 100 þrepum frá 200 þúsund frumum/ml niður í 100 þúsund frumur/ml. Þannig fá innleggjendur betur og betur greitt fyrir mjólkina eftir því sem frumutalan verður lægri.

Þetta hefur gert það að verkum að innlögð mjólk til afurðastöðvarinnar hefur tekið miklum breytingum og fyrir víkið hefur hráefnið sem unnið er með batnað til muna, svo mikið að hægt hefur verið að breyta vinnslunni og fá enn meiri arðsemi með mjólkurvinnslunni. Framlegðar aukningin hefur með öðrum orðum greitt fyrir úrvalsmjólkurálagið.

Hvað er há frumutala tankmjólkur?

Undanfarna áratugi hefur þekking á frumutölu mjólkur og sýkingum í júgurvef tekið miklum framförum. Má nefna sem dæmi að fyrir um aldarfjórðungi var oft miðað við að væri frumutala einstaks júgurhluta hærri en 300 þúsund, þá væri um júgurbólgu að ræða. Í dag miða flest lönd við helmingi lægra viðmið þ.e. mælist kýrsýni með meira en 150 þúsund frumur/ml þá sé kýrin með sýkingu.

Sé frumutala einstakra kúa hærri hafa rannsóknir sýnt að það dregur úr afurðaseminni að jafnaði auk þess sem t.d. dönsk rannsókn frá þessu ári sýndi að þau bú sem eru með lægri frumutölu hafa að jafnaði betri afkomu en þau sem hærri eru.

Lítleik skýring felst í mun lægri tíðni á dulinni júgurbólgu en það er júgurbólgutilfelli sem ekki valda sýnilegum einkennum júgurbólgu.



Skálapróf er líklega einfaldasta og auðveldasta aðferðin sem þekkt er í dag til þess að finna frumuháa mjólk frá einstökum kirtlum.

Af þessu leiðir að sé tankmeðaltalið herra en 150 þúsund/ml þá ætti að leita leiða til þess að ná tökum á ástandinu, og það er alltaf hægt!

Hvað er til ráða?

Sé frumutala tankmjólkur hærri en 150 þúsund/ml þarf að skoða kýrsýnin vel og skálaprófa allar frumuháar kýr til þess að komast að því hvort tilfallandi hækkun hafi orðið á kýrsýnatökudegi eða hvort um raunverulega sýkingu er að ræða. Þá þarf alltaf að meta aðstæðurnar enda getur frumutala hækkað eftir því sem líður á mjaltaskeiðið auk þess sem frumutala hækkar með hækkandi aldri kúa svo dæmi sé tekið.

Svari skálaprófið mælum við alltaf með því að erfðaefnisgreina kýrsýnin (PCR greina) enda þarf að vita nákvæmlega hvaða sýkill er að valda vandræðum í hverju tilfelli fyrir sig, enda eru viðbrögðin afar ólík eftir því hvaða sýklar eru að herja á kýrnar hverju sinni og eiga bændur alltaf að ráðfæra sig við sína dýralækna og mjólkurgæðaráðgjafa um hvernig eigi að bregðast við.

Gróflega má flokka sýklana þannig að sé Staphylococcus aureus að valda vandræðum, er ástæðan oft vanstilling eða röng uppsetning mjaltatækja/mjaltapjóna eða röng vinnubrögð við mjaltir/umhirðu mjaltapjónanna.

Sé Streptococcus uberis að valda vanda, eru kýrnar oftast af óhreinum og þarf þá oft að gera átak í bætum vinnubrögðum á búinu.

Rétt er að taka fram að þegar sýkingarvandinn á rætur sínar að rekja í umhverfi kúnna er lausnin ekki að bera sóðthreinsandi efni í tíma og ótíma á legusvæði kúnna. Skítur er og verður skítur þó svo að það sé búið að hella yfir hann sóðthreinsandi efni. Skít þarf að hreinsa frá kúum oft á dag og halda honum frá kúnum!

Sé E. coli að valda vanda er oft um samspilspætti að ræða; oft skítugt legusvæði kúnna ásamt neikvæðu orkujafnvægi sem gerir ónæmiskerfi kúnna erfitt fyrir.

Ef Klebsiella er vandamálið er reynsla okkar í Danmörku sú að oftast megi finna skýringuna í menguðu sagi eða spæni. Ef um kóagúlusa neikvæða stafylokokka er að ræða er oft um allt of hátt hlutfall af dulinni júgurbólgu að ræða í hjörðinni og er þá oftast horft til þess að meðhöndla í geldstöðunni (sjá síðar).

Þó svo að alltaf sé mælt með því að gera sérstaka aðgerðaráætlun fyrir hvert bú, byggt á erfðaefnisgreiningu á sýklum í mjólk, má heilt yfir gefa hér nokkur almenn ráð:

1. Yfirfara mjaltatækin og vinnubrögð við mjaltir

Reglubundið viðhald mjaltatækjanna er afar mikilvægt en við sjáum allt of oft ranglega stillt mjaltatæki og/eða bilaða tækni sem veldur skaða við mjaltir.

Í Danmörku eru óháðir ráðgjafar sem starfa m.a. við það að gera úttektir á mjaltatækjum og mjaltapjónum og þrátt fyrir þjónustusamninga sem bændur gera oft við fyrirtækin sem selja mjaltatækin þá finnast eiginlega ótrúlega oft bilanir eða rangar stillingar.

Vísbendingar um rangar stillingar geta verið t.d. ef hefta þarf kýr fyrir mjaltir en við miðum almennt við að ef fleiri en 1–2 kýr af hverjum 100 mjólkandi spraka af sér tækjunum, þá sé eitthvað að. Þetta sést einnig á búum með mjaltapjóna sé hlutfall ólokinna mjalta of hátt.

Hefting kúa fyrir mjaltir er oft afleiðing rangrar virkni mjaltatækninnar eða rangra vinnubrögða við mjaltir, en getur vissulega átt sér stöð í geðstirð sumra íslenskra kúa.

Algengustu tæknilegu mistökinn sem við finnum, bæði á hefðbundnum kerfum og mjaltapjónum, eru sogskiptar sem ganga ekki í takt eða hafa rangt sogskiptihlutfall, óhreinindi í soglögnum sem hefir hreyfingu lofts og þar með veldur vanstillingu og óþéttir mjaltakrossar sem gerir það að verkum að þegar tækin eru tekin af þá fellur sogið allt of hratt. Önnur algeng mistök sem finnast eru ranglega staðsettar mjólkurlagnir og/eða rangur halli á mjólkurrörum, of litlar sogvélar miðað við þarfir kerfanna, vanstillir sogjafnar, lélegt viðhald frátökufötu og ranglega stilltir aftakarar.

Varðandi vinnubrögð við mjaltir er erfitt að gefa upp eina staðlaða mynd en líklega eru algengustu mistökinn þau að kýrnar eru ekki undirbúnar rétt fyrir mjaltir og selja því ekki nógu vel. Mjaltatíminn eykst og líkur á tömmjöltum einstakra júgurhluta aukast. Þá á alltaf að passa upp á hreinlæti við mjaltirnar og forðast að bera möguleg smitefni á milli kúnna, annað hvort með höndum, ermum eða mjaltatækjunum sjálfum.

Reglubundin þrif þegar á mjóltum stendur er eðlilegur vinnuliður við mjaltir og sé mjólkað með mjaltapjóni þarf að þrifa arm hans nokkrum sinnum á dag eigi vel að vera.

2. Þrifa spena með sápu og sóðthreinsa

Það kemur engum á óvart að

Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a. þvottavélar • þurrkara • strauvélar

Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótél og gistiheimili



DANUBE
Kirkjústétt 2-6 • 113 Reykjavík • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is

óhreinindi og sýkingar haldast verulega mikið í hendur og þar sem líklega rúmlega 99% jógurbólguþýkinga eiga sér stað í gegnum spenaendann, er afar mikilvægt að hugsa um smitvarnir við hann. Af þessum sökum á og þarf að halda mjólkurkúum eins hreinum og mögulegt er og ætti hlutfall af skítugum spenum fyrir mjaltir að vera í lágmarki á hverjum tíma.

Í Danmörku ráðleggjum við í dag að nota þar til gerð spenaþvottaefni, oft borið á spena með froðu-hylkjum, fyrir mjaltir en þessi efni bæði gera það að verkum að auðveldara er að þrifa spenana en einnig draga þau verulega úr fjölda sýkla í nánd við spenaendann.

Eftir mjaltir mælum við alltaf með notkun á spenadýfu en ekki spenaspreyi. Spenadýfan er oftast þykkari, loðir betur við spenann og ver betur hinn viðkvæma spenaenda fyrir innrás sýkla.

Varðandi val á spenadýfu er ágætis þumalfingursregla að nota spenadýfu sem inniheldur gott virkt jöð sé tankfrumutalan hærrí en 150 þúsund/ml en sé hún lægri má skoða aðrar gerðir s.s. þær sem byggja á mjólkursýrugerlum eða tveggja þátta dýfur. Þetta þarf þó alltaf að skoða og meta miðað við þá sýkla sem verið er að slást við hverju sinni. Þetta ætti dýralæknir

búsins að geta aðstoðað við að velja.

Áhugasömum um þetta efni má benda á grein í 20. tbl. Bændablaðsins árið 2012 sem fjallar nánar um þetta.

3. Bregðast hratt við sýnilegum sýkingum

Ef upp kemur sýking þarf að bregðast hratt við og meðhöndla kúna. Allt of margir láta hjá líða að setja kýr sem eru með sýnilega jógurbólgu í einangrun en þessar kýr geta hæglega smitað aðrar kýr. Takið því alltaf frá kú sem er með sýkingu og hafið í sér aðstöðu þar til meðhöndlun er hafin og hefur náð árangri. Eftir það ætti að vera óhætt að setja hana saman við á ný. Á stærri kúabúum hafa margir það viðmið að flokka kýrnar í frumutöluhópa og þær sem eru mjög háar eru allar hafðar saman og geta þá ekki valdið skaða utan hópsins.

4. Meðhöndla kýr í geldstöðunni

Að hlúa vel að geldkúnum er eitt brýnasta starf kúabænda nú til dags en tilgangur geldstöðunnar er að gefa kúnum frí svo líkaminn geti aðlagð framleiðsluáðstæðurnar að komandi mjaltaskeiði.

Þegar þetta tímabil í lífi kýrinnar gengur í garð er hún

hins vegar viðkvæm fyrir árásum baktería sem þó valda sjaldan klínískum einkennum jógurbólgu á geldstöðunni heldur duldu einkennum. Því bera kýr of oft með háa frumutölu og geta fengið klínísk einkenni í kjölfarið. Þá hefur það sýnt sig að meðhöndlun krónískra tilfella dulinnar jógurbólgu hefur best áhrif fari hún fram í geldstöðunni.


Reynslan sýnir að sé jógurbólgutílfelli meðhöndlað í geldstöðu og einnig notað spenakítí þá eru líkurnar á því að kýrin nái fullri heilsu >85%. Skýringin felst í fjórum þáttum: 1) notuð eru langvirk-andi lyf sem hafa >30 daga útskolunartíma, 2) vegna þess að kýrin er ekki mjólkuð eru lyfin ekki „fjarlægð“, 3) lyfin eru hönnuð til þess að leysast hægt upp en að vinna á bakteríum af öryggi og 4) þar sem mjólk er ekki til staðar er næring bakteríanna í lágmarki.

5. Taka út krónískar kýr

Síðasta almenna ráðið er að senda þær kýr í sláturhús sem hafa fengið sýkingar oft. Þetta eru og verða allt of dýrar kýr í rekstri.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Sviðsstjóri hjá SEGES P/S
Danmörku

Notað kælikerfi til sölu



Dorin H200 CS kælipressa (10m³/klst) með LP/HP pressóstatu síðan 2015.

Gamall vatns eimsvali ásamt öryggisloka.

Eimarabúntfrá Ciarco með þremur einfasa víftu og R134a þennsluloka frá Danfoss.

Upplýsingar í síma 897-6744, netfang; hafsteinn@hafsteinn.is

Sameinuðu þjóðirnar vilja styrka fæðuöryggi þjóða:

Fjárfesta þarf meira í þróun í dreifbýlinu

Í umfjöllun Fréttamiðstöðvar Sameinuðu þjóðanna (UN News Center) segir að landbúnaðurinn verði að laga sig að breyttum aðstæðum til að tryggja fæðuframboð í hlýnandi heimi.

Þar segir að nán tengsl séu á milli landbúnaðar, hlýnandi loftslags, sjálfbærni, fæðu- og næringaröryggis. Loftslagið sé að breytast og landbúnaðurinn verði að aðlagja sig breyttum aðstæðum.

Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, sagði í yfirlýsingu í tilefni Fæðudags heimsins 2016 þann 16. október sl., að samhlíða fjölgun jarðarbúa yrðu þjóðir heims að fullnægja aukinni eftirspurn eftir matvælum. Hækkun hitastigs á jörðinni sé þegar farið að hafa mikil áhrif á lífríkið, landbúnað og möguleika fólks til að framleiða mat.

Benti Ban Ki-moon á að 70%



Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, og Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands og formaður Arctic Circle, á ráðstefnu í Hörpu fyrir skómmu.

af fátækustu íbúum jarðar reiddu sig á landbúnað, fiskveiðar og hjarðmennsku til að afla sér lífsviðurværis. Ef ekkert verði gert sé hætta á að milljónir manna muni bæstast í þann hóp sem lifir undir fátæktarmörkum og hefur ekki

möguleika á að afla sér nægrar fæðu. – „Til að styrkja fæðuöryggið í heimi hlýnandi loftslags, verða þjóðir heims að taka fæðuöflun og landbúnað inn í áætlanir sínar og fjárfesta meira í þróun í dreifbýlinu.“

/HKr.

Við leggjum metnað okkar í gæði. Þess vegna er Íslandsnaut 100% íslenskt ungnautakjöt

HAGKAUP Skemmtilegaft að versla

BONUS

KALKSALT

Ætlað fyrir jörturdýr og hesta

KALKSALT Steypt í melassi

Innihaldslýsing: Salt (68,4%) þar af 0,2% prótein, Melassi (8,4%), Bindiefni (8,4%), Kalkþörungamjöl (8,4%), Vatn (4,1%), Magnesium (0,16mg), Vitaminblanda (0,2%), Carnal 2110 (2,1%).
Vitamin: A-vitamin (5,13mg/Kg), D3-vitamin (3,42 mg/Kg), E-vitamin (11,20 mg/Kg), E-vitamin (10,182 mg/Kg), Selen (20 mg/Kg).

A980

Kíktu á heimasíðuna www.saltkaup.is

„Ég hef notað kalksaltið fyrir kýrnar í 9 mánuði og þær eru ánægðar með það. Úr því fá þær ekki bara kalk heldur líka nauðsynleg vitamin.“

Árni Brynjólfsson
kúabóndi á Voðlum í Öndarfirði

„Féð hefur haft frjálsan aðgang að kalksaltinu frá því í byrjun febrúar s.l. Lömbin í vor voru sérstaklega frísk og öflug við fæðingu, svo að allt bendir til að þessi framleiðsla henti mjög vel fyrir sauðfé og sé síður en svo lakari en annað sem í boði er.“

Guðmundur Steinar Björgmundsson
fjárbóndi í Valþjófsdal við Öndarfjörð

SALTKAUP

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður
Sími: 560 4300 | www.saltkaup.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Sauðfjársæðingar 2016

Eyþór Einarsson
ábyrgðamaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is



– Mikilvægi sauðfjársæðinga

Óhætt er að fullyrða að einn áhrifamesti þátturinn í sauðfjárræktun hér á landi síðustu áratugina séu sauðfjársæðingar. Þær gefa færi á aukinni notkun á reyndum úrvalsgripum en notkun á þeim í ákveðnum mæli hámarkar erfðaframarinnar.

Rannsóknir hafa sýnt að til þess að hámarka erfðaframarir í íslenski sauðfjárrækt væri æskilegt að um 15% af ánum væru sæddar, 35% fái við reyndum heimahrútum og 50% fái við lambhrútum. Allt byggir þetta jú á því að val hrúta á öllum stigum heppnist sem skyldi en þar höfum við nokkur öflug hjálpartæki. Má þar nefna ómmælingarnar, líflambadómana, EUROP matið og kynbótamatið.

Augljós dæmi eru um ávinning sæðinganna. Kemur það m.a. fram í því að ef borin eru saman þau bú sem skara framúr í gæðum og magni afurða við lakari bú að sæðingar eru mun meira stundaðar af fyrrnefnda hópnum. Eins ef má rekja framfarir í einstaka eiginleikum að stærstum hluta til stöðvarhrútanna. Þannig spilaði t.d. val og notkun sæðingastöðvahrúta stóran þátt í að góður árangur hefur náðst á tiltölulega stuttum tíma í ræktun fyrir hóflegri fitusöfnun.

Við val á sæðishrútum eru menn hvattir til að nota fleiri hrúta en færri og vera duglegir að prófa þá nýju hrúta sem nú koma inn á stöðvarnar. Hrútarnir standa vissulega fyrir mismunandi kosti og henta því misjafnlega fyrir einstök bú, en allir eiga þeir að hafa eitthvað til brunnis að bera sem úrvalskynbótagripi.

Hrútavalið 2016

Í þeirri hrútaskrá sem bændur munu fá í hendur á næstu dögum verður kynntur sá öflugi hrútakostur sem í boði verður á komandi fengitíð. Reynt er að hafa úrvalið fjölbreytt, því hluti af ræktunarmarkmiðinu er að varðveita fjölbreytileikann m.t.t. þátta eins og hornalags, líta og ullargæða. Í hrútaskrá má finna yfirburðaeinstaklinga fyrir ákveðna eiginleika en jafnframt fjölgar stöðugt hrútum sem sameina ólíka kosti og telja má sem alhliða kynbótahrúta.

Í skránni eru 48 hrútar. Hyrndir hrútar eru 31 og þar af 12 nýir. Kollóttir hrútar eru 13 og þar af 5 nýir. Þetta er sami fjöldi nýrra

hrúta og teknir voru inn á síðasta ári í þessa flokka. Áfram er á stöð feldfjárrúturinn Lobbi 09-939. Þá eru tveir forystuhrútar í hópnum og annar þeirra er nýr á stöð (Gils 13-976). Síðan var tekinn inn glæsilegur ferhyrndur hrútur, Alur 13-975 frá Þúfnavöllum 2. Í töflu 1 má sjá lista yfir hrútakostinn og staðsetningu þeirra í vetur, en hluti þeirra dvelur á Sauðfjársæðingastöð Suðurlands í Þorleifskoti og hluti þeirra á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands í Borgarnesi. Nýju hrútarnir eru listaðir upp á eftir reyndu hrútunum í töflunni og eru skáletraðir.

Tafla 1. Listi yfir hrúta sæðingastöðvanna veturinn 2016 til 2017

Suðurland	Vesturland
Hyrndir hrútar:	Hyrndir hrútar:
Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd	Borkó 11-946 frá Bæ, Árneshreppi
Salamon 10-906 frá Hömrum, Grundarfirði	Bekri 12-911 frá Hesti, Borgarfirði
Höfðingi 10-919 frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal	Jónas 12-949 frá Miðgarði, Stafholtstungum
Kölski 10-920 frá Svínafelli (Víðihlíð), Örnevasveit	Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum, Fljótum
Kornelíus 10-945 frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði	Burkni 13-951 frá Mýrum 2, Hrútafirði
Drífandi 11-895 frá Hesti, Borgarfirði	Dreki 13-953 frá Hríflu, Þingeyjarsveit
Kraftur 11-947 frá Hagalandi, Þistilfirði	Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum
Hrauni 12-948 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi	Malli 12-960 frá Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit
Kaldi 12-950 frá Oddstöðum, Lundarreykjardal	Stólpi 13-963 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi
Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum	Toppur 13-964 frá Kaldbak, Rangárvöllum
Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum, Fitjárdal	Kústur 14-965 frá Garði, Þistilfirði
Tangi 13-954 frá Klifmýri, Skarðsströnd	Vinur 14-966 frá Haukatungu, Snæfellsnesi
Gróði 11-958 frá Hólsgerði, Eyjafirði	Tinni 15-968 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum
Hörður 11-959 frá Gerði, Suðursveit	Alur 13-975 frá Þúfnavöllum 2, Hörgárdal - Ferhyrndur
Bergur 13-961 frá Bergstöðum, Miðfirði	Ungi 13-938 frá Sandfellshaga 1, Öxarfirði – Forystuhrútur
Klettur 13-962 frá Borgarfelli, Skaftártungu	
Bjartur 15-967 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum	
Hroki 15-969 frá Hesti, Borgarfirði	
Gils 13-976 frá Klukkufelli, Gilsfirði - Forystuhrútur	
Kollóttir hrútar:	Kollóttir hrútar:
Roði 10-897 frá Melum 1, Árneshreppi	Baugur 10-889 frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum
Krapi 13-940 frá Innri-Múla, Barðaströnd	Hnallur 12-934 frá Broddanesi 1, Kollafirði
Serkur 13-941 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi	Voði 13-943 frá Heydalsá, Steingrímsfirði
Magni 13-944 frá Heydalsá, Steingrímsfirði	Brúsi 12-970 frá Kollsá, Hrútafirði
Þoku-Hreinn 13-937 frá Heydalsá, Steingrímsfirði	Ebiti 13-971 frá Melum 1, Árneshreppi
Fannar 14-972 frá Heydalsá, Steingrímsfirði	Plúto 14-973 frá Heydalsá, Steingrímsfirði
Lobbi 09-939 frá Melhól, Meðallandi - Feldfjárrútur	Spessi 14-974 frá Melum 1, Árneshreppi


„Hrútafundir“ og hrútaskrá

Hrútaskráin er væntanleg úr prentun mánudaginn 21. nóvember.

Ritstjóri hennar er, líkt og undanfarin ár, Guðmundur Jóhannesson en textar um hrúta eru ritaðir af sauðfjárráðunautum RML. Í kjölfar útgáfunnar hefst röð kynningarfunda á vegum búnaðarsambandanna vítt og breitt um landið og þar verður m.a.

skránni dreift. Á fundunum munu sauðfjárráðunautar RML lýsa kostum hrútanna og ræða ræktunarstarfið. Yfirlit yfir fundina er að finna í töflu 2.

Vonandi sjá sem flestir áhugamenn um sauðfjárrækt sér fært að mæta og bændur hvattir til að vera duglegir að nýta sér kosti sæðinganna til að kynbæta fé sitt.



Tafla 2. Kynningafundir búnaðarsambandanna á sæðingastöðvahrútum

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 21. nóv.	Hvanneyri kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 22. nóv.	Grunnskólinn Reykhólum kl. 14:00
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 22. nóv.	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mið. 23. nóv.	Holt, Öndarfirði kl. 17:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Fim. 24. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 28. nóv.	Sævangur, Ströndum kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 28. nóv.	Ásbyrgi, Miðfirði kl. 20:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Þri. 29. nóv.	Sal BHS Húnaþr. 13, Blönduósi kl. 13:30
Búnaðarsamband Skagafjarðar	Fim. 24. nóv.	Tjarnarbær, Sauðárkróki kl. 20:00
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	Mið. 30. nóv.	Hlíðarbæ kl. 20:00
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Þri. 29. nóv.	Breiðamýri kl. 20:00
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	Þri. 29. nóv.	Svalbarði, kl. 13:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mán. 28. nóv.	Breiðdalsvík, Hótel Bláfell, kl. 15:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mán. 28. nóv.	Hótel Valaskjálfi (Þingmúli), Egilsstöðum kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán. 21. nóv.	Hótel Klaustur kl. 13:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán. 21. nóv.	Smyrlabjörg kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 22. nóv.	Smáratún, Fljótshlíð kl. 14:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 22. nóv.	Þingborg kl. 20:00

24

Sinnar dæmestær í sæðing og hugar um börn og kindur

28

Framtíð skógræktar

32

Þýgg, þýgg og vískl

Bændablaðið

1. útgáfa 2016 • Fimmtudagur 14. janúar • Blað nr. 458 • 22. árg. • Útgáfa 32.000

BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST MEÐ 45% LESTUR Á LANDSBYGGÐINNI

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN GALLUP. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2015

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS

Öflugur samstarfsaðili í landbúnaði

Hjá Landsbankanum starfar hópur sérfræðinga með mikla reynslu sem aðstoðar þig við að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og erum traustur bakhjarl og samstarfsaðili.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



MULTI¹ONE[®]

Klettur kynnir með stolti nýtt tæki úr MultiOne SD línunni

Í nýjasta afbrigði **MultiOne** situr stjórnandinn á **aftari hluta** vélarinnar, sem er gríðarlega **sveigjanleg** og lipur þegar pláss er af skorum skammti. Þessi fyrirferðarlitla vél lyftir rúmlega sinni **eigin þyngd** en lyftigeta er frá 1200-2650 kg. – **geri aðrir betur.**

Með tilkomu MultiOne SD eru möguleikarnir enn fleiri þegar velja á tæki við hæfi, hvað varðar staðsetningu stjórnanda á tækinu. Hjá Kletti færðu lausnir fyrir allar aðstæður.

Hafðu samband við sölumenn í síma **590 5156** og kynntu þér möguleika þessara þægilegu og fjölhæfu véla.

KLETTUR Klettagöðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100


KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

VERASYNIR



Kraftmikill fjórhjóladrifinn Nissan Juke

Þegar Nissan Juke kom fyrst til Íslands 2012 prófaði ég þann bíl og varð hrifinn af útliti og skemmtilegum krafti í 117 hestafla vélinni.

Seinna kom svo Juke með dísilvél og nú er hægt að fá Nissan Juke með fjórhjóladrifi með bensínvél sem er kominn úr 117 hestöflum í 190 hestöfl. Fyrir nokkru prófaði ég þennan kraftmikla fjórhjóladrifna fólksbíl.

Misjafnt álit um útlit bílsins

Glannalegt og nýttiskulegt útlit bílsins verður til þess að fólk skiptist á skoðunum hvort bíllinn sé ljótur eða flottur, en fyrir mér er þessi sérstæða hönnun á bílnum bara flott og gefur bílnum sérstakt útlit sem bæði er glannalegt og heillandi.

Að keyra bílinn á malbiki er bara skemmtilegt þar sem bíllinn er léttur, kraftmikill og stuttur (lengd milli hjóla er 2530 mm). Hann er svo kraftmikill að í hvert skipti sem bílnum var gefið út úr beygju eða tekið skarplega af stað spólaði hann og spólvörnin fór í gang. Að vísu voru allar gótur blautar svo að grip var í lágmarki þrátt fyrir góða og nýja hjólbarða undir bílnum.

Stöðugur á lausum malarvegi í fjórhjóladrifinu

Ég hef oft ekið bílum sem ég prófa lengra, en sökum veðurs var þessi prufurúntur óvenju stuttur og að mestu innanbæjar á blautum götum Reykjavíkur. Í þessum innanbæjarakstri kom lipurð bílsins vel í ljós, gott að leggja í þröng stæði, snöggur af stað úr kyrrstöðu og þægilegt að keyra þrátt fyrir mikið vatn í hjólförum á flestum götum. Það eina sem ég þurfti að passa sérstaklega var að fara ekki yfir hraðamörk þar sem bíllinn er óvenju snöggur að ná umferðarhraða og það aðeins ríflega.

Á lausum og holóttum malarvegi var ég ekki eins ánægður með bílinn, en þar sem fjórhjóladrifinn Nissan Juke er á 18 tommu felgum og dekkinn eru 225/45/18 er hæð þeirra ekki nema 45% af breidd dekkjanna sem gerir það að þau fjaðra ekki neitt, en höggva leiðinlega í öllum holum. Eindrifs Juke kemur hins vegar á 17 tommu felgum sem gefa færi á belgmeiri dekkjum.

Þegar bíllinn er keyrður í fjórhjóladrifinu á lausum sléttum malarvegi er hann svo stöðugur að mér datt í hug rallybíll í beygjunum, en ef fyrir voru holur vantaði fjöðrun í dekkinn.

Þegar ég gaf bílnum í lausri malarvegabeygju var eins og að bíllinn væri hreinlega límdur við veginn. Sömu beygjur tók ég án þess að vera í fjórhjóladrifinu og munurinn var mikill.

Ekki jepplingslegt þegar manni finst maður sitja á veginum

Þegar ég skoðaði útbúnað í bílnum sá ég að „varadekksauminginn“ er á 16 tommu felgu sem segir mér að hægt væri að setja bílinn á 16 tommu felgu, en með því myndi ég áætla að bíllinn væri góður malarvegabíll með hærri og belgmeiri fjaðrandi dekk.

Þegar útlit bílsins er skoðað utan frá dettur manni í hug við fyrstu



Fjórhjóladrifin Nissan Juke.

Myndir / HLJ



18 tommu felgurnar og dekkinn gefa skemmtilegt grip og svörun á malbiki, en skemma mikið fjöðrun og jeppaeginleika á mól.



Á Juke eru hliðarspeglarnir óvenju stórir miðað við stærð bílsins.



Miðstöðin stillt á „climate“.

sýn að bíllinn sé þröngur að innan og farangursrými nánast ekkert, en fótapláss er gott í framsætum og í aftursætum er gott rými fyrir

farþega. Hins vegar er útsýni frekar lítið úr aftursætum bílsins þar sem gluggar eru frekar litlir.

Farangursrými er glettilega mikið



Allir stjórnatakka eru í stýrinu á þægilega staðsettum stöðum.



Neðra mælaborðinu er stjórnað með tökkunum D-mode og „climate“ á milli miðstöðvar og vélarstillinganna þriggja.

og aðeins breytt og endurhannað frá fyrstu ágerðinni. Þó ekki sé pláss fyrir golfsett, þá er það nú svipað og í Dacia Duster-jepplingnum. Sætin eru þægileg að sitja í, en þó fannst mér ég sitja frekar neðarlega. Hafði stundum á tilfinningunni að ég sæti á veginum.

Skemmtilegt vinnslusvið vélarinnar

Fjórhjóladrifni Nissan Juke er bara í boði með 1618 cc bensínvél sem skilar 190 hestöflum. Eins og fyrri bíllinn, sem ég prófaði fyrir Bændablaðið 19. janúar 2012 er þessi bíll með þrem kraftstillingum

fyrir vélina. Munurinn er mikill í krafti á þessum þrem stillingum. Kraftminnsta stillingin (Eco) er mýkst og eldsneytiseyðslan er afgerandi minnst á þeirri stillingu (uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,5 lítrar á hundraðið).

Miðkrafturinn (Norm.) er það mikill að á blautu malbiki tók bíllinn af og til spól út úr beygjum og þegar lagt var af stað.

Kraftmesta stillingin (Sport) er hættulega skemmtileg fyrir innanbæjarakstur ef maður vill halda í ökuskið, eldsnökk vélin upp á snúning á þessari stillingu hreinlega skýtur bílnum á örstuttri stundu upp í of mikinn hraða.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hvað má og hvað má ekki á þjóðvegum landsins: Dómsmál vekur spurningar um þörf á endurskoðun laga

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Að kvöldi miðvikudagsins 4. maí 2016, var ökumaður á dráttarvélinni ZZ-737 stöðvaður af lögreglu við eftirlit er hann dró óskráðan og óhemlaðan eftirvagn er vó 11.650 kg. Var hann 1.553,3% umfram leyfilega heildarþyngd eftirvagnsins í akstri austur Suðurlandveg við Birtu í Flóahreppi.

Við fyrirtöku málsins þann 13. október sl. mætti ákærði ásamt



Sautján rúllur á óskráðum vagni, hvað ætli sektardómsorð sé við því?

Þriðjudaginn 1. nóvember 2016 var dæmt í málinu í Héraðsdómi Suðurlands og hljóðar dómurinn eftirfarandi samkvæmt vefmiðlinum www.domstolar.is.

Ákærði var fundinn sekur um umferðarlagabrot, með því að hafa ekið með óskráðan og óhemlaðan eftirvagn, með 11.650 kg yfirþunga. Refsing ákærða var hæfilega ákveðin 800.000 kr. sekt í ríkissjóð.

Þess má geta að fyrir tveim árum var þessi sami aftanivagn tekinn út af starfsmanni Vinnueftirlits ásamt öðrum búnaði á búinu. Voru engar athugasemdir gerðar við vagninn þótt hann væri ekki á númerum og þar með ekki skráður fyrir þyngri farm en 750 kg.

Lögin virðast nokkuð skýr

Er þetta brotalöm á umferðarreglum eða reglum um skráningu tengivagna? Ekki er hægt annað en að viðurkenna að ég hafi orðið hissa. Eftir að hafa hraðlesið yfir lög og reglur um kerrur og vagna í umferðarlögum sýnist mér lögin vera það skýr, að vagn eða kerra sem er óskráð megí aldrei hlaða meira en 750 kg. Sennilega eru

ekki margir sem hefðu trúað þessu, en lögin virðast vera nokkuð auðskilin við lestur. Samkvæmt ofangreindu máli þar sem refsing var 800.000 verður það að teljast væg refsing, en hámarksrefsing er nálægt 15.000.000, meira en verðmat dráttarvélarinnar og vagns í ofangreindu máli.

Skrásetja ætti rúlluvagna og haugsugur

Þarf að skrá rúlluvagna og haugsugur? Svar mitt er JÁ, eftir lestur reglna og dóminn hér að ofan, en eflaust er þetta álitamál sem endalaust verða misjafnar skoðanir um.

Margir hafa smíðað sína eigin flatvagna til að flytja sínar heyrúllur. Þrátt fyrir oft og tíðum mikið snilldar h a n d v e r k hefur mér oft fundist vanta betri ljósabúnað og bremsur á þessa heimasníðuðu vagna. Síðan eru það haugsugurnar sem oft er ekið með á bilinu 3.000 til 20.000 lítra af vökva. Bæði haugsugur og flatvagnar eru oftast án númeraplötu og verð ég að kasta fram þeirri spurningu, hvar er kerfið að klikka?

Ef farið væri eftir gildandi lögum og reglum myndi örugglega einhver skammast út í bændur ef upp kæmi eldsvoði svipaður og var í Borgarfirði fyrir nokkrum árum. Þar áttu haugsugur fulllestaðar af vatni stærstan þátt í að ekki fór ver. Ef þeir bjargvættir sem þar notuðu haugsugur sínar hefðu neitað því að koma með haugsugur sínar vegna þess að þeir hefðu ekki mátt setja meira í haugsugurnar en 750 lítra, hefði skaðinn eflaust orðið töluvert meiri. Er ekki spurning um að endurskoða aðeins regluverkið?

Rétt er kannski að benda bændum á að skoða vel skráningu aftanivagna sinna og fá staðfesta úttekt eftirlits svo menn eigi ekki mögulega hættu á að fá sekt upp á 15 milljónir króna.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

Vegna mistaka í síðasta Bændablaði fór nýja krossgátan sem þar átti að birtast aldrei inn á síðu. Heldur var tvítekin lausnin á krossgátunni þar á undan.

Áhugasamir lesendur höfðu eðlilega samband við ritstjórn og

þótti þetta ekki sérlega góð latína. Fólk var búið að koma sér huggulega fyrir með Bændablaðið í hönd og tilbúið að leysa krossgátuna góðu, en greip þá í útfyllta gátu í tvíriti. Til að reyna að bæta fyrir þessar misgjörðir eru að þessu sinni birtar

tvær krossgátur. Um leið er beðist innilegrar afsökunar á mistökunum með von um að lesendur geti fundið hjá sér hvöt til að fyrirgefa glappaskotið.

Með kærri kveðju,
Hörður Kristjánsson ritstjóri.

	49	ÖRVA	TÆPLEGA	VARKÁRNI	ÁTT		UMFRAM	FUGLA-HLJÓÐ	FUGL	YFIRRÁÐ	SVALL
	KJAFTFOR										
	FLOKKA					MÓTA					
						PYNGJUR					
GRÖM					KRYDD						
					SKATTUR						
INNMATUR								HOLU-FISKUR			
								SNÁÐA			
	↓	HARLA	ELDUR	EFNI			SKÍTUR				UMHYGGJA
				BERIST TIL							
GANGA						DRAUP	FUGL			RUNNI	ÓNEFNDUR
						ÁMÆLA					
OFNEYSLA					LJÁ			SNYRTI-LEGGUR			
					MÆTTU			MUNDA			
FROST-SKEMMD				TAK				SKJÓL-LAUS			
				AF-KLÆÐIST				YNDIS			
GJALD-MÍÐILL			TVÍSTÍGA				ÁN				
			ÓSKÖP				ÁGENGUR			ÁÐEKKUR	RÆÐA LEYNILEGA
		KÆNU				BENDA Á			ANGAN		
		LAUT							HANDA		
HRADAD						SÓÐA		EIN-SÖNGUR			
						ALDUR					
LOKADUR							INNYFLI			TVEIR EINS	
							TVEIR			FRÁ	
HÓTA					JAFNT			KASSA			
TVEIR EINS			RISPAN					REIKA			

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 1. desember

	50	ARGUR	ÆSIR	ÞJÁLFUN	VÖRU-MERKI	TERTA		LÆRIR	SVARI	YNDIS	HUGUR
	MEINLAUS										
	HEGNA						FJALLSNÖF				
							TILRÆÐI				
VÆTA					MAUKID						
					SLÉTTA						
LEIFAR								FAG			
SAMSULL								SKÍNA			
		KÜNST	KVEIF			HÆÐ			ÁTT		
		RÖMVERSK TALA				TVEIR EINS			GETSPAKUR		
REIÐUR					REYKJA	FÖST STÆRD				BLUNDA	STRIT
					ÍPRÖTT						
TALA					HRÆÐA			BLÁSA			
					MARGVÍS-LEGAR			FLÝTIR			
Í RÖÐ			STARFA				GAGN				
			SKYNFÆRA				ÆVINLEGA				
ÖHREINKA				MÁNUÐUR		ESPAST					SÁDJÖRD
				VÖRU-FLUTNINGUR		ÁKÆRA					
		ÞAKBRÚN						TÆRA			
		ÁVÖXTUR			FÉLAGI			RAGN			
GRENNA					SAMTÖK			MARR			
					LYKT			SIDA			
ÓVARDARI						EINKENNI				SVÖRD	KRINGUM
						UPP-HRÖPUN					
HÖGG				NIDURLAG			TANN-STÆÐI				
TVEIR			ÞJÁLFA				FRUMEIND				



Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins frá Bændasamtökum Íslands:

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmættra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfða-fjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2016. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. desember 2016 og skal umsóknum skilað til:

Fagráð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.
Fagráð í hrossarækt.

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Í apríl 2012 keyptum við jörðina af Pálmari og Sigurbjörgu og fluttum á Egg. Þá hafði kúabúskap hér verið hætt. Við tókum fjósið í gegn og keyptum kýr og vorum byrjuð að mjólka um miðjan maí. Davíð er frá Réttarholti í Akrahreppi en þar er kúabúskapur, en Embla er frá Grásteinum í Mosfellsdal þar sem garðplöntustöð var.

Á Egg er básafjós, byggt 1977–1978 með 36 básum og kálfastíum og áfastri 300 fermetra hlöðu. Við breyttum gömlu fjárhúsi í 10 hesta hús í fyrra en einnig höfum við byggt tvö 40 fm gróðurhús.

Við höfum verið í skógrækt síðan 2013 en við höfum plantað nokkrum km af skjólbeltum auk um 30.000 plöntum í skóg. Það er þó nóg eftir því fyrirhugaður er 36 ha skógur.

Byli: Egg.

Staðsett í sveit: Í Hegranesi í Skagafirði.

Ábúendur: Davíð Logi Jónsson og Embla Dóra Björnsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum eina dóttur, Auði Fanneyju Davíðsdóttur, köttinn Óreo og Border Collie-inn Glímu.

Stærð jarðar? 253 hektarar.

Gerð bús? Kúabú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 36 mjólkurkýr og auk þess u.þ.b. 60 kvígur í uppeldi. 4 reiðhross og 20 stóðmerar.

Hvernig gengur hefðbundinn



vinnudagur fyrir sig á bænum? Allir dagar byrja á mjöltum um sjöleytið. Við gefum kúnum og

kálfunum aftur milli 1 og 2 á daginn og svo eru kvöldmjaltir aftur um klukkan 6 á kvöldin. Milli



mála gerum við svo ýmislegt en það er að mestu árstíðabundið.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það fer eftir því hvort þú talar við Davíð eða Emblu. Davíð finnst heyskapur skemmtilegastur en Emblu ekki. Embla er meira fyrir garðyrkju, jarðrækt, skógrækt, mjaltir og útreiðar.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi stærri og meiri.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Það er nauðsynlegt að halda uppi málefnum bænda en okkur finnst kannski vanta skýrari stefnu til langs tíma. Það mæðir mikið á kerfinu núna og mikilvægt að vel takist til.

Hvernig mun íslenskum

landbúnaði vegna í framtíðinni? Það er ómögulegt að segja.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Skyr, fyrst og fremst og grænmeti ef það er markaðssett rétt.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, smjör og rífsberjasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað folaldakjöt og grænmeti.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það er náttúrlega eftirminnilegt að hefja búskap og setja fyrstu kýrnar inn í fjósið, en líklega er eftirminnilegast samt þegar kviknaði í fjósinu að næturlagi 2013. Sem betur fer urðu nágrannar okkar varir við reykin og vöktu okkur. Það hefði getað farið mun verr.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Kanilsnúðar, kransatoppar og Snickerskaka

Hér er uppskrift að sígildum snúðum. Hínum fullkomna snúð er náð með því að baka hann í formi því þá verður fyllingin að karmellu í forminu og snúðarnir hreint sælgæti.

Kanilsnúðar bakaðir í muffinsformi

um 12 stykki

Deigið

- › 5 dl köld mjólk
- › 50 g ger
- › 1 stórt egg
- › 1 kg af hveiti
- › 150 g af sykri
- › 10 g af salti sjávar
- › 15 g kardimommur muldar eða smá sletta af kardimommudropum
- › 150 g smjör

Fylling

- › 200 g mjúkt smjör
- › 200 g sykur
- › 20 g mulinn kanill

Þar að auki

- › 1 egg til að pensla fyrir bakstur
- › smá sykur til að strá yfir fyrir bakstur

Hellið kaldri mjólk í skál og hrærið saman við gerið. Bætið eggjum, hveiti, sykur, salt og kardimommum saman við og hnoðið deigið þar til það er alveg slétt og gljáandi og losnar frá skálinni. Það tekur um 7–8 mínútur. Best er að nota hrærivél, setja hana á krók eða spaða og hræra á litlum hraða. Skerið smjörið í litla teninga og setjið þá í deigið, sem verður nú hnoðað þar til það er slétt og glansandi. Það tekur um 7–8



mínútur. Leyfið deiginu svo að hvíla undir klút í 1½ klukkustund þangað til það hefur stækkað um helming. Sláið deigið niður og látið kólna í kæli í að minnsta kosti klukkustund. Meðan deigið hvílir er hrært í fyllinguna með því að blanda, smjöri, sykri og kanil saman.

Fletjið deigið út á hveitistráðu yfirborði og rúllið út í stykki sem eru um 30 sinnum 60 sentimetrar að stærð. Smyrjið fyllingunni jafnt ofan á deigið. Rúllið út og skerið í sneiðar, setjið í smurð form, til dæmis silikon eða ál muffinsform. Látið hefast á heitum stað þangað til snúðarnir hafa tvöfaldast í stærð. Penslið með eggi og bakið við 200 gráður í um 12–14 mínútur (það má strá kanilsykri yfir fyrir bakstur til að fá stökka skel á toppinn).

Kransatoppar

- › 500 g gott marsípan (að minnsta kosti 60 prósent möndlur)
- › 200 g sykur



- › ½ bolli eggjahvítur

Skiptið marsípaninu í litla bita og setjið í hrærivél. Hrærið sykur og eggjahvítur saman í skál. Hellið sykurblöndunni yfir marsípanblönduna og hrærið saman. Hitið ofninn í 190 gráður. Mótið kransabitana eins og óskað er og bakið þar til þeir eru orðnir gulbrúnir, eða um 10 mínútur. Gæti tekið minni tíma svo passið upp á að bitarnir séu mjúkir.

Látið standa í klukkutíma áður en kransabitarnir eru borðaðir.

Svo er hægt að dýfa þeim í súkkulaði,



eða gera ýmis bragðafbrigði; til dæmis með berjum eða eplum. Það má líka fylla með hnetum eða pistasíu hnetumassa.

Kransatopparnir geymast í nokkra mánuði í frysti.

Snickerskaka

20 stykki

Hér er lúxusútgáfa af sígildu Snickers, með hnetusmjöri og ríkulega húðað með mjólkursúkkulaði.

Kökubotn

- › 240 g af mjúku smjöri
- › 160 g flórsykur
- › 60 g möndlumjöl eða fint saxaðar möndlur
- › 2 meðalstór egg
- › korn af ½ vanillufræbelg eða 2 tsk. vanilludropar
- › 470 g af hveiti
- › 1 tsk. fint salt

Setjið smjör, flórsykur, möndlu-mjöl, egg, vanillufræ og 120 grömm af hveiti í hrærivélaskál og hrærið deigið saman með krók. Verið varkár og ofþeytið blönduna ekki. Bætið við restinni af hveitinu, um 350 g, og salti. Blandið hratt en vel saman.

Skiptið deiginu í tvo jafna hluta og rúllið deigið út í 2,5 mm þykkt milli tveggja blaða af vaxpappír. Setjið það í kæli og látið deigið hvíla í að minnsta kosti klukkustund. Hitið ofninn í 180 gráður.

Takið deigið úr kæli og setjið í form að eigin vali og gatið nokkrum sinnum með gaffli. Takið álpappír og pressið niður í bakstri með þurrkuðum baunum eða hrísgrjónum (má sleppa en þá gæti deigið lyfst aðeins upp við baksturinn). Bakið ljósbrúnt í nokkrar mínútur.

Jarðhnetufylling

- › 150 g af hunangi
- › 100 g kókosfita
- › 60 g af smjöri
- › 600 g salthnetur
- › mjólkursúkkulaði til að hjúpa stykki

Hitið hunang og kókosfitu saman. Bræðið smjör og hellið því yfir blönduna. Saxið salthnetur og setjið í blönduna (spara smá fyrir skraut). Hellið öllu yfir botninn. Kælið og skerið í 20 löng stykki.

Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði og dýfið svo hverju stykki í eða smyrjið yfir og skerið svo í langa bita á eftir. Skreytið toppinn með hökkuðum salthnetum.

Hafmeyjuteppi

Hafmeyjuteppi hafa verið vinsæl um nokkurt skeið og hafa yfirleitt verið heklud. Ég er mun meiri prjónakona og ákvað í sumar að prjóna svona teppi og hafa múrsteinamunstur. Ég notaði tækifærið til að mynda 9 ára frænku mína þegar hún kom í heimsókn frá Kaupmannahöfn, með teppið ásamt því að sjá hvort hún teldi að vel hefði tekist til hjá mér.

Þetta teppi sló í gegn hjá Stínu frænku og Aþenu ömmugulli og þær voru alsælar og pöntuðu sér teppi í sínum uppáhaldslitum. Auðvelt er að stækka teppið með því að fjölga lykkjum í uppfiti og prjóna það lengra ef maður vill prjóna t.d. fullorðinsteppi. Það er gaman að segja frá því að Móri ömmugull pantaði sér líka teppi og sagði hann að það væri jú til Hafmeyjukóngur svo þetta teppi er svo sannarlega ekki bundið við kvenkynið eingöngu.

Stærðir: u.þ.b. 4-6 (7-11) 12-14 ára.
Garn: Kartopu Basak og Kartopu Kar-Sim. (söluaðilar víða um land, sjá auglýsingu hér til hliðar). Teppið kemur einnig fallega út í einum lit.
- Kartopu Basak, litur A: 3 (5) 7 dokkur
- Kartopu Kar-Sim, litur B: 2 (2) 3 dokkur

Prjónar: Hringprjónn 80 sm, nr 7-8 eða sú stærð sem þarf til að prjónfesta í garðapríóni, með tvöföldum þræði, sé 13 lykkjur = 10 sm

Annað: 2 prjónamerki

Múrsteinamunstur: Munstrið er deilanlegt með 6 + 3 lykkjur. Óprjónuð lykkja er alltaf tekin eins og prjóna eigi hana brugðið.

Umferðir 1-2 (með lit B): Prjónið slétt

Umferð 3 (með lit A): Prjónið 4 lykkjur slétt, takið 1 lykkju óprjónaða *prjónið 5 lykkjur slétt, takið 1 lykkju óprjónaða* Endurtakið frá *-* þar til 4 lykkjur eru eftir. Prjónið 4 lykkjur slétt

Umferð 4 (með lit A): Prjónið 4 lykkjur brugðið, takið 1 lykkju óprjónaða, *prjónið 5 lykkjur brugðið, takið 1 lykkju óprjónaða* Endurtakið frá *-* þar til 4 lykkjur eru eftir. Prjónið 4 lykkjur brugðið



Umferð 5 (með lit A): Prjónið eins og umferð 3

Umferð 6 (með lit A): Prjónið eins og umferð 4

Umferðir 7-8 (með lit B): Prjónið slétt allar lykkjur

Umferð 9 (með lit A): Prjónið 1 lykkju slétt, takið 1 lykkju óprjónaða * prjónið 5 lykkjur slétt, takið 1 lykkju óprjónaða* Endurtakið frá *-* þar til 1 lykkja er eftir. Prjónið 1 lykkju slétt

Umferð 10 (með lit A): Prjónið 1 lykkju brugðið, takið 1 lykkju óprjónaða, *prjónið 5 lykkjur brugðið, takið 1 lykkju óprjónaða* Endurtakið frá *-* þar til 1 lykkja eru eftir. Prjónið 1 lykkju brugðið

Umferð 11 (með lit A): Prjónið eins og umferð 9

Umferð 12 (með lit A): Prjónið eins og umferð 10



Endurtakið þessar 12 umferðir þar til réttir lengd er náð

Aðferð: Fyrstu 6 og síðustu 6 lykkjurnar eru alltaf prjónaðar slétt og teljast ekki með í munstri. Teppið er prjónað með tvöföldum þræði allan tímann, ofan frá og niður, fram og til baka. Sporður er prjónaður sér og saumaður á teppið í lokin.

Teppið: Fitjið upp með lit A 99 (111) 123 lykkjur með tvöföldum þræði og prjónið 7 umferðir slétt = 4 garðar (1. umferð er frá röngu). Prjónið nú múrsteinamunstur þannig: 6 lykkjur garðapríón (kantur), munstur, 6 lykkjur garðapríón (kantur). Prjónið þar til teppið mælist 74 (90) 100 sm (eða um 25 sm styttra en endanleg lengd teppisins á að vera, án sporðs). Prjónið áfram eftir munstri en nú hefjast úrtökur í hvorri hlið þannig: Prjónið 6 lykkjur slétt (kantur), 2 snúið slétt saman (eða takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 lykkju slétt og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir), prjónið samkvæmt munstri þar til 8 lykkjur eru eftir af umferðinni, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 6 lykkjur slétt (kantur). Takið úr þannig í 4. hverri umferð 3 (3) 3 sinnum og síðan í 2. hverri umferð 12 (12) 12 sinnum = 69 (81) 93 lykkjur á prjóninum. Prjónið nú *1 lykkja slétt, 2 lykkjur slétt saman* endurtakið frá *-* út umferðina . Prjónið síðan stroff *1 slétt, 1 brugðin* um 8-10 sm. Fellið af allar lykkjur. Skiljið eftir langan þráð til að sauma saman teppið að aftan um 25 sm upp.

Sporður

Sporðurinn er prjónaður fram og til baka og mótaður með stytum umferðum. Þegar snúið er við á miðju stykki er fyrsta lykkja tekin óprjónuð af vinstri prjóni yfir á þann hægri, herðið lykkjuna svo ekki myndist gat í hverjum viðsnúningi.

Fitjið upp 45 (50) 60 lykkjur og prjónið 2 umferðir slétt = 1 garður. Prjónið *23 (26) 31 lykkjur slétt, setjið prjónamerki, snúið við og prjónið brugðið til baka. Prjónið 35 (40) 46 lykkjur slétt, setjið prjónamerki, snúið við og prjónið slétt til baka. Prjónið 2 umferðir slétt yfir allar lykkjurnar 45 (50) 60* Endurtakið frá *-* 1 (1) 1 sinni enn. Nú hefjast úrtökur þannig: prjónið 2 lykkjur slétt saman í 4. hverri umferð, ásamt því að halda áfram að prjóna eins og áður frá *-* styttrar umferðir, prjónamerki sýna hvar snúa á við þar sem lykkjum að fyrsta prjónamerki fækkar smátt og smátt. Haldið áfram þar til 26 (33) 38 lykkjur eru eftir á prjóninum prjónið þá án úrtöku 2 garða (4 umferðir slétt) yfir

Vantar þig íslenskan lopa?

Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn

Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !



Sendum um allt land!

GEFJUN.IS



allar lykkjurnar. Nú byrjar útaukning og mótun seinni helmings sporðsins, sem er í raun speglun á fyrri helmingi hans. Aukið er út með því að prjóna framan og aftan í fyrstu lykkju umferðar, endurtakið útaukningu í 4. hverri umferð þar til 45 (50) 60 lykkjur eru á prjóninum ásamt því að prjóna stytтар umferðir eins og áður. Fellið af allar lykkjur.

Frágangur: Saumið saman teppið að aftan frá stroffi og upp að umferð þar sem úrtaka byrjar á teppinu. Saumið sporðinn neðan á stroffið neðst á teppi og lokið um leið enda teppisins. Gangið frá endum, þvoið teppið og leggið til þerris.

Prjónakveðja,

Mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garn.is.

Létt

7				2	1			8
		6			9	3		
1	9	2				6	4	7
		9			5			2
	7		4		6		1	
8			3			7		
9	4	7				1	8	5
		5	8			4		
6			9	5				3

Þung

3			7					4
						8	6	
		9	2					1
	3	7			9			5
			3		1			
5			6			3	9	
9					8	6		
	7	8						
1					7			8

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

Miðlungs

				9		3		7
		2						4
	1		5					
		9	1				5	
2		1		4		8		9
	6				8	7		
					3		8	
7						6		
9		4		2				

Þyngst

				6		1	8	5
						4		
5					2			
9			5					
		1		4		6		
					3			7
			9					3
		7						
3	4	8		1				

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Langar að flytja lögheimilið mitt í tjaldvagninn

Hestar eru uppáhaldsdýrin hans Ernis Daða. Þegar kemur að hljómsveitum er það Amabadama.

Nafn: Ernir Daði Arnberg Sigurðsson.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Tvíburir.

Búseta: Borgarbyggð.

Skóli: Grunnskóli Borgarfjarðar Hvanneyrardeild.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Þegar Solla kennari les „Varið ykkur á Valahelli“.

